PRINSESSAN Á MARS

EDGAR RICE BURROUGHS

PRINSESSAN Á MARS

MAJA BALDVINS
þýddi úr ensku

Bæjar- og héraðsbókasafnið
2006
Selfossi

BÓKAÚTGÁFA PÁLMA H. JÓNSSONAR
AKUREYRI

Akureyri — Prentverk Odds Björnssonar — 1946

EFNISYFIRLIT

	Formáli	7— 11
I.	Uppi í hæðum í Arizona	13— 21
II.	Flóttinn frá dauðanum	21— 26
III.	Ævintýrið á Mars	26— 34
IV.	Ég er fangi	35— 42
V.	Ég leik á varðhundinn	42— 45
VI.	Ég eignast vini	46— 50
VII.	Barnauppeldi á Mars	51— 56
VIII.	Flugbátarnir	56— 62
IX.	Ég læri tungu Marsbúanna	62— 66
X.	Kappinn og höfðinginn	67— 77
XI.	Dejah Thoris	77— 85
XII.	Valdamikill fangi	85— 90
XIII.	Ástarævintýri á Mars	90— 97
XIV.	Einvígið	97—108
XV.	Sóla segir mér ævisögu sína	109—119
XVI.	Við ákveðum að flýja	119—129
XVII.	Frammi fyrir Tal Hajus	130—139
XVIII.	Fjötraður í Warhoon	139—144
XIX.	Bardaginn á vígsviðinu	144—150
XX.	Andrúmsloftsstöðin	150—159
XXI.	Flugmaður í Zodanga	160—168
XXII.	Ég finn Dejah Thoris	169—180
XXIII.	Ég villist	180—187
XXIV.	Tars Tarkas eignast vin	187—195
XXV.	Zodanga fellur	195—201
XXVI.	Gleðidagar	201—206
XXVII.	Hamingja og dauði	207—213
XXVIII.	Í hellinum í Arizona	213—215

FORMÁLI

Til lesenda þessarar bókar.

Um leið og hið furðulega handrit Carters höfuðsmanns kemur fyrir sjónir í bókarformi, held ég að mörgum mundi þykja fróðlegt að fá eitthvað að heyra um þenna merkilega mann.

Fyrstu endurminningar mínar um Carter höfuðsmann eru tengdar við heimsókn hans, er hann dvaldi um nokkurra mánaða skeið á heimili föður míns í Virginia, skömmu fyrir Frelsisstríðið. Ég var þá aðeins fimm ára hnokki, en samt man ég glöggt eftir hinum hávaxna, dökkhærða, sléttleita og kraftalega manni ,sem ég kallaði John frænda.

Hann virtist vera ákaflega hláturmildur, og oft lék hann sér tímunum saman með okkur krökkunum, eða hann sat inni hjá ömmu minni, sem var orðin gömul, og skemmti henni með frásögnum um allt það merkilega, sem fyrir hann hafði borið á ferðalögum hans í fjarlægum löndum. Okkur þótti öllum vænt um hann, og ekki sízt þjónustufólkinu á heimilinu.

Hann var mjög álitlegur maður, hár og herðabreiður, og limaburður hans bar ljósan vott um

það, að hann var æfður hermaður. Andlitsdrættir hans voru hreinir og reglulegir, hárið svart, stuttklippt, augun grá og báru vott um festu og einlægni, fjör og framtakssemi. Að framkomu hans var ekkert hægt að finna, og kurteisari manni hefði mátt leita að í Suðurríkjunum.

Hann var framúrskarandi reiðmaður, jafnvel í sveitinni okkar, þar sem góðir hestamenn eru á hverju strái að heita má. Ég heyrði föður minn oft biðja John frænda að fara ekki svona óvarlega á hestbaki, en hann hló aðeins að því og sagði, að sér væri óhætt á hvaða ótemju sem væri.

Þegar stríðið brauzt út, fór hann frá okkur, og ég sá hann ekki aftur, fyrr en eftir fimmtán eða sextán ár. Þegar hann kom næst, alveg fyrirvaralaust, furðaði ég mig mikið á því, að hann virtist ekki hafa elzt minnstu vitund, eða útlit hans tekið neinum breytingum. Þegar hann var innan um annað fólk, virtist hann vera sami káti og skemmtilegi maðurinn og áður fyrr, en þegar hann hélt, að hann væri einn, sá ég hann stundum sitja klukkutímunum saman og stara út í geiminn, og út úr svip hans skein djúp þrá og vonlaus örvænting. Á kvöldin sat hann þannig og horfði til himins, en á hvað hann var að horfa, vissi ég ekki ,fyrr en ég las handritið hans mörgum árum seinna.

Hann sagði okkur, að hann hefði verið gullleitarmaður í Arizona nokkuð af þeim tíma, er liðinn var, síðan stríðinu lauk. Það var bersýnilegt, að lánið hafði leikið við hann, því að hann hafði alltaf

ótakmarkað fé, hversu miklu sem hann eyddi. Annars var hann frekar fámáll um það, sem á daga hans hafði drifið þessi ár, og satt að segja, vildi hann helzt ekkert á það minnast.

Í þetta sinn dvaldi hann hjá okkur hátt upp í ár. Síðan fór hann til New York. Þar keypti hann lítið hús við Hudsonána og þar heimsótti ég hann einu sinni á ári, um leið og ég fór á kaupstefnu í New York, en þangað átti ég erindi vegna hinna mörgu verzlana, er við faðir minn rákum á víð og dreif í Virginia. Carter höfuðsmaður átti lítið en fallegt hús, sem stóð uppi á hæð, þar sem sá út á ána. Í næstsíðasta sinn, sem ég heimsótti hann, veturinn 1885, veitti ég því eftirtekt, að hann sat mikið við skriftir, og býst ég við, að hann hafi einmitt þá verið að skrifa þetta handrit.

Hann sagði mér þá, að ef eitthvað kæmi fyrir hann, óskaði hann þess, að ég sæi um dánarbúið, fékk mér lykil að hólfi í peningaskápnum, sem stóð í skrifstofunni hans, og sagði mér, að þar mundi ég finna erfðaskrá hans ásamt fyrirmælum, sem hann lét mig heita sér, að fylgja út í yztu æsar.

Þegar ég var kominn inn í svefnherbergið mitt um kvöldið, varð mér litið út um gluggann, og sá ég þá, hvar Carter stóð úti í tunglsljósinu og rétti hendur til himins, eins og hann væri að biðja. Ég hélt þá, að hann væri að biðjast fyrir, enda þótt mér hefði aldrei skilizt, að hann væri mikill trúmaður.

Nokkrum mánuðum eftir að ég var kominn heim úr síðustu heimsókn minni til hans, fékk ég sím-

skeyti frá honum, þann fyrsta marz, 1886, að mig minnir, og bað hann mig að koma að finna sig tafarlaust. Þar sem hann alltaf hafði haldið mest upp á mig af okkur systkinunum, flýtti ég mér að verða við beiðni hans.

Ég var kominn á litlu járnbrautarstöðina, sem var hér um bil mílu vegar frá húsinu hans, að morgni dags þann fjórða marz 1886, og þegar ég bað ökumann nokkurn að flytja mig heim til Carters höfuðsmanns, svaraði hann mér á þá leið, að ef ég væri vinur höfuðsmannsins, hefði hann slæmar fréttir að segja mér. Carter hafði fundizt dauður snemma þenna sama morgun.

Þegar ég kom á ákvörðunarstaðinn, hitti ég manninn, sem hafði fundið hann ásamt lögreglustjóranum og nokkrum nágrönnum, er höfðu safnazt saman inni í litlu skrifstofunni hans. Maðurinn, sem hafði fundið Carter sagði, að hann hefði legið endilangur á grúfu og hendur hans réttar fram, og þegar hann sýndi mér staðinn, þar sem hann hafði legið, sá ég strax, að það var einmitt á sama stað, sem ég hafði séð hann standa einu sinni með uppréttar hendur.

Á líkama hans fundust engin merki þess, að honum hefði verið misþyrmt, og læknirinn, sem skoðaði hann, kvað fljótt upp þann úrskurð, að hjartað hefði bilað. Þegar ég var orðinn einn eftir í skrifstofunni, opnaði ég hólfið, sem hann hafði sagt mér, að hefði erfðaskrá hans og fyrirmæli að geyma. Þessi fyrirmæli voru vissulega mjög einkennileg, en ég hefi

framkvæmt þau út í yztu æsar eins dyggilega og mér var unnt.

Hann skipaði svo fyrir, að ég flytti líkama hans til Virginia og að hann yrði lagður í opna kistu í grafhvelfingu, sem hann hafði látið gera áður, og í grafhvelfingunni var góð loftræsting, en því komst ég að seinna. Hann hafði lagt mikla áherzlu á það, að ég færi algerlega eftir fyrirmælum hans.

Hann hafði gengið þannig frá eignum sínum, að ég átti að fá allar tekjur af þeim í næstu tuttugu og fimm ár, en þá átti ég að fá öll yfirráð yfir þeim sjálfur. Hann mælti svo fyrir, að ég mætti ekki brjóta innsiglið á handritinu eða lesa það, fyrr en eftir ellefu ár, og hann bannaði mér að birta það fyrr en tuttugu og fimm árum eftir dauða hans.

Einkennilegast af þessu öllu, fannst mér samt það, að hinni rammbyggilegu hurð grafhvelfingarinnar var læst með fjöðurlæsingu, sem *aðeins var hægt að opna að innanverðu.*

Edgar Rice Burroughs.

I. KAFLI

Uppi í hæðum í Arizona

Ég er fjörgamall maður, hversu gamall veit ég ég ekki. Ef til vill er ég hundrað ára, ef til vill eldri, en ég get ekkert um það sagt, því að ég hefi ekki elzt eins og aðrir menn, og ég man ekki neitt frá barnæsku minni. Ég man ekki eftir mér öðruvísi en sem manni um þrítugt. Að útliti er ég núna nákvæmlega eins og ég var fyrir meira en fjörutíu árum síðan, en samt finn ég það glöggt, að ég get ekki haldið áfram að lifa að eilífu. Einhvern tíma mun ég deyja hinum raunverulega dauða. Ég veit ekki, hvers vegna ég ætti að óttast dauðann, ég sem hefi dáið tvisvar sinnum og er samt ennþá á lífi. Samt hræðist ég hann á sama hátt og þú, sem aldrei hefir dáið, og það er líklega vegna þessarar hræðslu minnar við dauðann, að ég þykist vera svo viss um, að ég eigi eftir að deyja eðlilegum dauða.

Vegna þessarar sannfæringar minnar, hefi ég ákveðið að færa í letur söguna um merkilegustu tímabil ævi minnar og einnig um dauða minn. Ég get ekki gefið neina skýringu á þessu fyrirbrigði. Ég get aðeins lýst því furðulega, sem fyrir mig bar

þau tíu ár, sem lífvana líkami minn lá í helli uppi í hæðunum í Arizona.

Ég hefi aldrei sagt neinum þessa sögu, og enginn dauðlegur maður mun fá að sjá þetta handrit, fyrr en ég er horfinn úr lifenda tölu. Ég veit, að hver meðalgreindur maður mun ekki trúa því, sem hann getur ekki skilið, en ég segi ekki annað en sannleikann, eins og vísindin munu seinna leiða í ljós. Ef til vill mun sú reynsla, sem ég fékk á Mars, og þekking mín, sem ég nú miðla öðrum af, verða til þess, að fyrr verði kannaðir leyndardómar reikistjörnunnar en ella mundi verið hafa.

Ég heiti John Carter. Venjulega er ég nefndur John Carter, höfuðsmaður frá Virginia. Í lok Frelsisstríðsins átti ég mörg hundruð þúsund dollara, sem reyndar voru einskis virði, og að nafnbót var ég höfuðsmaður í riddaraliði hers, sem ekki var lengur til. Ég var þjónn ríkis, sem hafði hafði verið þurrkað út um leið og vonir Suðurríkjanna brugðust. Ég var atvinnulaus og blásnauður, svo að ég tók það ráð að halda eitthvað vestur á bóginn og freista gæfunnar. Ég ætlaði að leita að gulli.

Næstum því heilt ár var ég í félagi með kunningja mínum úr hernum, James K. Powell, höfuðsmanni frá Richmond. Við vorum alveg framúrskarandi heppnir, því að á útmánuðum árið 1865, fundum við eftir mikla erfiðleika og skort, kvartsæð, sem var svo gullauðug, að okkur hafði aldrei dreymt um aðra eins lánsemi. Powell var námuverkfræðingur að menntun og hann hélt því fram, að á þremur

mánuðum værum við búnir að finna gull, sem jafngilti rúmri miljón dollara.

Þar sem útbúnaði okkar var í mörgu ábótavant, kom okkur saman um, að annar okkar færi til byggða til að kaupa verkfæri og kæmi aftur með nægan mannafla til að vinna í gullnámunni.

Þar sem Powell var kunnugur á þessum slóðum og vissi þar að auki upp á hár, hvaða verkfæri og vélar væru hentugastar, urðum við sammála um það, að bezt væri, að hann færi þessa för. Ég átti svo að verða eftir og sjá um, að enginn tæki af okkur réttinn til námuvinnslunnar.

Hinn þriðja marz, 1866, bundum við Powell farangur hans í klyfjar og settum þær upp á tvö múldýr. Powell kvaddi mig, sté síðan á bak hesti sínum og hélt af stað niður fjallshlíðina. Hann ætlaði að komast yfir dalinn í fyrsta áfanganum.

Morguninn, sem Powell lagði af stað, var himinninn heiður og blár og hið ákjósanlegasta ferðaveður. Ég horfði á eftir honum alla leið niður fjallshlíðina, og fram eftir deginum sá ég að mestu leyti til hans á leiðinni yfir dalinn. Powell hvarf mér alveg sjónum klukkan þrjú um daginn inn í skugga fjallsins hinum megin við dalinn.

Hálfri stundu seinna varð mér litið yfir dalinn, og sá ég þá mér til mikillar undrunar þrjá litla díla næstum því alveg á sama stað og ég hafði séð vin minn síðast. Ég er ekki vanur að gera mér neinar áhyggjur að óþörfu, en þó að ég reyndi að telja mér trú um, að ekkert væri að Powell, og að þessir dílar,

sem ég hafði séð á leið hans væru sennilega villihestar eða antílópur, veittist mér samt erfitt að sannfæra sjálfan mig.

Síðan við komum á þessar slóðir, höfðum við ekki séð neina Indíána og við höfðum ekki sýnt neina varkárni. Við vorum vanir að henda gaman að sögunum, sem við höfðum heyrt um þessa illræmdu villimenn ,er sagt var að ráfuðu um þarna í grenndinni og píndu og dræpu alla hvíta menn, er voru svo óhamingjusamir að lenda í klónum á þeim.

Mér var kunnugt um, að Powell var vel vopnum búinn og var þar að auki alvanur að berjast við Indíána. En ég hafði einnig ferðast og barizt svo árum skipti við Sioux-Indíánana lengra norður frá, og mér var það ljóst, að Powell væri í mikilli hættu, ef hinir lævísu Apachar væru á hælunum á honum. Að lokum gat ég ekki þolað þessa óvissu lengur, svo að ég tók báðar skammbyssurnar mínar og eina stærri byssu, sótti hestinn minn og hélt síðan af stað sömu leið og Powell hafði farið um morguninn.

Um leið og ég var kominn niður á jafnsléttu, hleypti ég hestinum á stökk, og þannig hélt ég áfram þar sem því varð við komið. Í rökkurbyrjun kom ég auga á hófaför, er lágu yfir slóð Powells. Þessi hófaför voru eftir þrjá ójárnaða hesta, er allir höfðu farið á harðastökki.

Ég herti nú reiðina, en von bráðar skall myrkrið á, og neyddist ég þá til að nema staðar og bíða, þangað til tunglið kæmi upp, og einnig gafst mér

tími til að hugsa um það, hvort nokkurt vit væri í þessu að elta Powell. Líklega var þessi ótti minn ekki annað en hugarburður, og þegar ég loksins næði Powell, mundi hann aðeins hlæja að mér.

Um klukkan níu, bar nægilega birtu af tunglinu, til að ég gæti haldið áfram leiðar minnar og mér gekk greiðlega að rekja slóðina þangað til á miðnætti, en þá kom ég að lindinni, þar sem Powell hafði ætlað að láta fyrir berast um nóttina. En ég sá þess engin merki, að hann hefði einu sinni farið af baki þarna við lindina.

Ég var nú alveg hárviss um, að það væru Apachar, sem væru að elta hann, og að þeir mundu reyna að ná Powell lifandi á sitt vald til að geta skemmt sér við að pína hann, svo að ég knúði hestinn minn áfram eins hart og hann komst og vonaði ég, að mér tækist að ná þessum rauðu þrjótum, áður en þeir réðust á Powell.

Mér brugðust samt vonir mínar, því að skömmu seinna heyrði ég daufa skothvelli langt framundan. Ég vissi, að nú eða aldrei mundi Powell þarfnast hjálpar minnar, og ég herti reiðina, þótt ógreiðfært væri upp fjallshlíðina.

Þegar ég var kominn svo sem mílu vegar frá lindinni, lá slóðin upp að skarði í fjallsbrúninni. Ekki hafði ég heyrt nein fleiri skot. Ég reið í gegnum skarðið, og blasti þá við mér lítil háslétta.

Hásléttan var alsett hvítum Indíánatjöldum, og í miðjum tjaldbúðunum voru á að gizka fimm hundruð Indíánar í hnapp í kringum eitthvað, sem ég sá

ekki hvað var. Indíánarnir voru svo niðursokknir í það, sem þeir voru að gera, að þeir urðu mín ekki varir, og það hefði verið hægur vandi fyrir mig að snúa við og komast undan.

Andartaki eftir að ég var búinn að átta mig á þessari sjón, þreif ég báðar skammbyssurnar mínar, hleypti beint á hópinn um leið og ég skaut án afláts og hrópaði og kallaði eins hátt og ég gat. Þar sem ég var einn míns liðs, hefði mér ekki getað hugkvæmst betra herbragð. Indíánarnir hafa eflaust haldið, að heil herdeild væri að ráðast á þá, því að þeir tóku til fótanna og flýðu í allar áttir til að ná í byssur sínar, boga og örvar.

Það, sem nú bar fyrir augu mín, fyllti hug minn hryllingi og ofsalegri reiði.. Powell lá hreyfingarlaus á jörðinni, og í björtu tunglsljósinu sá ég óteljandi örvar, er stóðu fastar í líkama hans. Ég mátti ganga að því vísu, að hann væri þegar dauður, en samt gat ég ekki fengið það af mér að skilja líkama hans eftir í höndum Apachanna.

Ég reið fast að honum, beygði mig niður, greip í belti hans og dró hann upp á herðakambinn á hestinum mínum. Ég leit um öxl og leizt mér óvænlega á að snúa til baka sömu leið, svo að ég afréð að reyna að halda áfram yfir hásléttuna og komast að skarði, sem ég sá hinum megin við hana.

Indíánarnir voru nú búnir að uppgötva, að ég var einn og eltu þeir mig nú með formælingum, örvadrífu og kúlnahríð. Þar sem ofdirfska mín hafði komið alveg flatt upp á þá, voru þeir ekki

nógu fljótir til að veita mér eftirför, og mér tókst að komast yfir fjallshrygginn án þess að þeim tækist að hitta mig.

Ég lét hestinn alveg ráða ferðinni, því að ég bjóst við, að honum mundi ganga það betur en mér að finna greiðfærustu leiðina yfir að skarðinu. Það er líklega einmitt þessu að þakka, að ég komst lífs af og lifði hinu furðulegasta ævintýralífi næstu tíu árin, því að hesturinn breytti um stefnu og fór með mig upp eftir mjóum stíg, sem lá upp í klettana.

Ég varð þess ekki var, að ég væri kominn af réttri leið, fyrr en ég heyrði, að öskrin í villimönnunum, sem eltu mig, urðu allt í einu daufari langt til vinstri.

Þá vissi ég, að þeir mundu hafa farið hamrabeltið, sem hesturinn minn hafði farið upp. Ég stöðvaði hestinn og leit um öxl og til vinstri og sá þá síðustu Indíánana vera að hverfa inn í skarðið.

Mér var það ljóst, að Indíánarnir mundu fljótlega verða þess varir, að þeir væru á rangri leið, og að þeir mundu von bráðar snúa við til að leita að slóð minni, svo að ég sá að bezt mundi vera fyrir mig að halda áfram. Götuslóðinn breikkaði nú og lá stöðugt upp á við. Þegar ég hafði riðið dálítinn spöl, kom ég allt í einu að munnanum á stórum helli. Þar endaði götuslóðinn við hellismunnann, sem var hér um bil fjögur fet á hæð og þrjú til fjögur fet á breidd.

Nú var kominn morgunn og orðið albjart.

Ég sté af baki, lagði Powell á jörðina og skoðaði

hann gaumgæflega, en ég fann ekki neitt lífsmark með honum. Ég tók vatnsflöskuna mína, hellti vatni á andlit hans, nuddaði hendur hans og reyndi ýmsar lífgunartilraunir í heila klukkustund, en allt kom fyrir ekki.

Mér þótti mjög vænt um Powell. Hann var mesta karlmenni, heiðursmaður í alla staði og hann hafði reynzt mér tryggur og góður vinur. Þess vegna var mér þungt innan brjósts, þegar ég sá, að það var þýðingarlaust að halda áfram lífgunartilraununum.

Ég skildi líkama Powells eftir úti á klettasyllunni, en fór sjálfur inn í hellinn til að kanna hann. Hellirinn var á að gizka hundrað fet í þvermál og þrjátíu til fjörutíu fet undir loft. Hellisgólfið var slétt og troðið, og þóttist ég mega ráða af því og öðru, sem ég sá, að þarna hefði einhvern tíma verið mannabústaður. Innst í hellinum var svo djúpur skuggi, að ég gat ekki greint, hvort þar væru nokkrir afhellar.

Á meðan ég var að skoða hellinn, fór mig allt í einu að syfja, og taldi ég víst, að það væri af þreytu eftir þessa löngu reið, bardagann og eltingaleikinn. Ég var samt nokkurn veginn öruggur þarna í hellinum, því að ég vissi, að einn maður mundi geta varið leiðina upp að hellismunnanum gegn heilum her.

Ég var nú orðinn svo máttlaus og syfjaður að ég átti bágt með að láta ekki undan þeirri löngun minni að leggjast út af á hellisgólfinu og hvíla mig stundarkorn, en mér var það ljóst, að það væri óðs

manns æði, því að þá væri mér dauðinn vís. Indíánarnir gátu komið á hvaða stundu sem var. Með erfiðismunum lagði ég af stað út að hellismunnanum, en það var eins og ég gæti ekki staðið á fótunum. Ég slangraði upp að veggnum, hné síðan niður og lá endilangur á gólfinu.

II. KAFLI

Flóttinn frá dauðanum

Mér leið ágætlega og ég lá í eins konar móki. Ég var alveg að því kominn að láta undan löngun minni og sofna alveg, þegar hófadynur barst að eyrum mér. Ég reyndi að stökkva á fætur, en varð óttasleginn, þegar ég fann að ég gat hvorki hreyft legg né lið. Samt var ég glaðvakandi. Það var eins og ég væri orðinn að steini. Það var þá fyrst, sem ég varð var við gufuslæðing, er lagði innan úr hellinum, og ég sá hann greinilega, þegar hann bar við hellismunnann, þar sem dagsbirtan skein inn. Einnig barst að vitum mínum dauf en beisk lykt og ég komst ekki að annarri niðurstöðu en þeirri, að um eiturgas væri að ræða, en hvers vegna ég hélt dómgreind minni óskertri en gat samt ekki hreyft mig, var mér hulin ráðgáta.

Ég lá þannig, að andlit mitt sneri fram að hellis-

munnanum og ég gat séð örlítinn spotta af veginum eftir klettasyllunni, þangað til hann hvarf fyrir klettasnös. Hófadyninn heyrði ég ekki lengur, svo að ég þóttist vita, að Indíánarnir væru nú komnir af baki og væru einhvers staðar á næstu grösum. Ég minnist þess, að ég var að óska, að þeir píndu mig ekki lengi, því að mér hraus hugur við, ef þeim dytti í hug að reyna margar af píningaraðferðum sínum á mér.

Það leið heldur ekki á löngu, áður en ég heyrði einhvern vera að læðast úti fyrir, og í sama bili sá ég andlit, er gægðist varfærnislega fyrir klettasnösina. Indíáninn horfði illmannlega á mig. Það var enginn vafi á því, að hann sá mig greinilega, því að morgunsólin skein beint inn á mig, þar sem ég lá.

Í stað þess að koma nær, stóð maðurinn grafkyrr og starði á mig með opinn munninn. Svo kom annað villimannsandlit í ljós, og það þriðja, fjórða og fimmta. Út úr öllum þessum andlitum skein ótti og skelfing, en ástæðuna fyrir því fékk ég ekki að vita fyrr en tíu árum seinna. Bersýnilega voru fleiri Indíánar þarna en þeir sem ég sá, því að þeir sem fremstir stóðu litu um öxl og hvísluðu einhverju að hinum, sem ég ekki sá.

Allt í einu heyrðist lág en greinileg stuna innan úr hellinum á bak við mig, og um leið og Indíánarnir heyrðu hana, flúðu þeir, óttaslegnir. Svo mikið var æðið á þeim að komast undan, að einn villimaðurinn steyptist beint á höfuðið fram af klettabrúninni niður í urðina langt fyrir neðan. Nokkra

stund endurómuðu öskur þeirra í klettunum, síðan varð allt hljótt.

Þetta hljóð, sem hafði hrætt þá svona, heyrðist ekki aftur, en það hafði verið nægilegt til að skjóta mér skelk í bringu, og ég þóttist viss um, að eitthvað hræðilegt væri þarna inni í skugganum á bak við mig.

Nokkrum sinnum heyrðist mér eins og einhver væri að hreyfa sig varlega á bak við mig, en svo hætti það og ég fékk nú næði til að hugsa um vandræði mín. Ég vissi ekki neitt fyrir víst, af hverju þetta máttleysi mitt stafaði, og ég vonaði, að það mundi hverfa aftur jafn snögglega og það hafði komið yfir mig.

Hesturinn minn hafði staðið í sömu sporunum, frá því að ég sté af baki, en þegar fór að líða á daginn tók hann að ókyrrast, og svo lötraði hann af stað í hægðum sínum niður eftir götuslóðanum, og hefir hann eflaust verið orðinn bæði svangur og þyrstur. Ég var einn eftir hjá líkama vinar míns framliðins. Ég hafði hann stöðugt fyrir augum mér, þar sem hann lá frammi á klettasyllunni, en þar hafði ég lagt hann niður snemma um morguninn.

Fram að miðnætti var allt hljótt. Þá heyrði ég allt í einu aftur þessa hræðilegu stunu, eitthvað hreyfðist lengst inni í hellinum, og ég heyrði skrjáfa í einhverju, einna líkast því, að það væru sölnuð laufblöð. Mér varð ákaflega mikið um þetta, og ég reyndi nú af fremsta megni að brjóta af mér þessa magnleysisfjötra, sem höfðu heltekið mig, svo að

ég gat hvorki hreyft legg né lið. Þá var eins og eitthvað léti undan, ég fann allra snöggvast til ógleði, heyrði háan smell, eins og strengur hefði brostið, og svo vissi ég ekki af mér, fyrr en ég stóð uppréttur og sneri baki að hellisveggnum.

Í sama bili streymdi tunglsljósið inn í hellinn og brá mér þá heldur en ekki í brún við það, sem ég sá. Á gólfinu fyrir framan fætur mínar lá ég sjálfur eins og ég hafði legið allan þenna tíma frá því um morguninn. Augun voru galopin og störðu út að hellismunnanum. Fyrst horfði ég á þenna lífvana líkama minn á gólfinu í öllum fötunum, en leit svo á sjálfan mig. Mér til mikillar undrunar var ég allsnakinn.

Fyrst af öllu datt mér í hug: Er þetta þá dauðinn? Er ég nú að eilífu kominn yfir landamæri lífs og dauða? En samt sem áður átti ég bágt með að trúa þessu, því að ég fann hjartað berjast ákaft í brjósti mér eftir áreynsluna við að losa mig undan þessu fargi, sem á mér hafði hvílt. Ég dró andann ótt og títt og svitinn bogaði af mér. Mér datt það snjallræði í hug að klípa mig í handlegginn, og komst ég þá að raun um, að ég var ekki nein afturganga.

Allt í einu heyrði ég aftur sömu óheillavænlegu stununa og ég hafði heyrt um morguninn innan úr hellinum. Þar sem ég var allsnakinn og óvopnaður, hafði ég enga löngun til að ráðast á móti því, sem leyndist inni í skugganum í hellinum.

Skammbyssurnar mínar voru spenntar við beltið

á hinum lífvana líkama mínum, sem ég ekk gat fengið mig til að snerta af einhverjum óskiljanlegum ástæðum. Það virtist því ekki vera um annað að ræða fyrir mig en að flýja, enda ýtti það undir mig, að ég heyrði aftur sama skrjáfandi hljóðið, og mér fannst einhver vera að læðast að mér.

Ég gat ekki lengur þolað að vera kyrr á þessum hræðilega stað, svo að ég stökk út úr hellinum. Himinninn var alstirndur. Hreint og tært fjallaloftið hressti mig ótrúlega fljótt, og ég fann nýtt fjör færast um mig allan. Ég stóð frammi á klettasyllunni og álasaði sjálfum mér fyrir hugleysið. Ég hugsaði sem svo, að ég hefði legið þarna hjálparvana svo klukkustundum skipti, og samt hefði enginn gert mér neitt mein, og þóttist ég nú viss um, að hægt væri að skýra þetta hljóð, sem ég hafði heyrt, á eðlilegan hátt. Ef til vill var það ekki annað en vindblær, sem hafði orsakað þessi undarlegu hljóð.

Ég ákvað að ganga úr skugga um þetta, en fyrst rétti ég úr mér og dró djúpt að mér andann. Fyrir neðan mig blasti við klettabeltið og tungllýst sléttan í allri sinni fegurð. Í tunglsljósinu settu kaktusarnir, er uxu á strjálingi á sléttunni, einkennilegan svip á landslagið, og fáa staði hefi ég séð, er búa yfir jafn töfrandi fegurð.

Á meðan ég stóð þarna, varð mér litið upp þar sem aragrúi af stjörnum tindruðu á himninum. Athygli mín beindist strax að stórri, rauðri stjörnu, er var lágt á himninum úti við sjóndeildarhringinn. Á meðan ég horfði á hana, fann ég, að töframáttur

hennar gagntók mig. Þetta var Mars, herguðinn, og mér, hermanninum, hafði ávallt þótt mikið til hans koma. Stjarnan virtist kalla á mig gegnum geiminn, laða mig að sér, draga mig til sín, eins og segulsteinninn dregur að sér járnflísar.

Þrá mín varð ómótstæðileg. Ég lokaði augunum, rétti út hendurnar í áttina til stjörnunnar og fann hvernig ég flaug eins og elding út í vegleysu himingeimsins. Allra snöggvast fann ég geysilegan kulda, og allt varð dimmt í kringum mig.

III. KAFLI

Ævintýrið á Mars

Ég opnaði augun og litaðist um. Landslagið var afar einkennilegt. Ég vissi undir eins, að ég var staddur á Mars. Ég efaðist ekki um, að ég væri með réttu ráði eða að ég væri vakandi. Undirmeðvitund mín sagði mér það eins greinilega, að ég væri á Mars og þú veizt það með sjálfum þér, að þú ert á jörðinni.

Þegar ég kom til sjálfs míns lá ég endilangur á gulleitum mosabólstri, en þessi mosagróður náði eins langt og augað eygði í allar áttir. Ég lá niðri í gríðarlega stórri hvilft, og við sjóndeildarhringinn gat ég greint lágar hæðir.

Það var komið fram á miðjan dag. Sólin skein

beint niður á mig af heiðum himni, og geislar hennar voru óþægilega heitir á berum líkama mínum. Á að gizka hundrað metra á vinstri hönd mína sá ég afgirt svæði. Í kringum það var hér um bil fjögurra feta hár veggur. Ekki sá ég neitt vatn og engan annan gróður en mosann, og þar sem ég var orðinn þyrstur, ákvað ég að reyna að finna vatn einhvers staðar.

Um leið og ég stökk á fætur, varð ég í fyrsta en ekki í síðasta sinni undrandi þarna á Mars, því að áreynsla ,sem á jörðinni hefði komið mér á fæturna, þeytti mér nálægt því þrjá metra í loft upp. Ég kom samt sem áður léttilega niður og meiddi mig ekki vitund. Hreyfingar mínar voru ákaflega skringilegar. Ég komst fljótt að raun um, að ég varð að læra að ganga á nýjan leik.

Í stað þess að ganga virðulega á venjulegan hátt, var göngulag mitt ekki annað en alls konar stökk. Við hvert skref hentist ég tvö fet upp í loftið og kom marflatur niður við annað eða þriðja hvert stökk. Vöðvar mínir, sem voru vanir þyngdarlögmáli Jarðarinnar, gerðu mér þenna grikk, þegar ég í fyrsta sinn reyndi að ganga á Mars, þar sem þyngdaraflið er minna og loftþrýstingurinn lægri.

Ég var samt sem áður ákveðinn í því að komast að því, hvað væri innan þessarar girðingar, sem var eina mannvirkið, sem ég sá, og þar sem mér gekk svona illa að standa á fótunum, datt mér það heillaráð í hug að skríða þangað á fjórum fótum. Það

tókst ágætlega, og eftir stutta stund var ég kominn að veggnum.

Á þeirri hliðinni, sem að mér sneri, voru hvorki dyr né gluggar, en þar sem veggurinn var ekki nema fjögurra feta hár, reis ég með gætni á fætur og gægðist yfir hann. Sá ég þá svo furðulega sjón, að ég stóð alveg steinhissa og glápti á það, sem fyrir augu mín bar.

Yfir þessu afgirta svæði var glerþak, á að gizka fjórir til fimm þumlungar á þykkt, og undir því voru mörg hundruð egg, alveg hnöttótt og snjóhvít. Eggin voru næstum því alveg jöfn að stærð, eitthvað um tvö og hálft fet að þvermáli.

Fimm eða sex af eggjunum voru þegar útunguð, og afkáralegu skrípin, sem sátu þarna og depluðu augunum í sólskininu, fengu mig til að efast um, að ég væri með réttu ráði. Höfuð þeirra voru afarstór í samanburði við skrokkinn, hálsinn langur, og þau höfðu sex fætur, eða réttara sagt, eftir því sem ég komst að seinna, tvo fætur, tvo handleggi og svo tvo útlimi þar á milli, sem nota mátti hvort heldur sem var, sem fætur eða handleggi. Augun lágu utan á höfðinu rétt fyrir ofan miðju og voru svo útstandandi, að hægt var að beina þeim aftur eða fram eftir vild, og einnig gátu þessar skringilegu skepnur horft fram með öðru auganu en aftur fyrir sig með hinu.

Eyrun voru eilítið ofar en augun og nær hvort öðru en þau, lítil, skálmynduð og náðu ekki nema svo sem þumlung út frá höfðinu. Nefin á þeim

voru ekki annað en rifur í miðju andlitinu, mitt á milli munnsins og augnanna.

Líkamar þeirra voru hárlausir, og húðin var gulgræn að lit. Seinna komst ég að því, að eftir því sem þeir eldast, dökknar þessi litur og verður slýgrænn, og eru karlmennirnir dekkri en kvenfólkið. Einnig verður stærð höfuðsins á þeim meira í samræmi við líkamann með aldrinum.

Sjáaldrið í þeim er blóðrautt, en augasteinninn svartur. Augun sjálf eru skjallahvít, og það eru tennurnar líka. Það eru tennurnar, sem setja mestan grimmdarsvip á þá, því að vígtennurnar í neðri skolti ná jafnlangt upp á andlitið og augun í jarðneskum mönnum.

Mér vannst lítill tími til að skoða þessi furðuverk sköpunarinnar. Á meðan ég var að horfa á, hvernig þau brutu utan af sér skurnina, tók ég ekki eftir neinu öðru og vissi ekki, að tveir tugir Marsbúa nálguðust óðfluga að baki mér.

Þeir nálguðust hljóðlaust yfir mosagróðurinn, er þekur allt yfirborð Mars að undanteknum ísflæmum heimskautanna og hinu ræktaða landi, og það hefði verið hægur vandi fyrir þá, að taka mig höndum, en þeir höfðu annað verra í huga. Það var glamrið í vopnum eins hermannsins, sem varaði mig við hættunni.

Oft hefir mér flogið í hug, hversu heppinn ég var, því að þetta lítilfjörlega atvik bjargaði mér frá bráðum bana. Hefði ekki byssa foringjans rekizt í spjótið hans, hefði líf mitt slokknað án þess, að ég hefði

haft hugmynd um, að ég væri í hættu staddur. En þetta hljóð varð til þess, að ég sneri mér við og sá þá blikandi oddinn á fjörutíu feta löngu spjóti. Spjótsoddurinn var tæplega tíu fet frá brjósti mínu. Sá sem á spjótinu hélt var ríðandi og var hann lifandi eftirmynd litlu skrípanna, sem ég hafði verið að horfa á.

En hversu litlir og meinlausir þeir virtust nú í samanburði við þenna risavaxna og hræðilega persónugerfing haturs, hefndar og dauða. Maðurinn sjálfur, því að ég get kallað hann það, var rösk fimmtán fet á hæð, og á Jörðinni mundi hann hafa verið um fjögur hundruð pund að þyngd. Hann sat á reiðskjóta sínum eins og við sitjum á hesti og hélt á spjótinu með báðum hægri höndunum, en báða vinstri handleggina rétti hann beint út til hliðar til að halda jafnvæginu. Á skepnunni, sem hann reið var ekkert beizli eða taumar af neinu tagi.

Og þessi reiðskjóti hans! Orð fá varla lýst honum. Hann var tíu fet á herðakambinn, með átta fætur, breiða, flata rófu, sem breikkaði eftir því sem neðar dró, og stóð hún beint aftur út í loftið, þegar hann hljóp. Munnurinn á honum var óhemju stór.

Þetta dýr var alveg hárlaust, dökkgrátt að lit, og húðin var ákaflega slétt og gljáandi. Það var hvítt neðan á kviðnum. Fótleggirnir voru gráir efst, en lýstust eftir því sem neðar dró, og fæturnir voru sterkgulir. Fæturnir voru ójárnaðir, en neðan á þeim voru stórir þófar, sem ollu því, að þetta stóra dýr gat borið sig hljóðlaust yfir. Ég mun kalla það

hest í frásögn minni, því að á Mars er það notað á sama hátt og við notum hestana.

Á eftir manninum, sem var að því kominn að ráðast á mig, komu nítján aðrir risar í halarófu, og fannst mér þeir allir vera nákvæmlega eins að útliti, þótt ég seinna kæmist að því, að þeir hafa allir sín séreinkenni, eins og við hérna á Jörðinni.

Mér varð ekki um sel við þessa ógurlegu sjón. Vopnlaus og allsnakinn hafði ég ekki mikið að gera í hendurnar á þessum heljarmennum, og fyrsta hugsun mín var að reyna að forða mér á einhvern hátt. Þar af leiðandi tók ég undir mig stökk og ætlaði að reyna að hafa mig upp á þakið á klakstöðinni.

Tilraun mín bar slíkan árangur, að ég varð dauðskelkaður, en hermennirnir steinhissa, því að ég hentist meira en þrjátíu fet í loft upp og kom niður hinum megin við klakstöðina á að gizka hundrað fet frá óvinum mínum.

Ég kom slysalaust niður á mjúkan mosann, og þegar ég sneri mér við sá ég, að reiðmennirnir voru allir í röð hinum megin við klakstöðina. Þeir horfðu á mig með undrunarsvip og jafnframt voru þeir auðsjáanlega ánægðir yfir því, að ég skyldi ekki hafa gert krökkunum neitt mein.

Þeir töluðu saman í hálfum hljóðum og bentu hver af öðrum á mig. Þegar þeir voru búnir að fullvissa sig um, að ég hafði ekki brotið eggin eða meitt krakkana og að ég var vopnlaus, urðu þeir ekki alveg eins grimmdarlegir á svipinn, en seinna komst ég að því, að það sem bjargaði lífi mínu, var þetta

mikla stökk mitt. Í þeirra augum var það ekki síður þrekvirki, en það hefði verið á Jörðinni, og í stað þess að langa til að drepa mig, voru þeir komnir á þá skoðun, að gaman væri að taka mig til fanga og láta mig sýna listir mínar, þegar þeim þóknaðist.

Þetta óvænta stökk gaf mér frest til að hugsa mig um, hvað ég ætti næst til bragðs að taka, og einnig til að virða hermennina betur fyrir mér og fannst mér margt líkt með þeim og villimönnunum, sem veittu mér eftirför daginn áður.

Ég veitti því eftirtekt, að þeir höfðu allir mörg vopn fyrir utan stóru spjótin. Vopnið sem átti mestan þátt í því, að ég hætti við að gera tilraun til að flýja, var einhvers konar byssa. Ég fann það alveg á mér, að þeir mundu kunna að fara með þetta skotvopn.

Þessar byssur voru úr hvítum málmi, að mestu leyti sambland úr alúmíníum og stáli, og hann var harðari en nokkurt stál, sem við þekkjum. Byssurnar eru tiltölulega léttar, hlaupið mjög langt, og með litlu radium-sprengikúlunum, sem Marsbúar nota, er hægt að skjóta ótrúlega langt, þrjú hundruð mílur, þótt þeir sjaldan noti þær á meira en á tvö hundruð mílna færi. Eitthvert hugboð hafði ég um það, að ekki væri ráðlegt að reyna að komast undan á flótta um hábjartan daginn, þegar tuttugu byssum af þessari gerð væri miðað á mig.

Þegar Marsbúarnir höfðu talað saman nokkra stund, sneru þeir við og riðu burtu, allir nema einn, sem var kyrr við vegginn. Þegar þeir voru komnir

nálægt því tvö hundruð metra burtu, námu þeir staðar, sneru hestunum við og sátu svo og horfðu á félaga sinn ,sem hafði orðið eftir við vegginn.

Það var einmitt sami maðurinn, sem minnstu munaði að væri búinn að reka mig í gegn með spjótinu sínu, og ég þóttist vita, að hann væri foringi flokksins, því að hann hafði gefið einhverja skipun, og þá höfðu félagar hans undir eins lagt af stað. Þegar þeir höfðu tekið sér stöðu, sem fyrr segir, sté hann af baki, henti frá sér spjótinu og öllum öðrum vopnum og gekk fyrir hornið á klakstöðinni og meðfram veggnum í áttina til mín. Eins og ég, var hann algerlega vopnlaus og allsnakinn að undanteknu skrautinu, sem hann bar á höfði sér, brjósti, handleggjum og fótleggjum.

Þegar hann var nálægt því fimmtíu fet frá mér, spennti hann af sér geysistóran armhring, lagði hann í lófa sér og rétti hann í áttina til mín um leið og hann ávarpaði mig á tungumáli, sem ég auðvitað ekki skildi. Síðan nam hann staðar, eins og hann væri að bíða eftir svari, og horfði forvitnislega á mig.

Þögnin var orðin nokkuð löng, að mér fannst, svo að ég hugsaði með sjálfum mér, að það væri bezt, að ég legði líka orð í belg, þar sem ég gizkaði á, að hann kæmi með friðartilboð. Þar sem hann hafði lagt niður vopnin og sent frá sér herflokk sinn, áleit ég, að hann kæmi í friðsamlegum erindagjörðum.

Ég lagði hönd mína á hjartað, hneigði mig djúpt fyrir Marsbúanum og sagði um leið, að enda þótt

ég skildi ekki mál hans, bæri framkoma hans vott um vináttu, en það væri mér mest um vert. Auðvitað hefði ég alveg eins getað sagt einhverja endemis vitleysu, því að hann skildi ekki eitt einasta orð, en það fór nú samt vel á með okkur.

Ég gekk á móti honum, rétti út höndina, tók armhringinn úr lófa hans og spennti hann um upphandlegg minn. Síðan brosti ég framan í hann og beið svo átekta. Hann brosti út undir eyru, tók undir annan handlegginn á mér og leiddi mig í áttina til hestsins síns. Um leið gaf hann förunautum sínum merki um að koma til baka. Þeir þeystu af stað, en foringi þeirra gaf þeim strax merki um að fara ekki svona geyst. Hann óttaðist bersýnilega, að ég gæti orðið alvarlega hræddur og mundi þá stökkva alveg úr augsýn.

Hann skiptist nokkrum orðum á við menn sína, benti mér nú að fara á bak fyrir aftan einn þeirra og sté sjálfur á bak. Maðurinn, sem ég átti að tvímenna með, beygði sig niður, tók mig upp og setti mig niður fyrir aftan sig, og þar hélt ég mér dauðahaldi í belti hans og ólar, sem sérhver Marsbúi hefir til að spenna á sig skartgripi sína.

Síðan var snúið við, og allur hópurinn hélt af stað í áttina til hæðanna, er sáust úti við sjóndeildarhringinn.

IV. KAFLI

Ég er fangi.

Eftir svo sem tíu mílna reið, fór vegurinn allt í einu að liggja upp í móti. Seinna komst ég að því, að við vorum að nálgast útjaðarinn á gömlum upp-þornuðum sjávarbotni.

Von bráðar vorum við komnir að hæðunum, og þegar við vorum komnir í gegnum þröngt skarð í þeim, blasti við okkur breiður dalur. Úti fyrir dals-mynninu tók við háslétta, og þar stóð geysistór borg. Við riðum á harðastökki í áttina til borgarinnar.

Ég veitti því eftirtekt, þegar við riðum inn í borg-ina, að húsin virtust standa auð, og eftir útliti þeirra að dæma, hafði ekki verið búið í þeim í langan tíma. Í miðri borginni var stórt torg, og í húsun-um í kringum torgið og næstu götum bjuggu til bráðabirgða níu hundruð þúsund manns af sama kynflokki og mennirnir, sem höfðu tekið mig til fanga, því að mér var það ljóst, að ég var fangi þeirra, þótt handtakan hefði farið fram á svo frið-samlegan hátt.

Allt þetta fólk var nakið að undanskildum skart-gripum þeirra. Kvenfólkið var lítið frábrugðið karl-mönnunum að öðru leyti en því, að vígtennurnar í þeim voru ennþá stærri. Þær voru heldur lægri vexti og ljósari að lit, og á fingrum þeirra og tám vottaði aðeins fyrir nöglum, sem algerlega vantaði

á karlmennina. Konur, er náð höfðu fullum þroska voru tíu til tólf fet á hæð.

Börnin voru líka ljós á litinn, jafnvel ljósari en kvenfólkið, og mér fannst þau öll vera nákvæmlega eins að útliti, nema hvað sum voru stærri en önnur.

Ekki sá ég nein veruleg ellimörk á nokkrum manni, enda tekur útlit þeirra ekki miklum breytingum frá því að þeir hafa náð fullum þroska um fertugt, þangað til þeir eru orðnir eitt þúsund ára gamlir, þegar þeir af frjálsum vilja leggja upp í sína síðustu ferð niður eftir fljótinu Iss, en hvert það rennur, veit enginn Marsbúi, og engum mundi heldur vera leyft að snúa við, sem einu sinni hefir lagt af stað niður eftir því.

Aðeins einn af hverjum þúsund Marsbúa verða sótt- eða ellidauðir, og á að gizka tuttugu af þúsund fara af frjálsum vilja hina síðustu pílagrímsferð niður fljótið Iss. Hinir níu hundruð sjötíu og níu deyja voveiflega í einvígum, á veiðum, á flugferðum og í hernaði. En ef til vill er dánartalan tiltölulega hæst á börnum og unglingum, sem iðulega verða hinum stóru, hvítu öpum á Mars að bráð.

Ef Marsbúi á annað borð nær fullum þroska, má hann búast við að verða eitthvað í kringum þrjú hundruð ára gamall, en þeir gætu hæglega orðið þúsund ára gamlir, ef þeir ekki væru í eilífri hættu um líf sitt. Þar sem bjargarlindir Mars fara stöðugt þverrandi, er Marsbúum sama þó að fólkinu fækki, og bera þess ljósan vott hinar hættulegu í-

þróttir þeirra og stöðugur ófriður milli hinna ýmsu kynflokka.

Aðrar og eðlilegar ástæður eru fyrir því, að fólkinu fækkar, en aðalástæðan er sú, að enginn Marsbúi er nokkurn tíma vopnlaus af frjálsum vilja.

Þegar við nálguðumst torgið, þyrptust mörg hundruð manns í kringum okkur, og allir virtust áfjáðir í að ná í mig og draga mig af baki. Foringi flokksins hastaði á mannfjöldann, og við komumst heilir á húfi inn á torgið. Við riðum yfir torgið og námum staðar fyrir framan það veglegasta hús, sem ég hafði nokkurn tíma augum litið.

Húsið var lágt en geysistórt um sig. Það var úr hvítum marmara, alsett gulli og gimsteinum, er tindruðu og blikuðu í sólskininu. Aðalinngangurinn var hundrað fet á breidd. Fyrst var komið í afar stóran sal með veggsvölum allt í kring.

Í þessum sal voru margir útskornir stólar og borð, og við þau sátu milli fjörutíu og fimmtíu Marsbúar fyrir framan nokkurs konar ræðupall. Á pallinum sjálfum sat hermaður, mikill vexti, skreyttur marglitum fjöðrum og skartgripum úr leðri og málmi, settum gimsteinum. Á herðum hans var stutt skikkja úr hvítu loðskinni, fóðruð með hárauðu silki.

Það sem mér fannst einkennilegast í þessum sal, var að borðin og stólarnir og önnur húsgögn höfðu auðsjáanlega ekki verið smíðuð fyrir þessi heljarmenni, heldur fyrir menn af minni stærð. Af þessu dró ég þá ályktun, að á Mars mundu vera aðrir kynflokkar en

þessir grimmdarlegu risar, er höfðu náð mér á sitt vald.

Við höfðum farið að baki fyrir utan dyrnar, og foringinn tók í handlegginn á mér og leiddi mig inn í móttökusalinn og alveg að ræðupallinum. Höfðinginn stóð á fætur og nefndi nafn förunauts míns, sem samstundis nam staðar og nefndi nafn höfðingjans og svo nafnbót hans.

Þessi orð, sem ég heyrði þá, höfðu enga þýðingu fyrir mig, en seinna komst ég að því, að þetta var hin venjulega kveðja hinna grænu Marsbúa. Hefðu mennirnir nú ekki þekkt hvor annan með nafni, mundu þeir hafa skipzt á skartgripum, ef þeir hittust til friðsamlegra umræðna — að öðrum kosti voru vopnin látin tala.

Sá, sem hafði handtekið mig, hét Tars Tarkas, og hann var næstur höfðingjanum að tign, enda var hann mikill stjórnmálamaður og djarfur í hernaði. Mér skildist það, að hann sagði nú frá því í stuttu máli, með hvaða hætti þeir hefðu náð mér, og þegar hann hafði lokið máli sínu, ávarpaði höfðinginn mig og talaði nokkra stund.

Ég svaraði honum á minni eigin tungu, aðeins til að koma honum í skilning um það, að hvorugur okkar skildi hinn. En ég tók eftir því, að þegar ég brosti framan í hann, brosti hann á móti. Nú hafði ég séð bæði höfðingjann og Tars Tarkas brosa, og fullvissaði það mig um, að við hefðum þó þrátt fyrir allt, eitthvað sameiginlegt. Fyrst þeir gátu brosað, hlutu þeir líka að geta hlegið, og benti það til, að

þeir hefðu einhvern snefil af kímnisgáfu. En ég átti eftir að komast að því, að bros Marsbúa ristir ekki djúpt, og hlátur þeirra hefir hver maður ástæðu til að óttast.

Grænu Marsbúarnir hafa allt aðrar skoðanir á því, hvað sé hlægilegt, en við hér á Jörðinni. Aldrei eru þeir kátari en þegar þeir eru að horfa upp á dauðastríð annarra, og bezta skemmtun þeirra er að pína og kvelja stríðsfanga til dauða á hræðilegan hátt.

Hermennirnir og foringjarnir í móttökusalnum þyrptust nú í kringum mig, skoðuðu mig gaumgæfilega og þukluðu á mér. Höfðinginn lét í ljós þá ósk, að hann vildi fá að sjá mig sýna listir mínar. Hann stóð á fætur, benti mér að koma á eftir sér og lagði svo af stað með Tars Tarkas út á torgið.

Nú hafði ég ekki gert neina tilraun til að ganga einn síðan mér mistókst það svona hrapallega í fyrstu, en haldið mér dauðahaldi í handlegginn á Tars Tarkas þau fáu spor, sem ég hafði gengið og þegar ég ætlaði að ganga út, varð ekkert úr því annað en stökk og hopp á milli borðanna og stólanna eins og einhver geysistór engispretta væri þar á ferð. Ég datt mörgum sinnum og meiddi mig, og Marsbúarnir hlógu dátt að hrakförum mínum. Ég ætlaði þá að skríða út, en það mislíkaði Marsbúunum stórkostlega, og einn þeirra þreif harkalega í mig og reisti mig á fætur.

Um leið og hann sleppti mér, gerði ég það eina, sem sá maður mundi gera, er ber nokkra virðingu

fyrir sjálfum sér. Ég sló hann utan undir eins fast og ég gat og það þurfti ekki meira til. Hann lá marflatur í gólfinu. Um leið og hann datt, sneri ég mér snöggt við og hafði eitt borðið að baki mér, því að ég bjóst við, að félagar hans mundu hefna hans, og ég var ákveðinn í því að selja líf mitt dýru verði.

Ótti minn var samt sem áður ástæðulaus. Marsbúarnir stóðu fyrst orðlausir af undrun, síðan fóru þeir að skellihlæja og klöppuðu mér óspart lof í lófa.

Mótstöðumaður minn lá þar sem hann hafði komið niður, og enginn af félögum hans rétti honum hjálparhönd. Tars Tarkas kom til mín og leiddi mig út úr húsinu, og gekk það slysalaust. Ég vissi auðvitað ekki, hvers vegna við vorum að fara út, en það leið ekki á löngu, áður en ég komst að því. Fyrst endurtóku þeir orðið „sak" hvað eftir annað, en ég skildi ekk neitt. Tars Tarkas tók þá til að stökkva og endurtók þetta sama orð á undan hverju stökki. Síðan sneri hann sér að mér og sagði „sak". Mér var nú ljóst, hvað þeir voru að fara, stökk eins langt og ég gat og var það rúmlega hundrað og fimmtíu fet. Í þetta sinn tókst mér að halda jafnvæginu og kom standandi niður. Svo sneri ég aftur til hermannanna í tuttugu og fimm til þrjátíu feta stökkum.

Mörg hundruð Marsbúar af lægri stigum höfðu horft á mig, og þeir heimtuðu nú, að ég yrði látinn stökkva aftur, og höfðinginn skipaði mér að gera það. En ég var bæði svangur og þyrstur og hugsaði mér, að ég yrði að neyða þá til þess að taka eitthvað

tillit til mín. Þess vegna lét ég eins og ég heyrði ekki skipunina, og í hvert sinn og einhver hrópaði „sak," gerði ég ekki annað en að benda á munn minn og maga.

Tars Tarkas talaði nokkur orð við höfðingjann, kallaði síðan á unga konu í mannþrönginni, gaf henni einhverjar fyrirskipanir og benti mér að fylgja henni eftir. Ég þreif í handlegginn á henni mér til stuðnings, og við löbbuðum yfir torgið í áttina til stórrar byggingar, er var hinum megin við það.

Þessi kona var rétt komin af unglingsárunum Hún var átta fet á hæð og var ekki ennþá búin að taka út vöxtinn. Hún var ljósgræn að lit, húðin slétt og gljáandi. Seinna fékk ég að vita, að hún hét Sóla og var í þjónustu Tars Tarkas. Þegar við vorum komin inn í húsið, leiddi hún mig inn í stórt herbergi, sem ég gat mér til að væri svefnherbergi margra manna, því að mest af gólfinu var þakið loðfeldum og silkiábreiðum.

Herbergið var bjart, því að margir gluggar voru á því, og múrveggir þess voru fagurlega skreyttir myndum, er voru málaðar á sjálfa veggina.

Sóla benti mér að setjast á hrúgu af silkiábreiðum úti á miðju gólfi, sneri sér svo við og gaf frá sér undarlegt, hvæsandi hljóð, eins og hún væri að gefa einhverjum merki. Í sama bili kom mjög furðuleg skepna inn til okkar. Þessi skepna kom vagandi inn á tíu fótum og lagðist við fætur Sóla eins og vel vaninn hvolpur. Hún var á stærð við lítinn hest, en höf-

uðið á henni var ekki óáþekkt froskhaus að öðru leyti en því, að í hvorum kjálka voru þrjár raðir af löngum og hvössum vígtönnum.

V. KAFLI

Ég leik á varðhundinn.

Sóla horfðist nokkra stund í augu við þessa ljótu og grimmdarlegu skepnu, tautaði nokkur orð og benti á mig. Síðan fór hún út úr herberginu. Mér fór ekki að verða um sel. Það var ekkert álitlegt að verða þarna einn eftir með þessum viðbjóðslega vanskapnaði. Ég vissi ekki nema hann mundi langa í bita. En ég þurfti ekkert að óttast. Hann hvessti á mig augun nokkra stund, síðan gekk hann út að dyrunum út að götunni og lagðist endilangur á þröskuldinn.

Þetta voru fyrstu skipti mín af varðhundi Marsbúanna, en ekki þau síðustu, því að þessi hundur gætti mín vel, á meðan ég var fangi grænu mannanna á Mars. Tvisvar sinnum bjargaði hann lífi mínu, og af frjálsum vilja vék hann aldrei frá mér.

Eftir nokkra stund kom Sóla aftur með mat og drykk handa mér. Hún setti matinn á gólfið við hliðina á mér, settist svo sjálf dálítið frá mér og starði á mig. Maturinn var einna líkastur osti, en næstum því bragðlaus. Drykkurinn var, að ég hélt, mjólk úr einhverri skepnu. Mér þótti hún fremur

góð á bragðið, þó að dálítill súrkeimur væri af henni, en það leið ekki á löngu, þangað til ég fór að verða sólginn í hana. Seinna komst ég að því, að þessi mjólk kemur frá stórvaxinni jurt, er vex algerlega án vatns, en virðist vinna mjólkina úr jarðveginum, raka loftsins og geislum sólarinnar. Ein svona jurt gefur af sér átta til tíu potta af mjólk á dag.

Þegar ég var búinn að borða nægju mína, hresstist ég töluvert, en ég var þreyttur, svo að ég hallaði mér út af á silkiábreiðunum, og von bráðar var ég steinsofnaður. Ég hlýt að hafa sofið í margar klukkustundir, því að þegar ég vaknaði, var orðið dimmt, og mér var hrollkalt. Ég varð þess var, að einhver hafði verið svo hugulsamur að breiða ofan á mig loðfeld, en hann var að mestu kominn ofan af mér aftur, og í myrkrinu hafði ég ekki lag á því að breiða hann ofan á mig. Allt í einu kom hönd, sem dró yfir mig feldinn, og skömmu seinna var öðrum bætt við.

Mér þótti líklegt, að það væri Sóla, sem liti svona vel eftir mér, og mér skjátlaðist heldur ekki. Hún var sú eina, af öllum grænu Marsbúunum, sem ég kynntist, er átti til samúð og mannkærleika. Hún sá vel um það, að mig skorti aldrei neitt, og henni tókst að forða mér frá miklum þjáningum og erfiðleikum.

Ég sofnaði aftur og vaknaði ekki fyrr en í dögun. Þarna inni voru fimm konur, en þær voru allar sofandi. Á þröskuldinum lá hundurinn og glennti upp

á mig augun, alveg eins og hann hafði gert daginn áður. Ég fór að hugsa um, hvað hann mundi gera, ef ég reyndi að flýja.

Ævintýraþráin hefir löngum verið rík hjá mér og oft hefi ég lagt út í ýmislegt, sem forsjálnari menn mundu hafa látið ógert. Það var hægur vandi fyrir mig að komast að því, hvaða afstöðu hundurinn mundi taka gagnvart mér, ef ég aðeins reyndi að komast út úr herberginu. Ég þóttist viss um, að það væri hægur vandi fyrir mig að sleppa frá honum, ef ég bara kæmist út á götuna, því að ég var farinn að verða töluvert hreykinn af stökkfimi minni. Þar að auki gat ég séð það á því, hvað hundurinn var lágfættur, að hann mundi ekki vera góður að stökkva og líklega enginn hlaupagarpur heldur.

Ég stóð á fætur, hægt og gætilega, og hundurinn fór að mínu dæmi. Ég mjakaðist hægt í áttina til hans. Mér tókst að halda jafnvæginu og svo komst ég að því, að ég gat gengið með því að draga fæturna eftir gólfinu og fór mér þá að miða betur áfram. Þegar ég var kominn að hundinum, færði hann sig til hliðar, svo að ég komst út. Síðan kom hann á eftir mér.

Honum hafði auðsjáanlega verið falið að gæta mín, því að þegar við vorum komnir að útjaðri borgarinnar, hljóp hann allt í einu fram fyrir mig, urraði og fitjaði upp á trýnið og var hann þá ekki frýnilegur. Mér datt nú í hug, að leika svolítið á hann, þaut á móti honum og þegar ég var kominn fast að honum stökk ég upp í loftið og kom niður

langt fyrir aftan hann. Um leið hafði hann snúið sér við og elti mig nú með ótrúlegum hraða. Ég hafði þá ekki hugmynd um, að þetta dýr var fljótast að hlaupa af öllum dýrum á Mars, og vegna skynsemi þess, tryggglyndis og grimmdar, er það notað á veiðum, í stríði og til að vernda Marsbúa.

Ég sá að mér mundi veitast erfitt að komast undan, ef ég héldi alltaf í sömu átt, svo að ég sneri við, og þegar hann var kominn alveg að mér, stökk ég aftur yfir hann og komst aftur inn í borgina spölkorn á undan honum. Hann var næstum því búinn að ná mér, en þá stökk ég upp í glugga á húsi nokkru, þrjátíu fet frá jörðu.

Ég náði taki á gluggakistunni, lyfti mér upp á handafli og settist í gluggakistuna án þess að líta inn í húsið, heldur fór að gæta að hundinum, er stóð sneypulegur fyrir neðan gluggann. Sigurgleði mín var samt sem áður skammvinn, því að andartaki seinna greip gríðarstór krumla utan um hálsinn á mér aftan frá, og ég var dreginn harkalega inn í herbergið. Þar var mér hent niður á bakið, og ég sá ógurlega stóran apa, er stóð yfir mér. Hann var alhvítur og hárlaus, að undanteknum stórum, stríðum hárskúf, er óx upp úr höfðinu á honum.

VI. KAFLI

Ég eignast vini

Apinn var miklu líkari okkur Jarðarbúum en þeim mönnum, sem ég hingað til hafði séð á Mars. Hann hélt mér niðri með öðrum fætinum og jafnframt þvaðraði hann eitthvað við einhvern innar í herberginu, en sá svaraði í sama tón. Það var auðsjáanlega maki hans, sem nú kom til okkar með stóra steinkylfu, og ég var ekki í neinum vafa um það, að með henni átti að rota mig.

Þessir apar eru tíu til fimmtán fet á hæð, þegar þeir standa uppréttir. Þeir hafa fjóra handleggi eins og grænu Marsbúarnir, en að öðru leyti eru þeir nauðalíkir gorillaöpunum okkar. Satt að segja eru þetta mestu fríðleiksskepnur í samanburði við grænu mennina á Mars.

Steinkylfan var hafin á loft, og ég horfði á, hvernig hún sveiflaðist í boga yfir höfði mér. Í sama bili kom margfætt skepna eins og örskot inn í herbergið og stökk á apann, sem hélt á kylfunni. Apinn, sem hélt mér föstum, rak upp hræðsluöskur og henti sér út um opinn gluggann, en maki hans barðist fyrir lífi sínu við bjargvætt minn, sem var enginn annar en varðhundurinn, er settur hafði verið til að gæta mín.

Ég stóð á fætur í skyndi og varð nú áhorfandi að þeim grimmilegasta bardaga, sem ég hafði nokkurn

tíma séð. Afl, fimleiki og ógnargrimmd þessara tveggja skepna var ekki sambærilegt við neitt, sem við þekkjum hér á Jörðinni. Hundurinn minn hafði í fyrstu náð góðu taki með því að bíta í bringuna á apanum, og hann sleppti ekki, hvað sem á gekk. Apinn hafði aftur á móti gripið utan um hálsinn á hundinum og sveigði hausinn á honum aftur á bak, og bjóst ég við, að hann mundi þá og þegar hálsbrjóta hundinn.

Þeir veltust fram og aftur um gólfið, og hvorugur gaf frá sér hræðslu- eða kvalahljóð. Báðir voru að verða máttfarnir. Augun í hundinum virtust vera að fara út úr augnatóftunum, og blóð rann úr nösum hans.

Allt í einu rankaði ég við mér, greip kylfuna, er hafði dottið á gólfið í byrjun bardagans, sveiflaði henni og sló af öllum mætti ofan á höfuð apans. Hauskúpan brotnaði eins og eggjaskurn.

Varla hafði kylfan hitt haus apans, fyrr en ný hætta steðjaði að mér. Maki hans var nú búinn að ná sér eftir fyrsta hræðsluæðið, sem hafði gripið hann og hafði snúið aftur inn í húsið. Hann hafði komið upp stigana, og ég sá hann, þegar hann var rétt kominn að dyrunum inn í herbergið. Þegar hann sá hinn apann liggja dauðan á gólfinu, rak hann upp voðalegt öskur og froðufelldi af bræði. Mér fór ekki að lítast á blikuna.

Mér hefir aldrei verið það þvert um geð að berjast, þótt við ofurefli væri að etja, en mér var það ljóst, að þetta gat ekki farið nema á einn veg. Ef ég

reyndi krafta mína á þessari skepnu, var mér dauðinn vís.

Ég stóð nálægt glugganum og vissi, að ég gat komizt undan með því að stökkva út um gluggann. Reyndar hélt ég ennþá á kylfunni, en hvað stoðaði það á móti fjórum jötunörmum? Jafnvel þótt mér tækist að brjóta einn þeirra í fyrsta höggi, gat hann gripið utan um mig með hinum þremur, áður en ég yrði búinn að sveifla kylfunni í annað sinn.

Um leið og ég sneri mér við til að stökkva út um gluggann, varð mér litið á varðhundinn minn. Hann lá másandi og stynjandi á gólfinu og starði á mig, eins og hann væri að biðja mig um vernd. Ég gat ekki staðizt þetta augnatillit, enda hefði ég illa launað honum lífgjöfina, hefði ég skilið hann eftir í klóm apans.

Þess vegna sneri ég aftur við til að taka á móti apanum. Hann var nú kominn of nærri mér til að kylfan kæmi að nokkru gagni, svo að ég henti henni af öllu afli í hann. Hún lenti rétt fyrir neðan hnén á honum. Hann rak upp ógurlegt öskur, missti jafnvægið og datt áfram með útrétta armana.

Nú notaði ég mér nokkuð, sem ég hafði lært á Jörðinni. Með hægri hnefanum rak ég honum rokna högg á kjálkann, en með þeirri vinstri annað á kviðinn. Árangurinn var ágætur. Apinn stóð á öndinni, og svo datt hann niður á gólfið. Ég stökk yfir hann, náði kylfunni og var búinn að gera út af við þetta skrímsli, áður en það komst aftur á fætur.

Um leið og ég veitti honum banahöggið, heyrði ég skellihlátur að baki mér. Ég sneri mér við, og þar stóðu Tars Tarkas, Sóla og fjórir hermenn í dyrunum. Þeim þótti auðsjáanlega mikið koma til þessa afreksverks.

Þegar Sóla vaknaði um morguninn, sá hún strax að ég var horfinn, og hún flýtti sér til Tars Tarkas til að láta hann vita það, en hann lagði samstundis af stað með nokkrum hermönnum til að leita að mér. Í úthverfi borgarinnar sáu þeir til apans, þegar hann þaut inn í húsið froðufellandi af reiði.

Þau höfðu farið í humáttina á eftir apanum, ef ske kynni, að ég væri einhvers staðar nálægt, og þau höfðu séð leikslokin. Þetta, ásamt viðureign minni við Marsbúann daginn áður, að ógleymdu hinu mikla afreki mínu í stökkíþróttinni, varð til þess, að ég komst í mikið álit hjá grænu Marsbúunum. Þeir eru gersneyddir öllum blíðari tilfinningum, svo sem vináttu og ást, en tilbeiðsla þeirra og virðing fyrir afli og dirfsku er alveg takmarkalaus, að minnsta kosti meðan sá maður, er þeir dást svo að, ekki verður að lúta í lægra haldi fyrir öðrum.

Sóla var sú eina af Marsbúunum, sem ekki hafði stokkið bros, á meðan ég barðist fyrir lífi mínu. Hún kom strax þjótandi til mín og skoðaði mig í krók og kring til að gæta að sárum eða meiðslum. Þegar hún hafði fullvissað sig um, að ég væri ómeiddur, brosti hún, tók í hönd mína og leiddi mig af stað út úr herberginu.

Tars Tarkas og hermennirnir voru komnir inn í

herbergið og stóðu nú yfir hundinum mínum, sem nú var óðum að ná sér. Þeir virtust vera að rífast um eitthvað, og einn hermaðurinn ávarpaði mig, en svo mundi hann allt í einu, að ég skildi ekki tungu þeirra, og sneri sér þá að Tars Tarkas, sem gaf honum einhverja skipun og gekk svo á eftir okkur fram að dyrunum.

Mig fór að gruna, að hundinum væri hætta búin, svo að ég staldraði við til að sjá, hvað hermaðurinn ætlaði sér. Það var gott, að ég gerði það, því að hermaðurinn dró upp skammbyssu og var að því kominn að stytta líf skepnunnar, þegar ég stökk að honum og sló á handlegginn á honum. Kúlan fór í gegnum gluggakarminn.

Síðan kraup ég niður við hlið þessarar ljótu skepnu, reisti hana á fætur og benti henni að fylgja mér. Marsbúarnir stóðu eins og þrumulostnir af undrun. Þeim veittist mjög erfitt að skilja þakklætis- og meðaumkunartilfinningar. Hermaðurinn, sem ætlað hafði að skjóta hundinn, leit spyrjandi á Tars Tarkas, en hann gaf hermanninum greinilega til kynna, að hann skyldi láta mig afskiptalausan. Sóla leiddi mig út á götuna, og hundurinn fylgdi fast á hæla mér.

Ég átti nú að minnsta kosti tvo vini á Mars – unga konu, sem annaðist mig með móðurlegri umhyggju ,og skynlausa skepnu, er átti yfir að búa meiri ást, trygglyndi og þakklæti en samanlagðar hinar fimm miljónir grænna Marsbúa, sem ráfuðu um auðar borgir og uppþornaða hafsbotna á Mars.

VII. KAFLI

Barnauppeldi á Mars

Morgunverðurinn var nákvæmlega eins og kvöldverðurinn, og það sama gilti um hverja einustu máltíð, á meðan ég dvaldi með grænu mönnunum á Mars. Þegar ég var búinn að borða, leiddi Sóla mig út á torgið. Þar höfðu allir Marsbúar borgarinnar safnazt saman; sumir voru önnum kafnir við að setja aktygi á hestana og spenna þá fyrir stóra þríhjólaða vagna, aðrir horfðu á. Vagnarnir voru nálægt tvö hundruð og fimmtíu talsins, og var aðeins einn hestur fyrir hverjum þeirra.

Vagnarnir sjálfir voru rúmgóðir, þægilegir og fagurlega skreyttir. Í hverjum vagni sat ein kona, hlaðin skartgripum, silkiábreiðum og loðfeldum, og á baki vagnhestanna sat ungur hermaður. Hvorki reiðhestarnir né vagnhestarnir voru beizlaðir, heldur var þeim stjórnað með fjarskynjun.

Þetta afl er ákaflega þroskað hjá öllum Marsbúum, og vegna þess er mál þeirra mjög einfalt, og ekki þarf nema fá orð jafnvel í löngum samræðum. Það er aðalmálið á Mars, og geta æðri og lægri skepnur skilið hverjar aðrar að meira eða minna leyti, eftir andlegum þroska hvers einstaklings.

Sóla dró mig með sér upp í einn vagninn, og svo hélt öll lestin af stað út úr borginni, sömu leið og ég hafði komið inn í hana daginn áður. Á undan

vagnlestinni riðu tvö hundruð hermenn í fylkingu, fimm í röð og jafnmargir hermenn ráku lestina. Þrjátíu Marsbúar riðu á hvora hlið vagnlestarinnar.

Allir nema ég – karlar, konur og börn – voru vel vopnum búnir, og á eftir hverjum vagni brokkaði hundur. Varðhundurinn minn fylgdi okkar vagni fast eftir. Í þau tíu ár, sem ég dvaldi á Mars, vék hann aldrei frá mér af frjálsum vilja.

Nú var haldið alveg sömu leið og ég hafði komið daginn áður, og komst ég brátt að raun um, að ferðinni var heitið til klakstöðvarinnar.

Þegar við vorum komin á áfangastaðinn, var vögnunum raðað með jöfnu millibili allt í kringum klakstöðina. Höfðinginn, Tars Tarkas og nokkrir hermenn stigu af baki og gengu í áttina til múrveggsins. Ég sá, að Tars Tarkas var að útskýra eitthvað fyrir höfðingjanum. Vil ég geta þess hér, að hann hét Lorquas Ptomel, Jed. „Jed“ var nafnbót hans.

Tars Tarkas kallaði til Sóla og gaf henni bendingu um að senda mig til sín. Ég var nú farinn að geta gengið slysalaust, svo að ég flýtti mér að verða við skipun Tars Tarkas og gekk til hans og hinna, sem stóðu við múrvegginn.

Ég sá, að næstum því öll eggin voru nú unguð út, og allt var á iði undir glerþakinu. Krakkarnir voru þrjú til fjögur fet á hæð og þau æddu fram og aftur, eins og þau væru að leita að fæðu.

Um leið og ég nam staðar við hlið Tars Tarkas,

benti hann yfir klakstöðina og sagði „sak“. Ég skildi strax, að hann vildi láta Lorquas Ptomel sjá, að ég gæti stokkið yfir hana. Ég verð að játa, að ég var töluvert upp með mér að mega sína frækni mína, tók undir mig stökk og kom niður hinum megin við vagnröðina. Þegar ég kom til baka, sagði Lorquas Ptomel eitthvað við mig, sneri sér síðan að hermönnunum og gaf þeim einhverja skipun viðvíkjandi klakstöðinni. Þeir létu mig nú alveg afskiptalausan, og ég stóð þarna kyrr og horfði á, meðan þeir voru að brjóta gat á múrvegginn, svo að litlu Marsbúarnir kæmust út.

Sitt hvoru megin við gatið, höfðu ungar konur og karlar raðað sér í tvær þéttar raðir, svo að þær mynduðu göng, sem náðu langt út á sléttuna. Eftir þessum göngum hlupu krakkarnir eins og ærslafullir kálfar. Þeim var leyft að hlaupa göngin á enda, en þar greip síðasta konan í röðinni þann krakkann, sem fyrstur var, sú sem var á móti henni þann næsta, og svo framvegis, þangað til búið var að ná öllum krökkunum. Um leið og einhver konan handsamaði krakka, fór hún með hann út úr röðinni og sneri aftur til vagns síns. Þeir karlmenn, sem náðu í barn, afhentu það seinna einhverri konu, sem ekki hafði náð í neitt.

Ég sá, að athöfninni, ef hægt er að kalla það því nafni, var lokið, svo að ég fór að litast um eftir Sólu og fann hana í vagninum okkar. Hún var með hræðilega ljótan krakka í fanginu.

Uppeldi grænu Marsbarnanna felst eingöngu í

því, að kenna þeim að ganga og að nota hin ýmsu vopn, sem þeim eru fengin í hendur strax á fyrsta ári. Þau hafa legið í eggjunum í fimm ár, og þegar þau koma úr þeim, eru þau fullþroskuð nema að stærðinni til.

Mæður þeirra þekkja þau ekki, en fósturmæðurnar annast uppeldi þeirra. En þetta kemur í sama stað niður, þar sem ást milli foreldra og barna er algerlega óþekkt fyrirbrigði meðal grænu Marsbúanna. Ég held, að þetta hræðilega fyrirkomulag, sem hefir tíðkast frá ómunatíð, sé ástæðan til hinnar algerðu vöntunar mannúðlegra tilfinninga hjá þessu aumingja fólki. Frá fæðingu fara börnin á mis við föður og móðurást, og þau vita ekki, hvað orðið heimili þýðir. Aldrei er þeim sýnd nokkur meðaumkun, hvaða hörmungar, sem yfir þau dynja.

Hver fullþroskuð kona á Mars, á nálægt því þrettán egg á ári hverju, og öll þau egg, er ná vissri stærð og þyngd, eru flutt í neðanjarðarhvelfingu, þar sem kuldinn er svo mikill, að þau ungast ekki út. Á hverju ári eru eggin vandlega athuguð, og er það starf falið tuttugu höfðingjum. Velja þeir hundrað fullkomnustu eggin úr, en hin eru eyðilögð. Eftir fimm ár hafa þeir fimm hundruð egg í hvelfingunni. Þá eru þau flutt í klakstöðvarnar og látin klekjast út í sólarhitanum. Tekur það önnur fimm ár.

Klakstöðvarnar eru byggðar á afskekktum stöðum, þar sem lítil líkindi eru til, að aðrir kynflokkar finni þær, en ef slíkt óhapp kæmi fyrir, yrðu afleiðingarn-

ar þær, að grænu Marsbúarnir misstu þarna fimm hundruð egg í einu.

Það þjóðarbrot Marsbúanna, sem ég lenti hjá, voru eitthvað um þrjátíu þúsundir. Þeir ráfuðu um víðáttumikið, gróðurlaust eða gróðurlítið svæði milli fertugustu og áttugustu gráðu suðlægrar breiddar. Bækistöðvar þeirra voru í suðvesturhorni þessa svæðis, nálægt þeim stað, þar sem tveir af skurðum Mars mætast.

Þar sem klakstöðin var langt fyrir norðan yfirráðasvæði grænu Marsbúanna á óbyggðum og ó-þekktum stað, áttum við nú langa ferð fyrir höndum, en það hafði ég auðvitað enga hugmynd um.

Eftir að við komum aftur til mannlausu borgarinnar, dvöldum við þar í nokkra daga, áður en við héldum áfram ferðinni. Daginn eftir að krakkarnir voru sóttir, fóru allir hermennirnir ríðandi burtu í bíti um morguninn og komu ekki aftur, fyrr en seint um kvöldið. Seinna komst ég að því, að þeir höfðu brugðið sér til neðanjarðarhvelfingarinnar, þar sem eggin voru geymd, og flutt þau í klakstöðina. Þeir höfðu múrað upp í gatið á veggnum, og þar voru svo eggin skilin eftir, og engin líkindi til, að nokkur skipti sér af þeim næstu fimm árin.

Hvelfingarnar, þar sem eggin voru falin, voru margar mílur fyrir sunnan klakstöðina, og þangað kom á hverju ári nefnd, sem í voru tuttugu höfðingjar, er höfðu það starf að athuga eggin.

Sóla hafði nú mörgum skyldum að gegna, því að hún þurfti bæði að sinna um mig og fósturbarnið,

en þar sem við vorum á svipuðu stigi, hvað venjur og siði Marsbúanna snerti, ákvað Sóla að kenna okkur saman.

Fósturbarnið var fjögurra feta hár drengur, fílsterkur og vel vaxinn á þeirra mælikvarða. Hann var námfús, og við skemmtum okkur prýðilega saman, því að hvorugur vildi láta í minni pokann. Mál Marsbúanna er ákaflega einfalt, og eftir viku gat ég gert mig skiljanlegan og skilið næstum því allt, sem við mig var sagt. Sóla kenndi mér einnig að þroska fjarskynjun mína, og það leið ekki á löngu, áður en ég fór að geta haft gagn af því.

Sóla furðaði sig mest á því, að þótt mér veittist auðvelt að lesa hugsanir annarra, þá gat enginn lesið mínar hugsanir. Fyrst fannst mér þetta leiðinlegt, en seinna þótti mér vænt um það, því að það kom sér oft vel fyrir mig.

VIII. KAFLI

Flugbátarnir

Á þriðja degi frá athöfninni við klakstöðina var lagt af stað heimleiðis, en vagnlestin var ekki nema rétt komin út fyrir borgina, þegar skipun var gefin um að snúa við án tafar. Það var engu líkara en að Marsbúarnir væru þaulæfðir í að fela sig, því að þremur mínútum eftir að skipunin var gefin, var

hvert einasta mannsbarn, vagnar og hestar horfnir inn í húsin í úthverfum borgarinnar.

Við Sóla höfðum af hendingu lent inni í húsinu, þar sem ég hafði barizt við apana. Mig langaði til að vita, hvað um væri að vera, svo að ég flýtti mér upp á loft, þar sem ég gat séð út yfir dalinn og hæðirnar utan við borgina. Þegar ég leit út um gluggann, sá ég það, sem valdið hafði hinu skyndilega undanhaldi. Stór, grámálaður flugbátur kom fljúgandi yfir næstu heiðarbrún. Á eftir honum kom annar, og svo hver af öðrum, þar til ég var búinn að telja tuttugu. Þeir fóru hægt og flugu lágt og stefndu í áttina til borgarinnar.

Á hverjum flugbát blakti fáni og framan á hverjum var merki, sem blikaði í sólskininu og sást það mjög greinilega, jafnvel í þessari fjarlægð. Ég gat greint marga menn á hverjum flugbát. Ekki vissi ég, hvort þeir hefðu komizt á snoðir um ferðalag okkar eða hvort þeir voru aðeins að skoða borgina, en ekki voru móttökurnar góðar, því að allt í einu byrjuðu grænu Marsbúarnir að skjóta alveg fyrirvaralaust á flugbátana og mennina, sem áttu sér einskis ills von.

Komumenn áttuðu sig á augabragði. Fremsti flugbáturinn sneri sér svo að hlið hans vissi að borginni og skaut af öllum byssunum. Síðan flaug hann í stóran hring og ætlaði auðsjáanlega að komast í skotfæri aftur. Hinir flugbátarnir höguðu sér nákvæmlega eins og sá fyrsti. Grænu Marsbúarnir skutu án afláts, og ég efast um, að tuttugu og fimm af hverjum

hundrað skotum hafi verið ónýtisskot. Ég hefi aldrei séð aðra eins skotfimi, því að mér virtist maður falla á flugbátunum við hvert skot.

Skothríðin frá flugbátunum gerði lítinn usla í liði grænu mannanna, og var það aðallega vegna þess, að flugmennirnir höfðu verið algerlega óviðbúnir árásinni.

Tuttugu mínútum eftir að fyrsta skotið reið af, lagði flugsveitin á flótta í sömu átt og hún hafði komið úr. Flestir af flugbátunum virtust vera mikið laskaðir og flugmennirnir áttu auðsjáanlega fullt í fangi með að stjórna þeim. Þeir voru alveg hættir að skjóta og virtust hugsa um það eitt, að komast undan. Grænu hermennirnir þyrptust nú upp á þök húsanna og skutu án afláts á eftir flugsveitinni.

Samt sem áður tókst flugbátunum hverjum af öðrum að hafa sig yfir heiðarbrúnina nema einum, sem drattaðist langt á eftir og virtist varla hreyfast áfram. Þessi flugbátur hafði fengið verstu útreiðina af þeim öllum, og ekki var sjáanlegur á honum nokkur maður á hreyfingu. Hægt og rólega sneri hann við og var nú stjórnlaus með öllu. Hermennirnir hættu nú að skjóta á flugbátinn, því að öllum var ljóst, að honum var ekki undankomu auðið.

Þegar flugbáturinn nálgaðist borgina, þutu hermennirnir út á sléttuna á móti honum, en hann var ennþá of hátt uppi til að þeir gætu náð honum. Ég stóð enn við gluggann og gat séð áhöfn flugbátsins, sem lá eins og hrávíði um allt þilfarið, en hvers konar menn það voru, gat ég ekki greint.

Flugbáturinn sveif hægt í suðausturátt. Hann var ekki nema fimmtán fet frá jörðu. Hermennirnir eltu hann allir, að undanteknum hundrað, sem reknir voru aftur upp á þakið, ef ske kynni að flugflotinn sneri við, eða meira lið kæmi þeim til hjálpar. Það kom brátt í ljós, að flugbáturinn stefndi á eitt stórhýsið í útjaðri borgarinnar, og ég sá marga hermenn ríða þangað, fara af baki og flýta sér inn í húsið, til að vera viðbúnir að taka á móti honum.

Rétt áður en flugbáturinn rakst á húsið, stukku hermennirnir út um gluggana yfir á hann, og eftir andartak voru þeir búnir að kasta út landfestum, og hermennirnir, sem niðri voru drógu hann til jarðar.

Þegar hermennirnir voru búnir að binda flugbátinn, streymdu þeir upp á hann og leituðu um hann allan. Ég sá þá athuga hvern einasta flugmann til að vita, hvort nokkurt lífsmark leyndist með þeim. Nokkrir fóru undir þiljur og komu von bráðar upp aftur og drógu á eftir sér einn fanga. Þessi fangi var helmingi lægri en grænu Marsbúarnir, og gizkaði ég á, að þarna ætti ég eftir að kynnast annarri manntegund, sem ekki stæði kunningjum mínum grænu mönnunum að baki hvað fegurð snerti.

Fanginn var látinn fara niður úr flugbátnum, og nú var byrjað að safna saman herfanginu. Það tók margar klukkustundir og það þurfti marga vagna til að flytja herfangið, en það voru vopn, skotfæri, silki, loðskinn, dýrgripir, einkennilega útskorin steinker og mikið af mat og drykkjarföngum, þar á

meðal margar tunnur af vatni, og var þetta í fyrsta sinn, sem ég sá vatn, síðan ég kom til Mars.

Þegar síðasti vagninn var kominn af stað með herfangið, festu hermennirnir taugar í flugbátinn og drógu hann á eftir sér langt út í dalinn. Nokkrir þeirra fóru nú upp í hann, og mér sýndist þeir vera að hella einhverju úr stórum flöskum yfir lík flugmannanna og hér og þar um flugbátinn.

Er þessu var lokið, renndu þeir sér eftir köðlunum til jarðar. Um leið og síðasti hermaðurinn var að yfirgefa flugbátinn, sneri hann sér við og henti einhverju frá sér á þilfarið og beið svo andartak. Rétt á eftir gaus upp logi, og hermaðurinn renndi sér í flýti niður kaðalinn á eftir félögum sínum. Hann var ekki fyrr kominn til jarðar, en skorið var á festarnar. Flugbáturinn, sem nú var orðinn miklu léttari, eftir að öllu lauslegu hafði verið rænt úr honum, sveif nú upp í loftið. Von bráðar stóð hann í björtu báli.

Hægt og tignarlega sveif hann í suð-vesturátt, hærra og hærra eftir því sem eldurinn eyddi honum svo að hann léttist stöðugt. Ég fór upp á þak hússins og þar stóð ég og horfði á eftir flugbátnum í margar klukkustundir, unz hann hvarf út í geiminn.

Þessi sjón hafði ákaflega lamandi áhrif á mig, og mér var þungt innan brjósts, þegar ég gekk hægt niður stigana og út úr húsinu. Ég gat ekki annað en hugsað um mennina, sem höfðu beðið ósigur fyrir grænu Marsbúunum. Mér var það óskiljanlegt,

en ég þráði að fá að kynnast þeim og vonaði, að þeir kæmu aftur til að hefna sín á grænu mönnunum.

Hundurinn, Woola, rölti á eftir mér út á götuna. Sóla kom rétt í því, og virtist hún vera að leita að mér. Vagnlestin var komin aftur inn á torgið, því að ekkert varð af heimferðinni þann daginn. Við héldum þarna kyrru fyrir í meira en viku, því að grænu Marsbúarnir bjuggust við, að flugbátarnir mundu snúa aftur og gera árás á þá.

Lorquas Ptomel var of reyndur hermaður til að eiga það á hættu, að ráðizt yrði á hann úti á sléttunni með stóra vagnlest og börn, svo að við vorum þarna um kyrrt í auðu borginni, þangað til hættan virtist liðin hjá.

Um leið og við Sóla nálguðumst mannfjöldann á torginu, sá ég fanganum frá flugbátnum bregða fyrir. Tvær grænar konur voru að draga hann inn í hús, sem stóð við torgið.

Fanginn var grannvaxin, ung stúlka, er líktist þeim stúlkum, sem ég hafði þekkt hér á Jörðinni. Hún sá mig ekki fyrst, en rétt þegar hún var að fara inn um dyrnar, sneri hún sér við, og augu okkar mættust. Hún var ákaflega falleg, hver dráttur í andlitinu fullkominn, augun stór og tindrandi, hárið tinnusvart og hrokkið. Litarfar hennar var rauðleitt eins og ljós koparlitur. Hún var allsnakin eins og grænu Marsbúarnir, að undanteknum mjög dýrmætum skrautgripum, sem hún bar.

Hún leit undrandi á mig og gaf mér eitthvert merki með hendinni, sem laus var — merki, sem

ég auðvitað ekki skildi. Við horfðum hvort á annað andartak. Það var eins og nýr vonarneisti hefði kviknað í brjósti hennar, þegar hún sá mig, og andlit hennar ljómaði af gleði. En allt í einu sá ég ekki annað en vonbrigði og fyrirlitningu skína út úr svip hennar. Mér var það ljóst, að með þessu merki hafði hún verið að biðja mig um vernd og liðveizlu, en ég var ekki svo vel að mér í siðum Marsbúanna, að ég gæti svarað henni. Og hún hvarf inn í húsið.

IX. KAFLI

Ég læri tungu Marsbúanna

Þegar ég rankaði við mér aftur, varð mér litið á Sólu, sem hafði tekið eftir þessu atviki, og nú varð ég forviða, því að hún var svo skrítin á svipinn, en venjulega var andlit hennar alveg sviplaust. Ég gat ekki lesið hugsanir hennar, því að ég var ekki orðinn svo fær í því ennþá og kunni heldur ekki nema fáein orð.

Við héldum heim í húsið, sem við höfðum búið í áður. Í sömu svifum bar þar að hermann, sem hafði meðferðis vopn og skartgripi. Hann afhenti mér það allt og fór svo sína leið.

Seinna stytti Sóla öll bönd og ólar, svo að það hæfði minni stærð, og eftir það gekk ég eins útbúinn og hver annar grænn hermaður.

Upp frá þessum degi byrjaði Sóla að kenna mér vopnaburð, og ég og fósturbarn hennar æfðum okkur saman á torginu í margar klukkustundir á degi hverjum. Fyrst í stað var ég ekki sérlega leikinn í að nota sum af vopnunum, en þekking mín á líkum vopnum á Jörðinni var mér til mikils hægðarauka, svo að ég tók góðum framförum.

Það voru eingöngu konurnar, sem höfðu það starf með höndum, að kenna mér og krökkunum vopnaburð. Á herðum kvenfólksins hvílir sú skylda að kenna unglingunum sókn og vörn, og það framleiðir líka allt, sem framleitt er hjá grænu Marsbúunum. Þær búa til púður, skothylki og jafnvel byssurnar. Eigi grænu Marsbúarnir í stríði, er hluti af varaliðinu konur, og ef þörf krefur, er sízt minni dugur í þeim en karlmönnunum, þegar út í bardaga er komið.

Ekki sá ég fangann aftur, fyrr en eftir nokkra daga. Ég sá henni þá aðeins bregða fyrir, þegar verið var að fara með hana inn í stóra móttökusalinn, þar sem ég fyrst hitti Lorquas Ptomel. Ég veitti því eftirtekt, að konurnar ,sem gættu hennar, sýndu henni óþarflega mikla hörku, og var það ólíkt þeirri umhyggju og nærgætni, sem Sóla sýndi mér.

Í þau tvö skipti, sem ég hafði séð þessa fögru stúlku, hafði ég tekið eftir því, að hún talaði við gæzlukonurnar, svo að mér var það ljóst, að hún talaði sömu tungu og grænu Marsbúarnir, eða að minnsta kosti skildi hana. Þetta ýtti undir mig að læra málið sem allra fyrst, og Sóla hafði ekki stund-

legan frið fyrir mér. Árangurinn var sá, að eftir nokkra daga gat ég rætt um hvað sem var og skilið allt, sem ég heyrði.

Í herberginu, sem við sváfum í, voru fjórar konur, tveir krakkar og svo Sóla, fósturbarnið hennar, ég og hundurinn Woola. Konurnar höfðu það fyrir sið að spjalla saman nokkra stund á kvöldin, áður en þær fóru að sofa, og hlustaði ég þá á samræður þeirra án þess þó að leggja orð í belg.

Að kvöldi þess dags, sem ég hafði séð á eftir fanganum inn í móttökusalinn, barst talið að lokum einmitt að því, og fór ég þá að leggja við hlustirnar. Ég hafði ekki þorað að spyrja Sólu um stúlkuna fögru, því að ég vissi ekki, hvaða hug hún bæri til hennar.

Gömul kona þarna í herberginu, sem hét Sarkoja, hafði verið önnur gæzlukona fangans þenna dag, og var hún nú spurð spjörunum úr.

„Hvenær fáum við að skemmta okkur við að horfa upp á dauðastríð þeirra rauðu?“ spurði ein konan. „Eða ætlar Lorquas Ptomel kannske að láta leysa hana út með fé?“

„Þeir hafa ákveðið að flytja hana með okkur til Thark, og þegar leikarnir fara fram hjá Tal Hajus, munum við fá að sjá hana deyja,“ svaraði Sarkoja.

„Með hvaða hætti á hún að láta lífið?“ spurði Sóla. „Hún er svo lítil og falleg. Ég var að gera mér vonir um, að þeir mundu láta leysa hana út.“

Sarkoja og hinar konurnar létu óspart í ljós reiði sína yfir þessum veikleika hjá Sólu.

„Það er hryggilegt, Sóla, að þú skyldir ekki hafa verið uppi fyrir miljón árum síðan," sagði Sarkoja hryssingslega. „Þegar fólkið var ekki annað en þreklausir aumingjar. Það gæti orðið óheppilegt fyrir þig, ef Tars Tarkas vissi, hvaða skoðanir þú hefir á þessu. Hann mundi áreiðanlega ekki framar trúa þér fyrir hinu ábyrgðarmikla starfi að ala upp börn."

„Ég get ekki séð neitt athugavert við það, þótt mér sé ekki illa við rauðu stúlkuna," svaraði Sóla. „Hún hefir aldrei gert okkur neitt mein, og hún mundi heldur ekki gera það, þótt við værum á hennar valdi. Það eru aðeins karlmennirnir af hennar þjóðflokki, sem herja á okkur, og ég hefi alltaf verið viss um, að það er vegna þess ,að okkar þjóð er svo herská. Þeir lifa í sátt og samlyndi innbyrðis og eiga aldrei í ófriði við aðrar þjóðir, nema ráðizt sé á þá að fyrra bragði. Við erum aftur á móti alltaf að ráðast á aðrar þjóðir og eigum þar að auki í eilífum erjum innbyrðis. Líf okkar er ekki annað en blóðsúthellingar frá því, að við brjótum eggjaskurnina, þangað til við leggjum í síðustu ferðina niður eftir hinu dularfulla og drungalega fljóti Iss, en við förum hana af fúsum vilja,. því að það sem bíður okkar getur ekki verið hræðilegra en líf okkar hér. Hamingjusamur er sá, sem deyr ungur. Þig getið sagt Tars Tarkas það sem ykkur sýnist. Ég hræðist ekki dauðann."

Hinar konurnar voru fyrst alveg orðlausar yfir þessari dirfsku, en síðan ávítuðu þær Sólu harðlega.

Eftir nokkra stund hættu þær að tala saman og lögðust til svefns. Ég hafði nú komizt að því, að Sóla var ekki óvinveitt rauðu stúlkunni, og mér var orðið það ljóst, að ég hafði verið ákaflega heppinn að lenda hjá henni, en ekki einhverri annarri konu. Ég vissi, að henni þótti vænt um mig ,og þegar ég nú komst að raun um, að hún hafði andstyggð á öllum grimmdarverkum, bjóst ég fastlega við, að hægt væri að treysta henni, og að hún mundi hjálpa mér og fanganum til að flýja, ef það væri þá mögulegt.

Ég vissi ekki einu sinni, hvort ég ætti nokkuð betra í vændum, þótt mér auðnaðist að flýja, en ég vildi heldur dvelja hjá fólki, sem var eins skapað og ég, en að vera lengur hjá hinum afskræmislegu og blóðþyrstu grænu mönnum. En hvert ég átti að halda og hvernig ég átti að komast burtu, var mér hulin ráðgáta.

Ég ákvað að trúa Sólu fyrir ráðagerðum mínum strax og tækifæri gæfist og biðja hana aðstoðar. Síðan breiddi ég ofan á mig silkiábreiðurnar og loðfeldinn og sofnaði.

X. KAFLI

Kappinn og höfðinginn

Næsta morgun var ég snemma á ferli. Mér var veitt töluvert frelsi ,og Sóla hafði sagt mér, að ég mætti fara allra minna ferða um borgina, en út fyrir hana mætti ég ekki stíga mínum fæti. Hún hafði samt sem áður varað mig við að fara út óvopnaður, því að stóru, hvítu aparnir væru hér og þar á kreiki í þessari borg, eins og í öllum hinum mannlausu borgum á Mars.

Sóla sagði mér, að það væri alveg þýðingarlaust fyrir mig að reyna að komast út úr borginni, því að Woola mundi sjá um, að mér tækist það ekki, og hún varaði mig sérstaklega við því, að reita hann til reiði með því að fara lengra en ég mætti. Hún sagði, að hann mundi koma aftur með mig inn í borgina dauðan eða lifandi, ef ég sýndi nokkurn mótþróa.

Þenna morgun hafði ég ráfað um götur, sem ég hafði ekki farið um áður, og allt í einu sá ég, að ég var kominn í úthverfi borgarinnar. Við mér blöstu lágar hæðir og fékk ég nú mikla löngun til að sjá, hvernig umhorfs væri handan við þær.

Mér datt líka í hug, að þetta væri ágætt tækifæri til að reyna Woola. Ég þóttist viss um, að þakklæti hans fyrir að ég var tvisvar búinn að bjarga lífi hans, mundi verða þyngra á metunum en trú-

mennska hans við hina grimmu og mannúðarlausu húsbændur hans.

Þegar ég var kominn að yztu húsunum í borginni, hljóp Woola fram fyrir mig og nuggaði sér upp að mér eins og hann væri að biðja mig að snúa við. Mér var farið að verða vel við bæði Sólu og Woola og nú datt mér í hug að reyna að fara að honum með góðu og vita, hvernig hann tæki því.

Ég settist flötum beinum á jörðina, lagði handleggina um hálsinn á honum og klappaði honum og kjassaði hann og talaði við hann á máli Marzbúanna, alveg eins og ég hefði farið með hundinn minn heima. Það var gaman að sjá, hvernig honum varð við þetta. Hann glennti upp ginið, fitjaði upp á trýnið og lygndi aftur augunum. Það var engu líkara, en hann væri að hlæja.

Hann velti sér á bakið við fæturna á mér, stökk svo á fætur og hentist á mig og setti mig um koll. Síðan velti hann sér og skreið í kringum mig eins og ærslafullur hvolpur, sem vill láta klappa sér. Ég gat ekki stillt mig lengur. Ég fór að skellihlæja, og var þetta í fyrsta sinn í marga daga, sem mér hafði verið hlátur í hug.

Woola varð dauðhræddur. Hann skreiddist til mín eins og hann væri að biðjast vægðar, og lagði ljóta hausinn í kjöltu mína. Þá mundi ég allt í einu, hvað hlátur merkir á Mars — þjáningar og dauða. Ég reyndi að bæla niðri í mér hláturinn, klóraði hundgreyinu á hálsinum og bakinu og talaði við hann í nokkrar mínútur. Síðan stóð ég á fætur,

lagði af stað í áttina til hæðanna og skipaði Woola að fylgja mér.

Upp frá þessari stundu hlýddi Woola mér skilyrðislaust. Það var enginn vafi á því, hver væri húsbóndi hans. Ég var ekki lengi að komast upp á hæðina, en ég sá ekkert markvert, aðeins margar aðrar hæðir til norðurs og loks fjöll, sem mér sýndust vera afar há, en það var samt vitleysa hjá mér, því að þeir eru ekki margir fjallstindarnir á Mars, sem eru yfir fjögur þúsund fet á hæð.

Þessi morgunganga mín hafði mikla þýðingu fyrir mig, því að nú gat ég farið allra minna ferða fyrir Woola ,sem Tars Tarkas hafði trúað fyrir að gæta mín. Ég vissi, að þótt ég væri að nafninu til fangi, var ég raunverulega frjáls, og ég flýtti mér aftur inn í borgina, áður en fyrri húsbændur Woola kæmust að því, hvernig hann vanrækti skyldustörf sín. Ég ákvað að fara aldrei aftur út fyrir þau takmörk, er mér var heimilt að fara, fyrr en ég væri reiðubúinn til að fara fyrir fullt og allt, því að ég vissi, að ef það kæmist upp, yrði frelsi mitt heft, og Woola að öllum líkindum drepinn.

Þegar ég kom inn á torgið, sá ég rauðu stúlkunni bregða fyrir í þriðja sinn. Hún stóð hjá gæzlukonum sínum fyrir framan innganginn inn í móttökusalinn, og þegar ég nálgaðist, leit hún allra snöggvast drembilega á mig og sneri sér svo undan.

Ég sá, að fólkið á torginu veitti fanganum óvenjulega mikla eftirtekt ,svo að ég staldraði við til að vita, hvað um væri að vera. Biðin varð ekki löng,

því að von bráðar kom Lorquas Ptomel og fylgdarlið hans. Þeir gengu inn í móttökusalinn, og Lorquas Ptomel benti um leið gæzlukonunum að koma með fangann. Ég laumaðist inn á eftir þeim og vonaði að mér yrði ekki hent út aftur. Ég bjóst við, að höfðingjarnir mundu varla fara að amast við mér, því að þeim var ekki kunnugt um, að ég var farinn að skilja tungu þeirra, því að ég hafði þrábeðið Sólu að halda því leyndu. Ég hafði sagt henni, að ég vildi helzt ekki þurfa að tala við hermennina, fyrr en ég væri farinn að tala alveg reiprennandi.

Höfðingjarnir höfðu nú tekið sér sæti fyrir framan ræðupallinn, en fyrir framan þá stóðu gæzlukonurnar með fangann á milli sín. Önnur gæzlukonan var Sarkoja. Hún beitti fangann mikilli hörku og grimmd. Þegar hún tók í stúlkuna, kleip hún hana með nöglunum og sneri upp á handleggina á henni. Þegar færa þurfti stúlkuna úr einum stað á annan, dró Sarkoja hana hranalega á eftir sér eða þá hratt henni á undan sér. Hún virtist vera að ausa úr sér öllu því hatri og grimmd, sem bjó í hennar níu hundruð ára gamla skrokk, og sem hún hafði fengið að erfðum frá grimmum og dýrslegum forfeðrum. Hún lét það bitna á aumingja varnarlausu stúlkunni .

Hin konan var ekki alveg eins hörð við fangann. Mér þótti vænt um, að það var hún, sem gætti stúlkunnar á nóttinni.

Um leið og Lorquas Ptomel ætlaði að fara að ávarpa fangann, varð honum litið á mig og

hann sneri sér að Tars Tarkas og sagði eitthvað við hann. Ég heyrði ekki, hverju Tars Tarkas svaraði, en Lorquas Ptomel brosti. Eftir það lét hann mig alveg afskiptalausan.

„Hvað heitir þú?“ spurði Lorquas Ptomel fangann.

„Dejah Thoris, og ég er dóttir Mors Kajak í Helium.“

„Og í hvaða erindagjörðum komstu hingað?“ spurði hann.

„Þetta var aðeins vísindalegur leiðangur, sem afi minn, Jeddak í Helium gerði út til að athuga loftstraumana og mæla loftþrýstinginn á ýmsum stöðum,“ svaraði stúlkan, lágum, þýðum rómi.

„Við vorum ekki búin undir að berjast.“ sagði hún „þar sem við vorum í friðsamlegum erindagjörðum, eins og fánar okkar sýndu skýrt og greinilega. Það verk, sem við vorum að vinna, var ekki síður í ykkar þágu en okkar, því að ykkur er vel kunnugt um það, að engin vera mundi vera lifandi á Mars, ef við ekki framleiddum nægilegt loft og vatn með okkar vísindalegu tækni. Um aldaraðir höfum við haldið loftinu og vatninu nokkurn veginn óbreyttu, þrátt fyrir hinar grimmdarlegu og heimskulegu árásir ykkar grænu mannanna. Hvers vegna getið þið ekki lært að lifa í sátt og samlyndi við aðrar þjóðir? Hversu lengi ætlið þið að halda áfram að lifa á sama stigi og skepnurnar? Þið eruð þjóð, sem á ekkert ritmál, engar listir ,engin heimili ,engan kærleika. Þið eruð þrælar sameignarstefn-

unnar .Þið eigið jafnvel konur og börn í sameiningu, en afleiðingin er sú, að þið eigið ekkert sameiginlegt. Þið hatið hvorn annan og þið hatið aðrar þjóðir. Takið aftur upp lifanaðarháttu forfeðra okkar beggja og leitizt við að snúa lífi ykkar til batnaðar. Ekkert er auðveldara, og rauðu mennirnir ern reiðubúnir til að hjálpa ykkur á allan hátt. Ef við vinnum saman, getur margt orðið til endurbóta ennþá á reikistjörnunni okkar. Dótturdóttir hins voldugasta rauða jeddaks, sem nokkurn tíma hefir verið uppi, býður ykkur samvinnu. Viljið þið það?"

Lorquas Ptomel og hermennirnir horfðu þöglir á hana, nokkra stund eftir að hún hafði lokið máli sínu. Hvað þeir hugsuðu, vissi ég ekki, en mér var það ljóst, að þeir voru hrærðir, og nýtt tímabil hefði hafizt í sögu Mars, ef einhver þeirra hefði haft hug til að segja, það sem honum bjó í brjósti.

Tars Tarkas stóð á fætur til að tala, og svipur hans bar vott um þá baráttu, er hann háði við erfðavenjur og ævagamla siði, og um leið og hann opnaði munninn, virtist mér meira að segja virðuleiki og góðmennska skína út úr hinni hræðilegu ásjónu hans.

En ég fékk aldrei að vita, hvað hann ætlaði að segja, því að í sama bili stökk ungur hermaður á fætur. Honum var auðsjáanlega ljóst, að hverju stefndi. Hann þaut til stúlkunnar og sló hana mikið högg á höfuðið svo að hún féll til jarðar. Síðan steig hann með öðrum fæti ofan á hana, sneri sér að höfðingjanum og rak upp skellihlátur.

Allra snöggvast hélt ég, að Tars Tarkas ætlaði að ráðast á hann, og Lorquas Ptomel virtist heldur ekki taka þesu vel, en grimmdareðlið var of ríkt í þeim og eftir litla stund fóru þeir að brosa.

Ég held, að ég hafi fundið það á mér, að eitthvað slíkt var í aðsigi, því að ég var reiðubúinn til að ráðast á þenna grimmdarsegg. Hann var tólf fet á hæð og alvopnaður, en ég var svo hamslaus af reiði, að ég held næstum því að ég hefði getað ráðið niðurlögum allra hermannanna, sem viðstaddir voru. Ég tók undir mig stökk og sló hann utan undir af öllu afli. Hann dró sverð sitt úr slíðrum. Ég fór að dæmi hans og um leið stökk ég upp á bringu á honum, krækti öðrum fætinum um skammbyssuskeftið hans, greip með vinstri hendi utan um aðra skögultönnina á honum og hjó svo með sverðinu í brjóst hans.

Hann hafði ekkert gagn af sverðinu sínu, af því að ég var of nærri honum, og hann gat heldur ekki náð skammbyssunni sinni, sem hann þó reyndi þvert ofan í lög Marsbúa, sem mæla svo fyrir, að í einvígi megi hermenn ekki nota annars konar vopn á mótstöðumann sinn en það, sem árásarmaðurinn kýs í fyrstu. Hann var sama sem varnarlaus, því að hann var ekki kraftameiri en ég, þótt hann væri mikill vexti. Eftir stutta stund hné hann dauður til jarðar.

Dejah Thoris hafði horft á bardagann. Þegar ég komst aftur á fætur, lyfti ég henni upp, bar hana að bekk úti við vegg og lagði hana þar.

Enginn Marsbúanna skipti sér af mér, svo að ég

notaði tækifærið og þurrkaði blóðið framan úr henni. Meiðsl hennar voru lítið annað en venjulegar blóðnasir. Þegar hún mátti mæla, lagði hún aðra höndina á handlegg mér, leit framan í mig og sagði:

„Hvers vegna gerðir þú þetta? Þú vildir ekki einu sinni sýna mér neinn vináttuvott, fyrst þegar við sáumst. Og nú leggur þú líf þitt í hættu og drepur einn af félögum þínum mín vegna. Ég get ekki skilið það. Þú ert einkennilegur maður. Þú leggur lag þitt við grænu mennina, þótt þú sért miklu líkari okkur en þeim. Og svo er hörund þitt ekki mikið dekkra en hvítu apanna. Segðu mér, hver ertu?“

„Það er nú saga að segja frá því,“ svaraði ég, „og enginn tími til þess nú, enda er hún svo ótrúleg, að ég efast stundum sjálfur um, að hún sé sönn, og ég get varla gert mér vonir um að aðrir trúi henni. Við skulum láta það nægja í bili, að ég er vinur þinn, verndari og þjónn, á meðan grænu mennirnir ekki hlutast til um það.“

„Ert þú þá líka fangi? En hvers vegna berð þú þá vopn og tignarmerki Tharkahöfðingja? Hvaða heitir þú? Hvar áttu heima?“

„Já, Dejah Thoris, ég heiti John Carter og er einnig fangi. Á heima í Virginia, einu af Bandaríkjum Ameríku á Jörðinni. En ég hefi ekki hugmynd um, hvers vegna mér er leyft að bera vopn, og ég vissi heldur ekki, að þetta væru tignarmerki höfðingja.“

Í sama bili kom hermaður og færði mér öll vopn og skartgripi hins fallna höfðingja, og um leið fékk

ég svarið við spurningu stúlkunnar. Það hlutu að vera herklæði höfðingjans, sem ég lagði að velli í fyrra sinnið í móttökusalnum, er ég bar, og þarna bættust við vopn hins. Ég var sigurvegarinn og mér hlotnuðust öll tignarmerki þeirra, svo að í raun og veru var ég höfðingi meðal grænu mannanna, og seinna komst ég að því, að það var ástæðan fyrir hinu mikla frelsi, sem ég naut.

Ég sneri mér við til að taka við vopnum hins fallna höfðingja og um leið sá ég að Tars Tarkas og fleiri voru komnir nærri því að mér. Tars Tarkas horfði einkennilega á mig. Að lokum ávarpaði hann mig:

„Það er furðulegt hversu vel þú talar tungu Barsoombúa. Fyrir nokkrum dögum síðan þóttist þú ekki skilja eitt einasta orð. Hvar lærðir þú það, John Carter?“

„Það á ég þér að þakka, Tars Tarkas,“ svaraði ég. „Þú útvegaðir mér alveg ágæta kennslukonu. Sóla er búin að kenna mér mál ykkar.“

„Hún hefir gert það vel,“ sagði hann. „En uppeldi þínu er samt ennþá í mörgu óbótavant. Veiztu hvert hlutskipti þitt hefði orðið, ef þér hefði ekki tekizt að drepa báða höfðingjana, sem þú hefir barizt við?“

„Ég býst við, að hefði annar hvor þeirra borið sigur úr býtum, væri ég nú ekki lengur í lifenda tölu,“ svaraði ég brosandi.

„Nei, þú hefir á röngu að standa. Hermenn okkar drepa aldrei fanga nema í ýtrustu sjálfsvörn. Við

viljum heldur geyma þá til annarra hluta," sagði hann, og leizt mér ekki á svip hans.

„Það er aðeins eitt, sem getur bjargað þér nú," bætti hann við. „Ef Tal Hajus telur þig þess verðan vegna dirfsku þinnar og frækni, að berjast með okkur, getur þú orðið höfðingi meðal okkar. Þangað til við komum til bækistöðva Tal Hajus, er það vilji Lorquas Ptomel, að þú njótir sömu réttinda og aðrir höfðingjar Tharka. Ég hefi lokið máli mínu."

„Ég hefi hlustað á mál þitt, Tars Tarkas," svaraði ég. „Eins og þér er kunnugt, er ég nýlega kominn til Barsoom. Ykkar siðir eru ekki mínir siðir, og framvegis mun ég hegða mér eins og ég hefi gert hingað til eftir því, sem samvizka mín býður mér og eftir siðferðilegum mælikvarða þjóðar minnar. Ef þið viljið láta mig afskiptalausan, mun ég láta ykkur í friði, en hver sá Barsoombúi, sem gerir á hluta minn, verður að taka afleiðingunum. Þið megið vera vissir um það, að verði þessari óhamingjusömu, ungu stúlku gert eitthvað til miska framvegis, þá er mér að mæta. Mér hefir skilizt, að þið hafið fyrirlitningu á öllum mannúðlegum tilfinningum, en það hefi ég ekki, og ég fullvissa ykkur um, að sá, sem ber slíkar tilfinningar í brjósti, getur hæglega verið mikill bardagamaður þrátt fyrir það."

Mér hefir aldrei verið um það gefið að halda langar tölur né heldur miklast af sjálfum mér, en ég gizkaði á, að grænu Marsbúunum mundi geðjast vel að þess háttar tali. Mér skjátlaðist heldur ekki.

Orðagjálfur mitt hafði þau áhrif, að þeir báru ennþá meiri virðingu fyrir mér eftir en áður.

Tars Tarkas virtist vera ánægður yfir svari mínu, en ég vissi varla, hvernig ég átti að skilja það, sem hann sagði — „Og ég held að ég þekki Tal Hajus, Jeddak í Thark."

Ég sneri mér nú aftur að Dejah Thoris, hjálpaði henni á fætur og leiddi hana út úr móttökusalnum. Gæzlukonurnar og höfðingjarnir gláptu á okkur, en enginn gerði tilraun til að hindra för okkar.

XI. KAFLI

Dejah Thoris

Við vorum komin út á torgið, þegar gæzlukonurnar komu í humáttina á eftir okkur. Þær náðu okkur von bráðar og virtust ætla að taka stúlkuna af mér. Aumingja stúlkan greip dauðahaldi í handlegginn á mér. Ég benti konunum að hafa sig á brott og sagði þeim um leið, að Sóla mundi annast um fangann héðan í frá, og ég gaf Sarkoja það í skyn, að Sarkoja gæti átt það á hættu að týna lífinu og það á hinn hræðilegasta hátt, ef hún gerði stúlkunni nokkuð mein.

Þetta hefði ég betur látið ósagt, því að hótanir mínar gerðu Dejah Thoris meira illt en gott. Seinna komst ég að því, að á Mars drepa karlar ekki kon-

ur, né heldur drepa konur karla. Sarkoja gaut augunum illilega til mín, en hún fór samt þegjandi burtu.

Ég fann brátt Sólu og sagði henni, að mig langaði til að biðja hana að gæta Dejah Thoris, eins og hún hefði gætt mín, og hyggilegast væri, að þær flyttu í aðra íbúð til að forðast Sarkoja, og að lokum sagði ég henni, að ég hefði ákveðið að flytja mig þangað, sem karlmennirnir hefðu aðsetur sitt.

Sóla leit á öll vopnin, sem ég var með.

„Þú ert nú orðinn mikill höfðingi, John Carter," sagði hún, „og ég verð að hlýðnast skipunum þínum. Ekki svo að skilja, að mér væri það ekki ljúft undir öllum kringumstæðum. Maðurinn, sem átti þessi vopn var ungur, en hann var mikill bardagamaður, sem með hreysti sinni og dirfsku hafði unnið sér frægð og frama, svo að hann að lokum gekk næst Tars Tarkas að tign, en honum æðri er enginn hér nema Lorquas Ptomel. Þú ert nú með æðstu mönnum þjóðar vorrar."

„En ef ég nú dræpi Lorquas Ptomel?"

„Þá mundir þú ganga næst Tal Hajus að tign. En sá heiður getur þér ekki hlotnazt nema það sé einróma samþykkt á ráðstefnu, að Lorquas Ptomel megi taka áskorun þinni. Ef hann réðist á þig að fyrra bragði, máttu drepa hann í sjálfsvörn, og þá væri þér heiðurinn vís."

Ég hló og sneri talinu að öðrum efnum. Ég fann enga sérstaka löngun hjá mér til þess að drepa Lor-

quas Ptomel, og því síður til að verða jed meðal Tharkanna.

Ég gekk með Sólu og Dejah Thoris til þess að leita að annarri íbúð handa þeim, og fundum við hana fljótlega í húsi, sem var nær móttökusalnum. Þar voru rúmgóð húsakynni og meira að segja reglu-leg svefnherbergi. Í þeim voru gömul málmrúm, er hengu í gullfestum niður úr loftinu, sem var úr marmara. Veggirnir í herbergjunum voru skreytt-ir myndum, er málaðar voru á þá, og þar voru líka mannamyndir, en þær hafði ég hvergi séð í öðrum húsum, sem ég hafði komið inn í áður. Þessar mynd-ir voru af fólki, sem líktist okkur, og var það miklu ljósara á hörund en Dejah Thoris. Það var klætt síðum, víðum skikkjum og bar marga skartgripi. Hár þeirra var mikið, ljósgult og rauðleitt að lit. Karlmennirnir voru skegglausir, og fáir báru vopn. Dejah Thoris klappaði saman lófunum af hrifn-ingu þegar hún sá þessi miklu listaverk, gerð af þjóð, sem fyrir löngu var liðin undir lok. Sóla gaf myndunum engan gaum.

Við ákváðum að nota þetta herbergi á annarri hæð hússins, og sem vissi út að torginu, handa Dejah Thoris og Sóla, og bakherbergi fyrir eldhús og til geymslu. Síðan sendi ég Sólu til að sækja rúmfötin, mat og annað, er þær þyrftu með, og sagði henni, að ég mundi gæta Dejah Thoris á meðan.

Um leið og Sóla var farin, sneri Dejah Thoris sér brosandi að mér.

‚Hvert ætti ég svo sem að fara, ef þú yfirgæfir

mig? Ég mundi líklega elta þig og biðjast verndar þinnar og biðja þig einnig afsökunar, því að ég hefi haft þig fyrir rangri sök.“

„Þú hefir rétt að mæla,“ svaraði ég. „Okkur verður ekki undankomu auðið, nema við förum bæði saman.“

„Ég heyrði, hvað þú sagðir við Tars Tarkas, og ég held að mér sé nú ljóst, hvernig högum þínum er háttað hér, en mér er ómögulegt að skilja þig, þegar þá segir, að þú sért ekki fæddur hér á Barsoom. En hvaðan ertu þá? Þú talar tungu okkar, og samt ertu ólíkur okkur. Þú talar tungu okkar, og samt heyrði ég, að þú sagðir Tars Tarkas, að þú værir nýlega búinn að læra hana. Allir Barsoombúar tala sömu tungu. Það er sagt, að það sé aðeins einn staður á Barsoom, þar sem talað er annað mál og það er í Dordalnum, þar sem fljótið Iss rennur út í hið týnda haf Korus. Við, sem nú lifum, vitum ekki um nokkurn þann Barsoombúa, sem hafi komið aftur upp eftir fljótinu Iss frá strönd Korushafsins í Dordalnum. Samt eru til munnmælasögur um það. Þú skyldir líklega ekki vera kominn þaðan? Ef svo væri, mundir þú hljóta hræðilegan dauðdaga, hvar sem þú næðist á yfirborði Barsoom. Segðu, að það sé ekki satt!“

Það brá fyrir undarlegum glampa í augum hennar, og rödd hennar var biðjandi.

„Ég þekki ekki siði ykkar, Dejah Thoris, en ég fullvissa þig um það, að mér mundi aldrei koma til hugar að skrökva til þess að forða mér frá óþægind-

um. Ég er ekki frá Dor og ég hefi aldrei augum litið fljótið Iss. Trúir þú mér ekki?“

Allt í einu varð mér það ljóst, að mér fannst mikið undir því komið, að hún tryði mér. Hvernig stóð á því? Hvers vegna stóð mér ekki á sama, hvað hún hugsaði um mig? Ég leit framan í hana og augu okkar mættust. Það fór hrollur um mig.

Henni virtist vera eitthvað svipað innan brjósts. Hún færði sig lengra frá mér og andvarpaði. En hreinskilnin skein út úr svip hennar, þegar hún leit á mig og hvíslaði: „Ég trúi þér John Carter. Ég veit ekki, hvaðan þú ert, en hér á Barsoom skrökvar enginn maður. Ef hann vill ekki segja sannleikann, þá þegir hann. Hvar er landið þitt, John Carter?“ spurði hún.

„Ég er úr öðrum heimi,“ svaraði ég, „frá stóru reikistjörnunni, Jörðinni, sem snýst í kringum sólina og er næst braut Barsoom ykkar, sem við þekkjum undir nafninu Mars. Hvernig ég er hingað kominn, get ég ekki sagt þér, því að ég veit það ekki sjálfur. En hér er ég, og þar sem mér hefir hlotnazt sú ánægja að mega þjóna þér, Dejah Thoris, þykir mér vænt um, að ég er hérna.“

Hún horfði lengi á mig, eins og hún skildi naumast, hvað ég væri að fara. Ég vissi, að það var erfitt að trúa sögu minni, enda gat ég varla gert mér vonir um, að hún mundi taka orð mín trúanleg, hversu innilega sem ég óskaði þess. Ég vildi miklu fremur hafa þagað yfir fortíð minni, en ég gat ekki horft í augu hennar og neitað að svara spurningum hennar.

Að lokum brosti hún og sagði: „Ég verð víst að trúa þér, jafnvel þótt ég skilji þetta ekki. Ég sé, að þú ert ekki af neinum þjóðflokki, sem nú lifir á Barsoom. Þú líkist okkur, en samt ertu öðruvísi – en hvers vegna ætti ég að vera að brjóta heilann um þetta, þegar hjarta mitt segir, að ég trúi þér, af því að ég vilji trúa þér.“

Fyrst hún gerði sig ánægða með svar mitt, gat ég látið mér það vel líka. Við fórum að tala saman um ýmislegt og spurðum hvort annað spjörunum úr. Hana langaði til að heyra um siði okkar og venjur, og hún vissi furðanlega mikið um ýmislegt á Jörðinni. Þegar ég spurði hana nánar, hvernig hún vissi um allt þetta á Jörðinni, hló hún og sagði:

„Hver einasti krakki á Barsoom þekkir sögu og landafræði, dýra- og jurtalíf reikistjörnunnar ykkar eins vel og sinnar eigin stjörnu. Getum við ekki séð allt, sem gerist á Jörðinni, eins og þú kallar hana?“

Ég verð að játa, að þetta kom mér á óvart, og ég sagði henni það. Hún skýrði mér þá frá því, að með fullkomnum tækjum, sem þjóð hennar notaði, mætti sjá fullkomna mynd af því, sem gerðist á reikistjörnunum. Þessar myndir voru svo fullkomnar, að þegar þær voru stækkaðar, mátti meira að segja greina grasstrá á jörðinni. Seinna sá ég margar af þessum myndum í Helium.

„Hvernig stendur á því,“ spurði ég, „að þú kannast ekki við mig sem einn af íbúum Jarðarinnar, fyrst þú ert öllu jarðnesku svona kunnug?“

Hún brosti aftur.

„Það er vegna þess, að næstum því allar reikistjörnur, sem hafa nokkuð gufuhvolf og ekki eru svo langt frá Barsoom, að við getum ekki athugað þær, eru allar byggðar af fólki, sem líkist þér og mér. Jarðarbúar hylja líkama sinn, næstum því undantekningarlaust, ljótum klæðum, og höfum við aldrei skilið, í hvaða tilgangi þeir gera það. En þegar Tharkarnir fundu þig, varst þú allsnakinn og barst enga skartgripi. Sú staðreynd, að þú barst ekki neina skartgripi, er næstum því fullkomin sönnun fyrir því, að þú ert ekki Barsoombúi, en aftur á móti varstu ekki í neinum fötum, svo að það er efamál, hvort þú getur verið jarðneskur.“

Ég sagði henni upp alla söguna, hvernig ég hefði komizt til Mars, og að líkami minn lægi líklega ennþá í öllum fötunum, þar sem ég hafði skilið við hann. Sóla kom nú aftur með eigur okkar og fósturbarnið sitt, sem vitanlega varð að fylgja henni, þegar hún skipti um verustað.

Sóla spurði okkur, hvort nokkur hefði komið á meðan hún var fjarverandi, og hún virtist verða hissa, þegar við svöruðum því neitandi. Um leið og hún kom inn í húsið, hafði hún mætt Sarkoja, sem var á leiðinni niður stigann. Okkur kom saman um það, að Sarkoja mundi hafa staðið á hleri, en þar sem við mundum ekki eftir að hafa sagt neitt, sem nokkru máli skipti, héldum við, að það mundi ekki hafa komið að sök, en við ákváðum að tala varlega framvegis.

Við Dejah Thoris fórum nú aftur að skoða mynd-

irnar á veggjunum. Hún sagði mér, að þetta fólk hefði, að öllum líkindum, verið uppi fyrir meira en hundrað þúsund árum. Þetta væru forfeður þjóðar hennar, en þeir höfðu blandazt tveimur öðrum þjóðum, einni, sem var svört, og annarri, sem var rauð, en báðar þessar þjóðir höfðu verið uppi á sama tíma.

Þessar þrjár þjóðir höfðu gert með sér öflugt bandalag. Þær höfðu verið neyddar til þess, því að hið ræktaða svæði á Mars fór stöðugt minnkandi, og við þessi nýju og erfiðu lífsskilyrði bjuggu þær og urðu að verjast stöðugum árásum grænu mannanna.

Eftir margra alda sambúð og innbyrðis giftingar voru þessar þrjár þjóðir orðnar að einum kynflokki, rauðu mönnunum. Þær höfðu átt við mikla erfiðleika að stríða, innbyrðis róstur milli hinna ýmsu kynflokka og eilífa bardaga við grænu mennina, og mikið af menningu og listum hinna fornu, ljóshærðu Marsbúa hafði farið forgörðum.

Þessir fornu Marsbúar höfðu staðið á mjög háu menningarstigi, en meðan þeir í gegnum aldaraðir voru að laga sig eftir nýjum og erfiðari lífskjörum hætti þeim að fara fram og nú voru öll rit þeirra og bækur týnd.

Dejah Thoris sagði mér margt merkilegt um þessa horfnu þjóð. Hún sagði mér, að borgin, sem við værum stödd í, mundi hafa verið miðstöð kaupsýslu og menningar, og hafði hún heitið Korad. Borg þessi hafði staðið á fögrum stað niðri við

höfnina. Margar slíkar borgir stóðu nú auðar á ströndum hinna miklu, uppþornuðu úthafa á Mars.

Við vorum svo niðursokkin í samræður okkar, að áður en við vissum af, var degi tekið að halla. Þá kom til mín sendimaður frá Lorquas Ptomel með orðsendingu um, að hann vildi finna mig samstundis. Ég kvaddi Dejah Thoris og Sólu, skipaði Woola að gæta þeirra og flýtti mér svo á fund Lorquas Ptomel. Hann beið mín í móttökusalnum, og Tars Tarkas sat við hlið hans.

XII. KAFLI

Valdamikill fangi

Þegar ég kom inn í móttökusalinn, kastaði ég kveðju á Lorquas Ptomel. Hann benti mér að koma nær og ávarpaði mig þannig:

„Þú hefir aðeins verið fáa daga með okkur, en samt sem áður, hefir þú með hreysti þinni komizt til vegs og valda. En þótt svo sé, ert þú af öðru sauðahúsi, og þú hefir ekki unnið okkur hollustueið. Staða þín er algerlega sérstæð. Þú ert fangi, og samt gefur þú skipanir ,og þeim skipunum verður að hlýða. Þú ert af erlendu bergi brotinn, og samt ertu höfðingi meðal Tharka. Þú ert dvergur í samanburði við okkur, og samt getur þú drepið hraustan hermann með einu hnefahöggi. Og nú hefir mér

borizt til eyrna, að þú hafir verið að ráðgera flótta ásamt öðrum fanga af öðrum kynflokki — fanga, sem játar, að hann trúi því hálft í hvoru, að þú sért kominn hingað frá Dordalnum. Ef hægt er að sanna, að önnur hvor eða báðar þessar ásakanir hafi við eitthvað að styðjast, er það nægileg líflátssök. En við erum réttlátir og þegar við komum til Thark, mun verða dæmt í máli þínu, ef Tal Hajus skipar svo fyrir. Takist þér að flýja með rauðu stelpunni, er það ég, sem verð að standa reikningsskil á því frammi fyrir Tal Hajus. Þá verð ég að berjast við Tars Tarkas, og láta vopnin skera úr því, hvort ég er hæfur maður í mína stöðu, en ef ég fell, mun Tars Tarkas taka við tignarstöðu minni. Þannig eru siðir okkar Tharka. Okkur Tars Tarkas kemur ekkert illa saman. Við stjórnum í sameiningu þessu þjóðarbroti grænu mannanna, og okkur langar ekkert til að berjast upp á líf og dauða. Þess vegna væri mér það ekki á móti skapi, að þú værir sviptur lífinu, John Carter. Samt er það tvennt, sem við megum drepa þig fyrir án leyfis Tal Hajus. Ef þú ræðst á annan hvorn okkar, megum við drepa þig í sjálfsvörn, og eins megum við taka þig af lífi, ef þú gerir tilraun til að flýja. Ég ætla að láta þig vita, að við bíðum aðeins eftir annarri hvorri þessari afsökun til að losna við hina miklu ábyrgð, er á okkur hvílir. Það er ákaflega mikilvægt, að rauða stúlkan verði flutt heil á húfi til Tal Hajus. Annar eins fengur hefir okkur ekki fallið í skaut í þúsund ár. Hún er sonardóttir hins voldugasta rauða jeddaks, sem uppi

hefir verið, og svo er hann einnig versti óvinur okkar. Ég hefi lokið máli mínu. Rauða stúlkan hélt því fram, að við ættum ekki til neinar mannúðlegar tilfinningar, en við erum réttlátir og við segjum aldrei ósatt. Þú mátt fara."

Ég sneri mér við og gekk út. Þetta var þá byrjunin á ofsóknum Sarkoja! Ég vissi, að það hlaut að hafa verið hún, sem hljóp með þetta í Lorquas Ptomel, og nú minntist ég þess, sem við Dejah Thoris höfðum talað um flótta og uppruna minn.

Sarkoja naut trausts Tars Tarkas, og þannig hafði hún töluverð völd, því að Tars Tarkas var ráðgjafi Lorquas Ptomel.

Samt sem áður varð þetta samtal okkar Lorquas Ptomel til að styrkja ákvörðun mína um að flýja. Mér var það ljóst, að hræðileg örlög biðu Dejah Thoris í bækistöðvum Tal Hajus. Mér rann kalt vatn milli skinns og hörunds, þegar mér datt í hug, að hún ætti ef til vill eftir að lenda í klónum á honum. Sóla var búin að lýsa honum fyrir mér, og grimmari maður var ekki til meðal Tharka.

Ég ráfaði fram og aftur um torgið, niðursokkinn í hugsanir mínar. Um leið og Tars Tarkas gekk út úr móttökusalnum, kom hann til mín og heilsaði mér eins og ekkert hefði í skorizt.

„Hvar býrð þú núna, John Carter?" spurði hann.

„Hvergi, nú sem stendur," svaraði ég. „Ég var að velta því fyrir mér, hvort ég ætti heldur að búa einn, eða setjast að hjá hermönnunum, og ég var aðeins að bíða eftir tækifæri til að spyrja þig ráða.

Eins og þér er kunnugt, þekki ég ekki ennþá siði ykkar Tharka út í æsar.“

„Komdu með mér,“ sagði hann og gekk með mér yfir torgið að húsinu, sem var næst því, sem Sóla og Dejah Thoris höfðu aðsetur sitt í.

„Ég bý á neðstu hæðinni í þessu húsi,“ sagði hann. „Á annarri hæð búa hermenn, en á þriðju hæð og hæðunum þar fyrir ofan býr enginn maður. Þú getur valið um, hvar þú vilt helzt vera. Mér hefir skilizt, að þú hafir eftirlátið rauða fanganum Sólu. Eins og þú sagðir sjálfur, eru þínir siðir ekki okkar siðir, og þú getur að mestu leyti farið þínu fram. En þar sem þú ert höfðingi, verður þú að hafa einhvern kvenmann til að líta eftir þörfum þínum, og eftir lögum okkar er þér heimilt að kjósa eina konu eða allar úr föruneyti höfðingjanna, sem áttu vopn þau, er þú nú berð.“

Ég þakkaði honum fyrir hugulsemina, en fullvissaði hann jafnframt um, að ég gæti komizt hjálparlaust af að matartilbúningnum undanskildum. Hann lofaði að senda til mín konur til að sjá um matinn og til að líta eftir vopnum mínum og búa til skotfæri handa mér, en það sagði hann að væri bráðnauðsynlegt. Ég stakk upp á því, að þær kæmu líka með einhver sængurföt, því að kalt var á nóttunni, og ég átti engin sjálfur.

Hann lofaði að koma þessu í kring og skildi við mig. Þegar ég var orðinn einn, fór ég inn í húsið til að athuga, hvar heppilegast væri fyrir mig að setjast að. Að lokum valdi ég herbergi á þriðju

hæð. Það sneri út að torginu, og ég valdi það vegna þess, að þar var ég eins nærri Dejah Thoris og mögulegt var, því að hún var á annarri hæð hússins, sem var áfast við þetta, og mér flaug í hug, að ég gæti ef til vill staðið í einhverju sambandi við hana þarna og að hún gæti ef til vill látið mig vita, ef hana vantaði eithvað. Á þessari hæð voru tíu herbergi. Baðherbergin sneru út að gríðarstórum húsagarði, þar sem hermennirnir geymdu hesta sína.

Stuttu seinna komu nokkrar ungar stúlkur með heil hlöss af vopnum, silkiábreiðum, loðfeldum, skartgripum, matarílátum og tunnum, fullum af mat og drykk. Allt þetta virtist hafa verið í eigu hinna tveggja höfðingja, sem ég hafði lagt að velli, og eftir lögum Tharkanna, átti ég það nú. Ég sagði þeim að setja allt herfangið í bakherbergin. Þær gerðu það og fóru svo en komu von bráðar aftur, og voru þá með þeim tíu eða fimmtán konur og unglingar í viðbót. Allt þetta fólk hafði verið áhangandi hinum tveimur höfðingjum.

Samband þessa fólks var afar einkennilegt, og erfitt að útskýra það. Konurnar voru ekki eiginkonur þeirra og þær voru heldur ekki þjónustustúlkur. Grænu Marsbúarnir eiga allt sameiginlega, og einu séreignir eru vopn, skartgripir, silkiábreiður og loðfeldir hvers einstaklings. Enginn má samt eiga meira en þörf krefur.

Mér var það ljóst, að ég varð nú að taka á mig þá ábyrgð, að stjórna þessu fólki, hvort sem mér var það ljúft eða leitt. Ég skipaði því að setjast að

uppi á fjórðu hæð hússins, svo að ég gæti verið í friði á þriðju hæðinni. Ég setti eina stúlkuna yfir eldamennskuna og sagði hinum að taka upp sín fyrri störf. Eftir það varð ég lítið var við þetta fólk.

XIII. KAFLI

Ástaræviníýri á Mars

Eftir orustuna við flugbátana, héldum við kyrru fyrir í borginni í nokkra daga, þangað til grænu mennirnir virtust vera nokkurn veginn vissir um, að flugbátarnir kæmu ekki aftur. Jafnvel svo herská þjóð, sem grænu Marsbúarnir, gerði það ekki að gamni sínu að láta ráðast á sig úti á sléttunum með vagnlest af konum og börnum í eftirdragi.

Þessum dögum varði ég til að læra ýmislegt af Tars Tarkas, þar á meðal hvernig ég ætti að fara með stóru skepnurnar, sem þeir notuðu fyrir hesta. Þessir hestar eru eins hættulegir og illir viðureignar og eigendur þeirra, en ef rétt er með þá farið, má hafa fullt gagn af þeim.

Ég hafði erft tvo hesta eftir höfðingjana tvo, og á stuttum tíma var ég búinn að læra að stjórna þeim ekki síður en innfæddu hermennirnir. Aðferðin var ofur einföld. Ef hestarnir voru ekki nógu fljótir að hlýðnast fjarskynjunarskipunum reiðmannanna, voru þeir umsvifalaust barðir með skammbyssu-

skefti milli eyrnanna, og ef það ekki dugði, var barsmíðinni haldið áfram þangað til hestarnir annað hvort voru yfirbugaðir, eða þá að þeir voru búnir að setja reiðmanninn af sér.

Ef svo illa tókst til, varð það bardagi upp á líf og dauða milli mannsins og skepnunnar. Ef maðurinn var nógu fljótur að grípa til byssunnar, átti honum ef til vill eftir að verða auðið að koma á hestbak aftur. En yrði hesturinn fljótari til, urðu úrslitin þau, að sundurtættur og brotinn líkami mannsins var brenndur á báli.

Mér hafði tekizt svo vel að hæna Woola að mér, að ég ákvað að reyna að fara strax að hestunum mínum með góðu. Fyrst kenndi ég þeim, að þeir gætu ekki sett mig af sér og sló þá meira að segja nokkrum sinnum til að sýna þeim, hver væri húsbóndi þeirra. Síðan fór ég smám saman að láta vel að þeim, klappa þeim og kjassa þá eins og ég hafði verið vanur að láta að öllum þeim mörgu hestum, sem ég hafði átt.

Eftir nokkra daga litu allir á hesta mína eins og einhver furðuverk veraldarinnar. Þeir eltu mig eins og hundar, nugguðu sér upp að mér með mestu vinalátum og hlýddu hverri skipun minni. Grænu hermennirnir voru farnir að halda, að ég byggi yfir einhverjum jarðneskum mætti ‚sem væri algerlega óþekktur á Mars.

‚Hvernig hefir þú farið að þessu?“ spurði Tars Tarkas mig einu sinni, eftir að hann hafði séð mig

fara með höndina upp í annan hestinn og ná steini, sem sat fastur milli tanna hans.

„Ég hefi aðeins fylgt þeirri reglu, að vera alltaf góður við þá," svaraði ég. „Sjáðu til, Tars Tarkas, góðmennskan getur líka haft sína kosti, jafnvel fyrir hermenn. Ég veit, að hestarnir mínir hlýða mér út í yztu æsar, jafnt á langferðum sem á orustuvellinum, og þess vegna get ég beitt mér betur í bardögum. Með öðrum orðum, ég er betri hermaður, af því að ég er góður við hestana mína. Hermenn ykkar mundu fljótt finna, að það borgaði sig fyrir þá að taka upp tamningaaðferð mína. Þú sagðir mér það sjálfur fyrir nokkrum dögum, að það gæti verið undir hestunum komið, hvort sigur fengist í orustu, því að allt færi á ringulreið ef þeir óhlýðnuðust skipununum."

‚Sýndu mér, hvernig þú ferð að ná svona góðum árangri," mælti Tars Tarkas.

Ég útskýrði það nákvæmlega fyrir honum, hvernig ég hefði farið að því að temja hestana mína, og seinna lét hann mig endurtaka það allt frammi fyrir Lorquas Ptomel og hernaðarráðinu. Sú stund markaði tímamót í lífi hestanna, og áður en ég skildi að fullu og öllu við Lorquas Ptomel og hermenn hans, veittist mér sú ánægja að sjá alla hestana undantekningarlaust, hlýðna og þæga eins og lömb. Breytingin var svo stórkostleg, að Lorquas Ptomel gaf mér gullhring, sem hann tók af fætinum á sjálfum sér, í virðingarskyni fyrir vel unnið starf í þágu þjóðarinnar.

Á sjöunda degi frá bardaganum við flugbátana, héldum við aftur af stað til Thark. Lorquas Ptomel áleit, að nú væri öruggt, að ekki yrði ráðizt á okkur.

Dagana fyrir brottförina, hafði ég sjaldan séð Dejah Thoris, þar sem ég hafði verið önnum kafinn við að læra ýmislegt varðandi hernað af Tars Tarkas, og svo að temja hestana mína. Í þau fáu skipti, sem ég ætlaði að heimsækja hana, var hún einhvers staðar úti með Sólu. Ég hafði varað þær við að fara langt frá torginu, vegna stóru, hvítu apanna, því að ég gat sjálfur borið um það, að ekki var gott að lenda í klóm þeirra. Samt sem áður átti þeim að vera óhætt, því að Sóla var vel vopnum búin, og Woola fylgdi þeim , hvert sem þær fóru.

Kvöldið áður en við lögðum af stað, sá ég, hvar Dejah Thoris og Sóla komu gangandi eftir einni af aðalgötunum, sem liggja að torginu frá austri. Ég gekk á móti þeim, sagði Sólu að ég skyldi ábyrgjast Dejah Thoris, og sendi hana svo burtu í einhverjum erindagjörðum. Mér líkaði vel við Sólu og ég bar fullt traust til hennar, en mig langaði til að vera einn með Dejah Thoris, því að hún ein minnti mig á allt það, sem ég hafði misst, er ég hvarf frá jörðinni. Mér fannst vera náið samband á milli okkar, eins og við værum borin og barnfædd undir sama þaki, en ekki á tveimur reikistjörnum í fjörutíu og átta miljón mílna fjarlægð hvort frá öðru.

Ég þóttist viss um, að henni væri eitthvað svipað innanbrjósts, því að vonleysissvipurinn hvarf af and-

liti hennar þegar ég nálgaðist, og hún brosti glaðlega um leið og hún lagði hægri höndina á vinstri öxl mér í kveðjuskyni, en það var kveðja rauðu Marsbúanna.

„Sarkoja sagði Sólu, að þú værir nú raunverulega orðinn Tharki," sagði hún, „og ég mundi ekki fá að sjá þig frekar en hina hermennina."

„Það er ekki einu orði trúandi, sem Sarkoja segir," svaraði ég „þrátt fyrir allar fullyrðingar um sannsögli Tharka."

Dejah Thoris hló.

„Ég vissi, að þú mundir ekki hætta að vera vinur minn, þótt þú berir vopn og öll einkenni Tharka. Ég held nú samt, að þeir hafi verið að reyna að stía okkur sundur, því að alltaf þegar þú hefir verið einhvers staðar í nálægðinni, hefir einhver gamla konan úr föruneyti Tars Tarkas komið og haft okkur Sólu burtu með sér með ýmsum ráðum. Ég hefir verið látin dúsa niðri í kjallara tímunum saman, og hefi orðið að hjálpa til við að búa til radiumpúður, sem þeir nota í skotin."

Mig furðaði ekkert á því, að reynt væri að stía okkur sundur, en ég varð ofsareiður, þegar ég heyrði, að hún væri látin vinna bæði hættulegt og erfitt starf.

„Hefir þér verið misþyrmt, Dejah Thoris?" spurði ég, og blóðið svall í æðum mér, á meðan ég beið eftir svari.

„Það er svo lítilfjörlegt, að ég vil ekki um það tala, John Carter," sagði hún. „Það hefir engin

áhrif á mig. Þeir vita, að ég get rakið ættir mínar til jeddaksins, sem lét grafa fyrsta stóra skurðinn á Mars, og þeir, sem ekki einu sinni þekkja mæður sínar, öfunda mig af ættgöfgi minni. Innst inni harma þeir hræðileg örlög, er bíða þeirra, og þess vegna láta þeir illsku sína bitna á mér, sem hefi allt það, er þeir þrá, en geta aldrei náð. Við skulum hafa meðaumkun með þeim, höfðingi minn, því að það getum við, jafnvel þótt þeir eigi ef til vill eftir að taka okkur af lífi. Við erum þeim æðri, og þeim er það ljóst."

Hefði ég vitað merkingu orðanna „höfðingi minn," þegar þau komu af vörum rauðrar konu á Mars, mundi ég hafa orðið steinhissa, en ég vissi hana ekki fyrr en mörgum mánuðum seinna. Já, ég átti enn eftir að læra margt á Barsoom.

„Ég held, að bezt sé fyrir okkur að bera okkur vel, Dejah Thoris. En ég vona samt sem áður, að ég verði einhvers staðar nærri, ef einhver græningi gerist svo djarfur að móðga þig, konungsdóttir mín."

Það var eins og henni brygði við síðustu orð mín. Hún leit á mig hlæjandi, en svo hristi hún höfuðið og sagði:

„Ósköp ertu mikið barn! Þú ert hraustur hermaður, en þú veizt samt ekki meira en krakkaangi."

„Hvað hefi ég nú gert af mér?" spurði ég forviða.

„Ef við lifum, John Carter, muntu einhvern tíma fá að vita það, en ég má ekki segja þér það. Og ég, dóttir Mors Kajak, sonar Tardos Mors, hefi hlustað

á þig án þess að reiðast orðum þínum," sagði hún.

Síðan fór hún aftur að hlæja og henda gaman að því, að ég væri hermaður í liði Tharka en samt væri ég að eðlisfari viðkvæmur.

„Mér kæmi það ekki á óvart, ef þér yrði það á að særa einhvern óvin þinn, að þú færir með hann heim til þín og græddir sár hans," sagði hún hlæjandi.

„Það gerum við einmitt á Jörðinni," svaraði ég. „Að minnsta kosti meðal siðaðra þjóða."

Hún fór að hlæja. Hún gat ekki skilið þetta, því að hún var fyrst og fremst Marsbúi, þrátt fyrir kvenlega blíðu og viðkvæmni, er hún bjó yfir, og Marsbúar meta ekki líf óvina sinna mikils.

Mér lék ennþá forvitni á að vita, hvað ég hefði sagt rétt áðan, sem henni brá svona við, svo að ég bað hana enn að segja mér það.

„Nei, það er nægilegt, að þú hefir sagt það, og að ég hefi hlustað á þig," svaraði hún. „Og þegar þú færð að vita það, John Carter, og ef ég verð horfin héðan, þá skaltu minnast þess, að ég hlustaði á orð þín og að ég — brosti."

Þetta fór allt fyrir ofan garð og neðan hjá mér, og því meir sem ég bað hana að útskýra þetta, því ákveðnari varð hún, og seinast gafst ég alveg upp við það.

Á meðan við gengum þarna eftir götunni, hafði dagsbirtan horfið, en tunglin tvö lýstu okkur, og mér fannst við Dejah Thoris vera ein í alheiminum. Kvöldkulið lék um okkur, og ég tók silkiábreiðuna,

sem ég hafði með mér og lagði hana um herðar Dejah Thoris. Hönd mín hvíldi andartak á öxl hennar, og mér fannst Dejah Thoris halla sér örlítið að mér, en samt var ég ekki alveg viss um það. Ég vissi aðeins, að hönd mín hvíldi lengur á öxl hennar, en nauðsynlegt var, og hún færði sig ekki frá mér og sagði heldur ekki neitt. Þannig gengum við þögul áfram, og á þessari stundu kviknaði í brjósti mínu hin ævagamla kennd, sem ávallt er ung.

Ég elskaði Dejah Thoris. Um leið og hönd mín snart nakta öxl hennar, var eins og eldur læsti sig um mig allan, og ég vissi að ég hafði elskað hana frá þeirri stundu, er ég sá hana í fyrsta sinni á torginu í hinni auðu borg Korad.

XIV. KAFLI

Einvígið

Mig langaði mest til að tjá Dejah Thoris ást mína strax, en þá datt mér í hug, að ég væri eini maðurinn, sem að einhverju leyti gæti létt henni þessa þungbæru byrði, að vera fangi hjá Thörkum. Ég gat ekki fengið það af mér að gera henni lífið ennþá þungbærara með því að tjá henni ást mína, sem hún að öllum líkindum ekki gat endurgoldið. Þess vegna ákvað ég að bíða.

„Hvers vegna ertu svo þögul, Dejah Thoris?“

spurði ég. „Þú vilt ef til vill heldur flýta þér heim til Sólu?“

„Nei, ég er ánægð,“ svaraði hún lágum rómi. „Ég veit ekki, hvernig á því stendur, að ég er alltaf haminingjusöm og ánægð, þegar þú ert hjá mér, John Carter, enda þótt við þekkjumst lítið. Samt finnst mér alltaf, að ég sé örugg og óhult, þegar ég er hjá þér, og þá finnst mér, að ekki muni líða á löngu, áður en ég standi aftur í hallargarði föður míns, og að hann vefji mig örmum, og að móðir mín kyssi mig á kinnina.“

„Kyssist fólk þá líka hérna á Barsoom?“ spurði ég.

„Já, foreldrar kyssa börn sín, systkin kyssast, – og svo elskhugar,“ bætti hún við lágum rómi.

„Átt þú foreldra og systkin, Dejah Thoris?“

„Já.“

„Og – elskhuga?“

Hún þagði, og ég þorði ekki að endurtaka spurninguna.

„Karlmenn á Barsoom,“ sagði hún að lokum, „spyrja konur ekki persónulegra spurninga, ekki nema móður sína og þá konu, sem hann hefir barizt fyrir og unnið.“

„En ég hefi barizt –“ sagði ég, en jafnskjótt sá ég eftir því. Ég var ekki fyrr búinn að sleppa orðunum, en hún sneri sér að mér, tók silkiábreiðuna af herðum sér og rétti mér hana steinþegjandi. Síðan gekk hún hnarrreist í áttina til torgsins og rétt á eftir var hún horfin inn um dyrnar á húsinu, þar sem hún bjó.

Ég reyndi ekki að veita henni eftirför, en skipaði Woola að fylgja henni, því að ég vissi, að þá var henni óhætt. Síðan ráfaði ég einmana og yfirgefinn heim til mín. Þar sat ég lengi og hugsaði um það, hvernig örlögin gætu leikið á okkur dauðlega menn. Ég var í illu skapi.

Þetta var þá ástin! Ég hafði lagt hinar fimm heimsálfur undir fót, og siglt um úthöfin. Margar fagrar konur höfðu orðið á vegi mínum, en þrátt fyrir mörg tækifæri, hafði ég hingað til aldrei orðið alvarlega ástfanginn. Þrátt fyrir óljósa þrá eftir að finna þá konu, er hefði allt það til að bera, sem ég dáðist mest að, hafði það að lokum orðið hlutskipti mitt að ala í brjósti vonlausa ást til veru úr öðrum heimi, konu, sem var komin úr eggi og gat lifað í þúsund ár, konu, sem hafði alizt upp við aðra siði og venjur en ég, og við höfðum ef til vill gagnólíkar hugmyndir um allt milli himins og jarðar.

Já, ég var kjáni, en ég var ástfanginn, og þrátt fyrir þjáningar mínar og hugarangur, hefði ég ekki viljað skipta á því og öllum auðæfum á Barsoom. Þannig er ástin.

Í mínum augum var Dejah Thoris fullkomin, fögur, göfug og góð. Það var sannfæring mín þetta kvöld, þegar ég sat og hugsaði um hana í herberginu mínu í Koradborg, og það er sannfæring mín í dag, þar sem ég sit við skrifborðið í litlu skrifstofunni minni og horfi út yfir Hudsonfljótið. Tuttugu ár eru liðin. Tíu þeirra varði ég til að berjast fyrir

Dejah Thoris og þjóð hennar, og í tíu ár hefi ég lifað á endurminningunum.

Morgunninn sem við lögðum af stað til Thark, rann upp heiður og heitur, og þannig eru allir morgnar á Mars að þeim sex vikum undanteknum, sem snjórinn á heimskautunum er að bráðna.

Ég leitaði að Dejah Thoris í vagnaþvögunni á torginu, en þegar ég fann hana, vildi hún ekki líta við mér, sneri sér undan, og ég sá, að hún blóðroðnaði. Hefði ég nú haft vit á því að útskýra það fyrir henni, að mér væri alveg óskiljanlegt, hvað ég hefði gert til að móðga hana, mundi hún ef til vill hafa fyrirgefið mér. En ég þagði.

Ég leit inn í vagninn til hennar til að gæta að, hvort ég gæti gert nokkuð til að betur færi um hana. Sá ég þá mér til mikillar skelfingar, að hún var í hlekkjum.

„Hvað á þetta að þýða?“ spurði ég og sneri mér að Sóla.

„Sarkoja áleit að það væri heppilegast,“ svaraði hún, en ég gat lesið í svip hennar, að þetta var henni á móti skapi.

Ég athugaði hlekkjafestina og sá, að henni var haldið saman af þungum hengilás.

„Hvar er lykillinn, Sóla? Fáðu mér hann.“

„Sarkoja geymir hann,“ svaraði hún.

Ég fór tafarlaust að leita að Tars Tarkas og þegar ég fann hann, mótmælti ég harðlega þeirri meðferð, er Dejah Thoris varð að sæta.

„John Carter,“ svaraði hann, „ef þið Dejah Thor-

is nokkurn tíma sleppið frá Thörkum, þá verður það á þessari ferð. Við vitum, að þú strýkur ekki án hennar. Þú hefir sýnt það og sannað, að þú ert mikill bardagamaður, og við viljum helzt ekki leggja bönd á þig, og þess vegna höldum við ykkur báðum föstum á þenna auðvelda hátt. Ég hefi lokið máli mínu."

Mér var það ljóst, að ekkert þýddi að reyna að telja honum hughvarf, en ég bað hann að láta taka lykilinn af Sarkoja og banna henni að skipta sér nokkuð af stúlkunni.

„Þetta lítilræði getur þú vel gert fyrir mig, Tars Tarkas, sem endurgjald fyrir þann vinarhug, er ég el í brjósti til þín."

„Vinarhug?" svaraði hann. „Vinátta er ekki til, John Carter. En ég get látið þetta eftir þér. Ég skal skipa Sarkoja að láta stúlkuna í friði, og ég skal sjálfur geyma lykilinn."

„Þú vilt kannske heldur, að ég taki á mig ábyrgðina," sagði ég brosandi.

Hann horfði lengi og alvarlega á mig, áður en hann svaraði.

„Ef þú legðir það við drengskap þinn, að hvorki þú né Dejah Thoris gerðuð enga tilraun til að flýja, fyrr en við erum komin heilu og höldnu til hirðar Tal Hajus, mættir þú fá lykilinn og henda hlekkjunum í fljótið Iss."

„Það er líklega bezt að þú geymir hann, Tars Tarkas," svaraði ég.

Hann brosti, en sagði ekki neitt. Þegar við nám-

um staðar um kvöldið, sá ég, að Tars Tarkas leysti sjálfur fjötrana af Dejah Thoris.

Þrátt fyrir grimmdina og kaldlyndið, virtist Tars Tarkas samt sem áður búa yfir einhverju öðru, sem hann stöðugt reyndi að bæla niður. Gat það verið, að hann undir niðri og án þess að honum væri það ljóst sjálfum, hefði andstyggð á framferði og siðum þjóðar sinnar?

Þegar ég var á leiðinni til vagnsins, þar sem Dejah Thoris var, mætti ég Sarkoju. Hún leit illilega til mín, en mér stóð á sama um það. Hatrið skein út úr svip hennar.

Stuttu seinna sá ég hana á eintali við hermann, Zad að nafni. Hann var risavaxinn og sterklegur, en hann hafði ekki lagt neinn höfðingja að velli, svo að hann var ennþá *o mad*, eða maður, sem ekki heitir nema einu nafni. Seinna nafnið hlaut hann, ef hann yfirbugaði einhvern höfðingja í einvígi. Þannig hafði ég hlotið tvö nöfn, og sumir hermennirnir kölluðu mig alltaf Dotar Sojat eftir höfðingjunum, sem ég hafði lagt að velli.

Á meðan Sarkoja var að tala við Zad, gaut hún augunum hvað eftir annað til mín, og virtist mér hún vera að eggja hann á að gera eitthvað. Ég gaf þessu lítinn gaum, en daginn eftir komst ég að raun um, að hún sveifst einskis til að hefna sín á mér.

Dejah Thoris vildi hvorki heyra mig né sjá. Þótt ég yrti á hana, anzaði hún mér ekki. Í vandræðum mínum fór ég að leita að Sólu til að vita, hvort hún gæti skýrt þetta fyrir mér.

‚Hvað gengur að Dejah Thoris?“ spurði ég Sólu undir eins og ég fann hana. „Hvers vegna vill hún ekki tala við mig?“

Sóla virtist líka vera forviða á þessu framferði hennar.

„Hún segir, að þú hafir móðgað hana. Annað get ég ekki haft upp úr henni, nema að hún sé dóttir jeds og sonardóttir jeddaks, og að maðurinn, sem hafi móðgað hana, sé ekki einu sinni þess verður að fægja tennurnar í soraknum hennar ömmu hennar.“

Ég íhugaði þetta svar nokkra stund.

„Hvað er sorak, Sóla?“ spurði ég að lokum.

„Sorak er lítið dýr, ekki stærra en hnefi minn, sem rauðu konurnar á Mars hafa fyrir kjöltudýr,“ svaraði Sóla.

Ekki þess verður að fægja tennurnar í soraknum hennar ömmu hennar! Ég hlaut að vera í litlu áliti hjá Dejah Thoris, hugsaði ég. En ég gat ekki annað en hlegið að þessu, því að það minnti mig á orðtækið sem við notum — „ekki þess verður að binda skóþveng hennar.“ Ég fékk hreint og beint heimþrá af þessu. Og nú fór ég að hugsa heim til æskustöðvanna, en það hafði ég ekki gert lengi. Ég fór að hugsa um það, hvað skyldfólkið mitt heima væri að hafast að. Ég hafði ekki séð það svo árum skipti. Það voru sérstaklega tveir strákar, frændur mínir, sem mig langaði til að sjá. Þeim hafði ávallt þótt mikið til mín koma. Mér var ferðafýsnin í blóð borin og ég hafð aldrei átt neitt heimili frá því að ég fór að heiman í fyrsta sinni, og nú þráði ég ekk-

ert heitara en að vera aftur kominn heim til frænda míns í Virginia, burt frá þessu grimma og fjandsamlega fólki, sem ég hafði lent hjá. Var ekki meira að segja Dejah Thoris illa við mig? Henni fannst áreiðanlega ekki mikið til um mig. En það hjálpaði mér í þetta sinni, að ég var léttlyndur og rétt á eftir lagðist ég á gólfið, breiddi ofan á mig ábreiðurnar og sofnaði værum svefni.

Snemma næsta morgun lögðum við af stað og haldið var áfram sleitulaust fram í myrkur. Tvö atvik komu fyrir á þessari dagleið. Um hádegi sáum við eitthvað langt til hægri, sem virtist vera klakstöð, og Lorquas Ptomel skipaði Tars Tarkas að fara þangað til að athuga það. Til fararinnar valdi Tars Tarkas tólf hermenn, og var ég einn af þeim. Þeystum við síðan sem mest við máttum í áttina til afgirta svæðisins.

Það kom líka í ljós, að þetta var klakstöð, en eggin voru mjög lítil í samanburði við þau egg, sem ég hafði séð fyrsta daginn, sem ég dvaldi á Mars.

Tars Tarkas sté af baki og skoðaði klakstöðina mjög gaumgæfilega. Að lokum gaf hann þann úrskurð, að þetta væri ein af klakstöðvum grænu mannanna í Warhoon ,og að þeir mundu nýlega hafa komið með eggin, því að steypan væri ennþá ekki orðin hörð.

„Þeir eru varla dagleið á undan okkur," sagði hann, og bardagafýsnin skein út úr svip hans.

Það var ekki langrar stundar verk að eyðileggja klakstöðina. Hermennirnir brutu gat á múrinn.

Tveir þeirra skriðu inn um opið og eftir stutta stund voru þeir búnir að brjóta hvert einasta egg með sverðum sínum. Síðan stigum við aftur á bak og riðum allt hvað af tók til vagnlestarinnar. Á leiðinni gafst mér tækifæri til að spyrja Tars Tarkas, hvort þessir Warhoonar væru minni vexti en Tharkar.

„Ég veitti því eftirtekt, að eggin þeirra voru miklu minni en eggin, sem ég sá í klakstöðinni ykkar," bætti ég við.

Hann útskýrði fyrir mér, að eggin hefðu verið nýkomin í klakstöðina, og ef þau hefðu fengið að vera í friði, mundu þau hafa stækkað alltaf á þessum fimm árum, sem þau væru þar, þangað til þau hefðu verið orðin eins stór og eggin, sem ég sá daginn, sem ég kom til Barsoom. Í fyrstu eru eggin ekki mikið stærri en venjuleg gæsaregg ,og þau fara ekki að stækka fyrr en þau eru látin út í sólskinið, svo að höfðingjarnir eru ekki í neinum vandræðum með að flytja nokkur hundruð egg í einu frá hvelfingunum, þar sem þau eru geymd og út að klakstöðvunum.

Skömmu seinna var numið staðar um stund til að hvíla reiðskjótana. Það var þá, sem seinna atvikið kom fyrir. Ég var að taka reiðverið af öðrum reiðskjóta mínum og setja það á hinn, því að ég reið á þeim til skiptis, þegar Zad kom til mín og barði skepnuna bylmingshögg með sverðinu sínu.

Ég varð svo reiður, að mér var það skapi næst, að taka skammbyssuna mína og skjóta þenna grimmd-

arsegg. En hann stóð og beið eftir mér með sverðið í hendinni, og átti ég þá einskis annars úrkosti en að draga sverð mitt úr slíðrum, ef ég átti að fylgja lögum og reglum grænu Marsbúanna. Ég hafði reyndar leyfi til að nota minna vopn en hann, svo sem öxi, rýting, og ég mátti berjast með hnefunum ef ég vildi, en skotvopn eða spjót mátti ég ekki nota.

Eg kaus mér sama vopn og hann, því að mér var kunnugt um, að hann var ákaflega hreykinn af vopnfimi sinni, og mér var það áhugamál, ef hann skyldi bera lægra hlut frá borði, að hann félli fyrir sams konar vopni og hann hefði sjálfur valið. Bardagi okkar varð bæði langur og harður og tafði för okkar meira en klukkustund.

Zad ætlaði fyrst að neyta þess, að hann var miklu stærri og sterkari en ég. Það var einna líkast því, að naut og úlfur væru að eigast við. Það bjargaði mér, að ég var liðugri í snúningum en hann, og í hvert sinn, sem hann réðist til atlögu stökk ég til hliðar, en hann hentist fram hjá mér, og þá tókst mér oftast að koma á hann lagi, annað hvort í bakið eða handlegginn. Það leið ekki á löngu, áður en blóðið lagaði úr nokkrum sárum, en aldrei tókst mér að særa hann, svo að nokkru gagni kæmi. Þá breytti hann um bardagaaðferð. Nú fór hann að nota það litla vit, sem hann hafði, í stað þess að treysta eingöngu á kraftana. Ég verð að játa, að hann kunni að nota sverðið, og hefði ég ekki verið þolnari en hann, er það alveg óvíst, hvort mér hefði orðið fleiri lífdaga auðið.

Sverðin blikuðu í sólskininu, og glamrið í þeim var eina hljóðið, sem rauf þögnina, er ríkti í kringum okkur. Að lokum varð Zad það ljóst, að hann var orðinn þreyttari en ég, svo að hann sótti í sig veðrið og ætlaði auðsjáanlega að láta til skarar skríða. Enginn vafi lék á því, að hann var viss um sigurinn. Um leið og hann nálgaðist mig, skein skært ljós beint í augu mér svo að ég sá hann ekki. Í blindni stökk ég til hliðar, því að ég vissi að það var mín eina von til að komast undan sverðshöggi hans. Mér heppnaðist það aðeins að nokkru leyti. Stingandi sársauki í vinstri öxlinni fullvissaði mig um það. Um leið og ég litaðist um eftir mótstöðumanni mínum, sá ég nokkuð, sem að fullu bætti mér upp sársaukann. Uppi í vagni Dejah Thoris stóðu þrjár konur. Þær gnæfðu upp yfir mannfjöldann, sem stóð í kringum bardagasvæðið. Það voru þær Dejah Thoris, Sóla og Sarkoja. Það, sem ég sá á þessari svipstundu, mun standa mér skýrt fyrir hugskotssjónum, á meðan ég lifi.

Í sama bili og mér varð litið þangað, réðst Dejah Thoris með villidýrsæði á Sarkoju og sló eitthvað úr uppréttri hendi hennar — eitthvað ,sem blikaði í sólskininu um leið og það féll til jarðar. Þá skildi ég, hvað það var, sem hafði blindað mig á þessari örlagaríku stund, og hvernig Sarkoja hafði fundið ráð til þess að drepa mig án þess þó sjálf að koma nærri. Ég sá nú líka annað, sem næstum því kostaði mig lífið, því að andartak gleymdi ég algerlega mótstöðumanni mínum, því að ég sá að andlit Sarkoju

afskræmdist af tryllingslegri reiði og hatri, um leið og Dejah Thoris sló spegilinn úr hendi hennar, og hún dró rýting sinn úr slíðrum, hóf hann á loft, og ætlaði að reka Dejah Thoris í gegn með honum. En Sóla stökk á milli þeirra og sýndi með því trygglyndi sitt í okkar garð. Það síðasta, sem ég sá til þeirra, var þegar rýtingurinn nálgaðist brjóst hennar.

Mótstöðumaður minn réðst nú á mig aftur, svo að ég sá mér ekki annað fært en að snúa mér aftur að honum, en nú hafði ég hugann við allt annað en bardagann.

Við börðumst nú um stund af miklum móði. Allt í einu fann ég, að sverðsoddur hans nam við brjóst mér, og mér var það ljóst, að í þetta sinn gat ég ekki komizt undan. Ég sór þess dýran eið, að Zad skyldi fá að fara með mér inn í eilífðina, ef þess væri nokkur kostur, og ég neytti síðustu krafta minna til að reyna að reka hann í gegn. Ég fann, hvernig sverðið tætti sundur hold mitt, mér sortnaði fyrir augum og mig snarsvimaði. Síðan hneig ég meðvitundarlaus til jarðar.

XV. KAFLI

Sóla segir mér ævisögu sína

Ég raknaði fljótlega við aftur, stökk á fætur og fór að svipast um eftir sverðinu mínu og fann það á kafi í brjóstinu á Zad, sem lá steindauður á gulum mosanum á hinum forna hafsbotni. Sverð hans stóð fast í brjósti mínu vinstra megin, og ég kippti því út og þóttist heppinn að sleppa svona vel.

Síðan kippti ég mínu sverði úr brjóstinu á Zad og sneri svo til vagns míns. Ég var dauðþreyttur. Aðdáunarorð Marsbúanna bárust mér hvaðanæva til eyrna, en ég lét mér fátt um finnast.

Blóðið rann úr sárunum, og ég var illa til reika, þegar ég loksins komst til vagns míns. Þar tóku konurnar í fylgdarliði mínu við mér. Þær voru vanar þess háttar atburðum, og þær smurðu sár mín græðandi smyrslum og bundu síðan um þau. Konurnar á Mars eru framúrskarandi góðar að lækna sár og mörgum manninum hafa þær bjargað, jafnvel þótt þeir hafi verið aðframkomnir. Eftir nokkra stund var ég að mestu leyti búinn að ná mér. Ég var samt máttfarinn af blóðmissinum og fann til sárinda fyrir brjóstinu, en ég þóttist nú sleppa vel með það.

Um leið og konurnar voru búnar að binda um sár mín, flýtti ég mér sem mest ég mátti til vagns Dejah Thoris. Hjá vagninum hitti ég aumingja Sólu. Það var búið að vefja umbúðum um brjóst

hennar, en henni leið ekki mjög illa, því að rýtingurinn hafði lent í röndinni á öðrum málmskildinum, sem hún bar til skrauts, svo að hún særðist ekki nema lítilfjörlega.

Þegar ég var kominn alveg að vagninum, sá ég, að Dejah Thoris lá hágrátandi uppi í honum. Hún varð mín ekki vör og hún heyrði heldur ekki til mín, þegar ég var að tala við Sólu, sem stóð spottakorn frá vagninum.

„Er hún líka sár?“ spurði ég Sólu og benti á Dejah Thoris.

„Nei, en hún heldur, að þú sért fallinn,“ svaraði hún.

„Og að nú sé enginn til að hirða um kjöltudýrið hennar ömmu hennar,“ sagði ég brosandi.

„Ég held, að þú gerir henni rangt til, John Carter,“ sagði Sóla. „Ég skil hvorki hugsunarhátt þinn né hennar, en ég þykist þess fullviss, að svo kynstór kona sem hún, mundi ekki syrgja svona yfir neinum nema þeim, sem væri henni ákaflega hjartfólginn. Rauði kynstofninn er stórlátur, en hann er réttlátur, eins og við erum öll hér á Barsoom, og þú hlýtur að hafa gert töluvert á hluta hennar, þar sem hún vildi ekki sjá þig, en syrgir þig svo, þegar hún heldur, að þú sért dauður.“

„Tár eru sjaldséð á Barsoom,“ bætti hún við, „og mér veitist erfitt að gera mér grein fyrir, af hverju þau stafa. Ég hefi aðeins tvisvar sinnum séð fólk gráta, áður en Dejah Thoris núna. Í fyrsta sinni, sem ég sá tár, voru þau á hvörmum móður minnar.

Hún grét af sorg, áður en hún var drepin. En hin konan var Sarkoja, sem tárfelldi af niðurbældum ofsa og reiði, þegar henni var varnað að drepa mig í dag.“

„Móðir þín!“ sagði ég, „en Sóla, þú getur ekki hafa þekkt hana.“

„Jú, ég þekkti hana. Og ég þekkti líka föður minn,“ sagði hún. „Ef þig langar til að heyra furðulega sögu, á okkar Barsoombúa mælikvarða, skaltu koma að vagninum í kvöld, John Carter. Þá skal ég segja þér dálítið, sem ég hefi aldrei sagt nokkurri lifandi veru. En nú verður þú að fara, því að nú er blásið til brottferðar.“

„Ég kem í kvöld, Sóla,“ sagði ég. „Mundu að segja Dejah Thoris, að ég sé lifandi og að mér líði vel. Ég ætla samt ekki að troða henni um tær, og þú mátt alls ekki láta hana vita, að ég hafi séð hana gráta. Ef hún vill tala við mig, er mér ekkert kærara en að hlýða skipunum hennar.“

Sóla fór nú upp í vagninn, en ég flýtti mér þangað sem reiðskjótar mínir voru, sté á bak og þeysti á minn stað í lestinni.

Það hlýtur að hafa verið stórfengleg og ógnþrungin sjón að sjá til ferða okkar — sjá hina tvö hundruð og fimmtíu skrautbúnu vagna, en á undan þeim framsveit tvö hundruð vopnaðra reiðmanna, fimm í röð, en hundrað metra millibil á milli raðanna, og á eftir vagnlestinni aðra tvö hundruð reiðmanna, auk þeirra, sem riðu meðfram lestinni sjálfri. Sjá hin stóru og sterklegu dráttardýr, er köll-

uð voru zitidarar, og hina fimm til sex hundruð reiðskjóta, er hlupu lausir í hóp. Glitrandi málmar og gimsteinar á skrautgripum karla og kvenna, og litskrúð flaksandi silkiábreiðna og blaktandi fjaðra varp slíkum ævintýraljóma yfir ferð okkar, að jafnvel austurlenzkur stórhöfðingi mundi hafa orðið öfundsjúkur.

Um kvöldið námum við staðar undir hæðunum, sem voru takmörk hins uppþornaða hafsbotns að sunnan. Reiðskjótarnir og dráttardýrin höfðu ekki fengið vatn að drekka í næstum tvo mánuði, eftir því sem Tars Tarkas sagði mér. Ég furðaði mig mikið á þessu, en hann sagði, að skepnurnar þyrftu ákaflega lítið vatn og geti að mestu komizt af með vætuna í mosanum.

Eftir kvöldmatinn fór ég að leita að Sólu. Þegar ég fann hana, var hún önnum kafin að fægja hertygi Tars Tarkas. Hún hafði kyndil til að lýsa sér. Þegar ég kom til hennar, leit hún upp, og það var auðséð af svip hennar, að hún var ánægð yfir komu minni.

„Mér þykir vænt um, að þú skyldir koma," sagði hún. „Dejah Thoris er sofnuð, og mér leiðist. Kynflokki mínum er ekkert um mig gefið. Ég er svo ólík þeim öllum. Það eru grimm örlög, að þurfa að eyða ævi sinni innan um fólk, sem er mér samt svo fjarlægt. Oft hefi ég óskað þess, að ég væri venjuleg græn kona, sem lifði ástarvana vonleysislífi. En ég hefi komizt í kynni við kærleikann, og þess vegna er lífið mér kvalræði. Ég lofaði að segja þér sögu mína, eða réttara sagt sögu foreldra minna. Af því, sem ég

veit um þig og siði þjóðar þinnar, er ég viss um, að þér mun ekki þykja sagan undarleg, en meðal grænu Marsbúanna er saga mín óhugsanleg, og ekkert sambærilegt hefir komið fyrir í manna minnum.

Móðir mín var fremur lítil vexti, svo að ekki þótti tiltökumál að leyfa henni að eignast barn, þar sem höfðingjar okkar leggja mikla áherzlu á það, að þjóðin fari ekki minnkandi. Móðir mín var heldur ekki eins grimm og kaldlynd og allflestar grænar konur á Mars, og hún sóttist heldur ekki eftir kunningsskap þeirra. Oft ráfaði hún einmana um mannlaus stræti Tharkborgar eða gekk út að hæðunum fyrir utan borgina og settist þar innan um blómin, er þar uxu, og lét sig dreyma um framtíðina.

Og þarna úti á hæðunum hitti hún ungan hermann, sem gegndi því starfi að gæta reiðskjótanna og zitidaranna, sem voru þar á beit, og sjá um, að þeir ekki rásuðu burt yfir hæðirnar. Fyrst töluðu þau aðeins um ýms áhugamál borgarbúa, en er fram liðu stundir, og þau fóru að kynnast betur og hittast oftar, varð þeim tíðræddara um þau sjálf, vonir þeirra og framtíðardrauma. Hún bar fullt traust til hans og sagði honum, að hún hefði andstyggð á grimmd og hryðjuverkum þjóðar þeirra. Hún bjóst við, að hann mundi bregðast reiður við og saka hana um sviksemi við kynflokk þeirra. En í þess stað tók hann hana í fang sér og kyssti hana.

Í sex ár héldu þau ást sinni leyndri. Móðir mín var í fylgdarliði hins mikla Tal Hajus, en elskhugi

hennar var aðeins óbreyttur hermaður, sem aldrei hafði sigrað neinn höfðingja innan þjóðarbrotsins. Hefði þessi óhæfa vitnazt, að þau brytu þannig lög Tharka, mundu þau bæði hafa orðið að týna lífinu.

Eggið, sem ég kom úr, var falið í stórri glerkrukku uppi á hæsta turni Tharkborgar. Þessi turn var að nokkru leyti í rústum, og erfitt var að komast upp í hann. Einu sinni á ári kom móðir mín þangað upp til að líta eftir egginu, í þau fimm ár, sem það lá þar og stækkaði í sólarylnum. Oftar þorði hún ekki að koma þangað, því að hún var alltaf hrædd um, að henni yrði veitt eftirför.

Á þessu tímabili hafði faðir minn unnið sér mikla frægð sem hermaður, og hann hafði þegar sigrað marga höfðingja í einvígi og náð miklum völdum. Ást hans til móður minnar hafði aldrei dvínað, og hann hugsaði sér svo hátt að yfirbuga alla þá höfðingja, er stóðu á milli hans og Tal Hajus, svo að hann gæti barizt við Tal Hajus sjálfan og sigrað hann, því að þá aðeins var honum heimilt að ganga að eiga móður mína, og á annan hátt gat hann ekki verndað barn þeirra, sem ekki mundi fá að lifa, ef sannleikurinn kæmist upp.

Þetta var auðvitað ekki annað en draumórar, að hugsa sér að vera búinn að sigra alla þá, sem stóðu milli hans og Tal Hajus á fimm árum, en hann náði samt ótrúlega góðum árangri ,og það leið ekki á löngu, áður en hann var orðinn einn af æðstu mönnum Tharkborgar. En dag nokkurn urðu vonir hans að engu, því að hann var sendur í langferð til hinna

snævi þöktu suðurheimskautslanda til að herja á íbúana þar og ræna loðfeldum þeirra, því að það var venja grænu Barsoombúanna. Þeir voru ekki að hafa fyrir því að afla sér neins sjálfir, sem þeir gátu rænt frá öðrum.

Hann var fjarverandi í fjögur ár og þegar hann kom úr langferðinni, var allt um garð gengið fyrir þremur árum. Ári eftir að hann lagði af stað, og stuttu áður en annar leiðangur, sem var að sækja börn úr klakstöðinni, var væntanlegur heim, kom ég úr egginu. Móðir mín lét mig vera áfram í gamla turninum. Hún kom til mín á hverri nóttu og sýndi mér alla þá blíðu, er hún átti til. Hún vonaði, að þegar leiðangurinn kæmi heim frá klakstöðinni, gæti hún einhvern veginn komið mér inn í barnahópinn, því að hún vissi, hvaða örlög biðu mín, ef þetta kæmist upp.

Á nokkrum dögum kenndi móðir mín mér að tala og fræddi mig síðan um siði og venjur þjóðar okkar og eitt kvöldið sagði hún mér söguna sem ég er búin að segja þér. Hún lagði ríkt á við mig að láta ekkert af því uppskátt og leiddi mér fyrir sjónir, hverjar afleiðingar það gæti haft. Hún bað mig að gæta þess vandlega, þegar hún laumaði mér inn í barnahópinn, að láta ekki á því bera að ég væri þroskaðri en hin börnin. Hún bannaði mér að sýna sér nokkra blíðu í viðurvist annarra og einnig að segja nokkrum frá því, hverjir foreldrar mínir væru. Síðan tók hún mig í fang sér og hvíslaði að mér nafni föður míns.

Í sama bili skein skært ljós inn í turnherbergið,

og yfir okkur stóð Sarkoja. Hún horfði með fyrirlitningarsvip á móður mína, og hatrið brann úr augum hennar. Mér rann kalt vatn milli skinns og hörunds, er ég heyrði allar þær formælingar og skammir, sem hún hellti yfir móður mína. Hún hafði bersýnilega heyrt alla söguna, því að hún hafði veitt móður minni eftirför. Líklega hefir hana verið farið að gruna margt, þegar móðir mín hvarf svona á hverri nóttu.

Eitt var það samt, sem Sarkoja ekki hafði heyrt, en það var nafn föður míns. Hún reyndi með öllum brögðum að fá móður mína til að segja sér, hver það væri, sem væri samsekur henni, en móðir mín lét ekki bugast, og til að forða mér frá pyndingum skrökvaði hún og sagði, að það vissi hún ein og að hún hefði ekki einu sinni sagt barninu sínu frá því.

Þegar Sarkoja sá, að hún gat ekki haft neitt meira upp úr móður minni, flýtti hún sér af stað til þess að skýra Tal Hajus frá uppgötvun sinni. Um leið og hún var farin, tók móðir mín mig og vafði utan um mig silkiábreiðum, svo að varla sást í mig fyrir dúðum, skundaði síðan niður á götuna og hljóp í örvæntingu sinni út að suðurhliði borgarinnar, í þá átt, sem vinur hennar hafði farið. Hún vissi, að hann gat ekki verndað hana, en hún þráði að sjá hann, áður en hún yrði tekin af lífi.

Þegar við vorum komnar að útjaðri borgarinnar, barst hljóð til eyrna okkar handan frá hæðunum sunnan við borgina, en þá leið komu allir ferðamenn, sem ætluðu inn um borgarhliðið, hvort sem

þeir komu að norðan eða sunnan, austan eða vestan. Hljóðin sem við heyrðum komu frá rymjandi reiðskjótum og zitidörum, og stöku sinnum heyrðum við líka glamra í hertygjum, svo að augljóst var, að þarna var hópur hermanna á ferð. Fyrst datt móður minni í hug, að nú væri faðir minn að koma heim úr langferðinni, en hún var varkárari en svo, að hlaupa strax á móti honum, þótt hana langaði mest til þess.

Hún hörfaði inn í dimma dyragætt á auðu húsi og beið eftir komu ferðamannanna. Þeir komu brátt í ljós í hinum enda götunnar, og í sama bili kom tunglið upp og varp skærri birtu sinni yfir borgina. Móðir mín hörfaði lengra inn í skuggann og úr felustað sínum sá hún, að þetta var ekki leiðangur föður míns, heldur hermennirnir, er sendir höfðu verið eftir börnunum. Á augabragði datt henni gott ráð í hug, og um leið og stór vagn rann rétt fram hjá felustað okkar, stökk hún upp á bakfjölina, húkti þar í skugganum og þrýsti mér fast að brjósti sínu.

Ég vissi ekki, en hún vissi það, að eftir þetta kvöld mundi hún aldrei framar fá að faðma mig að sér, og það voru heldur ekki mikil líkindi til, að henni mundi auðnast að fá að sjá mig oftar. Á torginu tókst henni að koma mér inn í barnahópinn án þess að á því bæri. Ég var rekin með þeim inn í stórt herbergi. Þar tóku konur á móti okkur og gáfu okkur mat. Daginn eftir var okkur skipt á milli höfðingjanna.

Ég sá móður mína aldrei eftir þetta kvöld. Tal Hajus lét varpa henni í dýflissu, og þrátt fyrir stöðugar pyndingar, fékkst hún ekki til að segja, hver faðir minn væri. Hún sýndi honum alltaf sömu tryggðina fram á hinztu stund. Skömmu seinna dó hún.

Seinna komst ég að því, að hún hafði sagt, að hún hefði borið mig út til að ég sætti ekki sömu meðferð og hún, og að ég mundi hafa orðið hvítu öpunum að bráð. Sarkoja trúði henni samt ekki, og mér finnst, að hana muni gruna, af hvaða bergi ég er brotin, en að hún þori ekki að láta það uppskátt, að minnsta kosti ekki ennþá, því að ég er viss um, að hana grunar einnig, hver faðir minn er.

Þegar faðir minn kom heim úr leiðangrinum, frétti hann um afdrif móður minnar. Ég var viðstödd, þegar Tal Hajus sagði honum frá því. En ekki sást honum bregða. Hann hló samt ekki, þegar Tal Hajus var að henda gaman að dauðastríði hennar. Upp frá þeirri stundu var ekki til grimmari maður en faðir minn, og ég bíð eftir því með eftirvæntingu, að honum takist að vinna sigur á Tal Hajus, því að ég er viss um, að hann bíður aðeins eftir tækifæri til að hefna sín grimmilega, og að ást hans er alltaf jafn heit og hún var fyrir fjörutíu árum síðan."

„Er faðir þinn með okkur á þessari ferð, Sóla?" spurði ég.

„Já, en hann hefir ekki hugmynd um, hver ég er," sagði hún, „og hann veit heldur ekki, hver það var,

sem kom upp um móður mína. Það veit enginn nema ég, hver faðir minn er, og það vita ekki aðrir en ég, Tal Hajus og Sarkoja, hver það var, sem sagði söguna, er hafði í för með sér pyndingar og dauða konunnar, sem hann elskaði.“

Við sátum þögul nokkra stund. Hún var niðursokkin í daprar hugsanir um hina ömurlegu fortíð sína, en ég var í huga mínum að aumkast yfir þessa þjóð, sem vegna grimmdar og siðleysis var dæmd til eilífrar glötunar.

„John Carter, ég veit að ég má treysta þér og þess vegna ætla ég að segja þér skilyrðislaust, hver faðir minn er, ef ske kynni að það gæti einhvern tíma orðið þér, Dejah Thoris, mér eða föður mínum að gagni. Þú munt vera fær um að skera úr því, hvenær heppilegast er að segja öðrum þessa sögu. Faðir minn heitir Tars Tarkas.“

XVI. KAFLI

Við ákveðum að flýja

Lítið bar til tíðinda það, sem eftir var ferðarinnar til Thark. Við vorum tuttugu daga á leiðinni, fórum yfir tvo hafsbotna og gegnum eða þá fram hjá mörgum auðum borgum, sem flestar voru minni en Korad. Tvisvar sinnum fórum við yfir hina víðfrægu skurði á Mars. Þegar við nálguðumst ferju-

staðina, var einn hermaður sendur langt á undan með góðan sjónauka, og ef hann varð ekki var við neinn stóran herflokk af rauðum Marsbúum, héldum við áfram eins langt og við þorðum, svo að ekki vitnaðist um ferð okkar og biðum svo fram í myrkur. Þá lögðum við aftur af stað og héldum nú eftir þjóðveginum hægt og varlega, meðan við vorum að komast yfir hin ræktuðu landsvæði, er lágu báðum megin við skurðina. Við vorum fimm klukkustundir að komast yfir ræktuðu landsvæðin hjá öðrum skurðinum, en alla nóttina að komast yfir þau hjá hinum skurðinum. Það mátti ekki tæpara standa, því að sólin var að koma upp, þegar við fórum fram hjá síðustu ökrunum.

Aldrei talaði ég við Dejah Thoris á leiðinni, þar sem hún hafði ekki gert mér nein boð um, að hana langaði til að sjá mig, og ég var svo kjánalega stærilátur, að ég gat ekki fengið mig til að fara og tala við hana.

Réttum þrjátíu dögum eftir komu mína til Barsoom, héldum við inn í hina fornu borg Thark. Tharkarnir eru nálægt því þrjátíu þúsundir, og er þeim skipt í tuttugu og fimm þjóðarbrot. Hvert þjóðarbrot hefir sinn jed og marga höfðingja undir honum, en allir eru undir stjórn Tal Hajus, Jeddak í Thark. Fimm þjóðarbrotin hafa bækistöðvar sínar í Thark, en hin búa í borgum, sem eru dreifðar um landsvæði það, er Tal Hajus ræður yfir.

Skömmu eftir hádegi vorum við komnir inn á aðaltorg borgarinnar. Ekki varð ég var við nein

fagnaðarlæti við komu leiðangursins. En brátt vitnaðist það, að tveir fangar væru með, og ekki leið á löngu áður en múgur og margmenni hafði safnazt í kringum okkur Dejah Thoris.

Okkur var fljótlega fylgt þangað sem við áttum að búa, og það sem eftir var dagsins, vorum við önnum kafin að koma okkur fyrir í hinum nýju húsakynnum okkar. Mér var fengið heilt hús til minna umráða. Það stóð við suðurhlið torgsins við aðalgötuna, sem liggur beina leið frá borgarhliðinu að sunnan. Hér var byggingarlistin með jafn miklum glæsibrag og í Korad, ef til vill á hærra stigi en þar. Húsakynni mín voru svo skrautleg, að þau hefðu hæft voldugasta keisara Jarðarinnar, en Tharkarnir gefa lítið fyrir það, heldur meta þeir húsin eftir stærðinni. Þess vegna bjó Tal Hajus í stærsta húsi borgarinnar, Lorquas Ptomel í því næststærsta, og svo koll af kolli, allt eftir virðingarstöðum hvers og eins.

Degi var tekið að halla, þegar ég loksins var búinn að koma mér fyrir eins og mér líkaði, og flýtti ég mér þá út til að leita að Sólu og Dejah Thoris. Ég var ákveðinn í því, að hafa tal af Dejah Thoris og sýna henni fram á, að heppilegast væri, að við sættumst að minnsta kosti í bili, þangað til mér tækist að finna eitthvert ráð til þess að koma henni undan. Ég leitaði árangurslaust fram í myrkur, en þá sá ég trýnið á Woola, þar sem hann var að gægjast út um glugga á annarri hæð í húsi, sem stóð einmitt við sömu götuna, þar sem ég bjó.

Ég beið ekki boðanna, heldur hljóp rakleiðis inn í húsið og upp á aðra hæð. Fyrst varð fyrir mér stórt herbergi, sem sneri að götunni. Þegar ég kom þar inn, þaut Woola til mín og var nærri búinn að skella mér, svo mikill var fögnuðurinn yfir að sjá mig. Ég bjóst þá og þegar við, að hann mundi rífa mig á hol í óskapaganginum, sem á honum var.

Ég gat fljótlega stillt hann með því að klappa honum og kjassa. Síðan leit ég í kringum mig, en sá ekki neinn í rökkrinu, svo að ég kallaði á Dejah Thoris. Ég heyrði ógreinilega svarað úti í horni herbergisins. Ég var kominn þangað í nokkrum skrefum. Þar lá Dejah Thoris á útskornum legubekk og hafði breitt ofan á sig loðfeldi og silkiábreiður. Þegar ég nálgaðist, reis hún á fætur, stóð teinrétt og horfði beint í augu mér.

„Hvað vilt þú mér, Dotar Sojat, Tharki?“ spurði hún.

„Ég veit ekki, hvers vegna þú ert reið við mig, Dejah Thoris. Ekkert væri mér fjær skapi en að móðga þig, sem ég helzt vildi vernda og hjálpa á allan hátt. Þar sem ég nú er höfðingi meðal Tharkanna, hefi ég rétt til að skipa þér að hlýðnast skipunum mínum. Þú verður að hjálpa mér við að undirbúa flótta þinn, ef það er hægt. Eftir að þú ert aftur komin heim til föður þíns, getur þú gert við mig það, sem þú vilt.“

Hún horfði lengi á mig, og mér virtist henni vera að renna reiðin.

„Ég skil orð þín, Dotar Sojat,“ svaraði hún, „en

samt skil ég þig ekki. Þú ert undarlegt sambland af barni og fullorðnum manni, grimmdarsegg og göfugmenni. Ég vildi, að ég gæti lesið í huga þinn."

„Þú átt hug minn allan, Dejah Thoris," svaraði ég.

„Hvað áttu við?" hvíslaði hún.

„Ég er að segja þér það, sem ég var búinn að lofa sjálfum mér að þegja yfir, að minnsta kosti þangað til þú værir ekki lengur fangi grænu mannanna. Þú hefir verið svo afundin við mig upp á síðkastið, að ég bjóst varla við að segja þér það nokkurn tíma. En nú segi ég þér það, Dejah Thoris, að þú átt mig, og ekkert er mér kærara en að fá að þjóna þér, berjast fyrir þig og deyja fyrir þig, ef það mætti þér að gagni koma. Ég bið þig aðeins um það, að láta ekki í ljós, hvort þér líkar þetta betur eða verr, fyrr en þú ert komin heil á húfi heim til þín, og að láta þakklæti ekki hafa nein áhrif á tilfinningar þínar í minn garð. Það sem ég geri fyrir þig, er algerlega sprottið af eigingirni, þar sem ég hefi meiri ánægju af að þjóna þér en að gera það ekki."

„Ég mun taka óskir þínar til greina, John Carter, því að ég skil, hvað þér gengur til þess, og ég mun þiggja boð þitt um liðveizlu. Ég hefi tvisvar sinnum gert þér rangt til, og ég bið þig fyrirgefningar."

Meira gátum við ekki talað um einkamál okkar, því að í sama bili kom Sóla þjótandi inn til okkar. Hún virtist vera afar æst í skapi og ólík því sem hún átti að sér að vera.

„Sarkoja er búin að finna Tal Hajus," hrópaði

hún, „og eftir því, sem ég heyrði á torginu, er ykkur báðum mikil hætta búin.“

„Hvað heyrðir þú?“ spurði Dejah Thoris.

„Að ykkur verði hent fyrir villtu calottana (hunda) í stóra hringleikahúsinu, þegar öll þjóðin er komin hingað til að vera viðstödd hina árlegu leiki.“

„Sóla, þú ert Tharki,“ sagði ég, „en þú hatar og fyrirlítur siði þjóðar þinnar ekki síður en við. Viltu ekki reyna að hjálpa okkur að flýja? Ég er viss um, að Dejah Thoris mun láta þig njóta þess, og að þér muni ekki líða verr hjá hennar fólki, en þér líður hér.“

„Já, komdu með okkur, Sóla,“ sagði Dejah Thoris. „Rauðu mennirnir í Helium munu taka þér vel, og þú munt eignast heimili og þér verður sýnd samúð og vinátta, sem ég veit að þú þráir, en þér verður alltaf neitað um hér. Komdu með okkur, Sóla. Við gætum farið án þín, en hryllileg örlög bíða þín hér, ef þú yrðir eftir og einhverjum dytti í hug, að þú hefðir aðstoðað okkur á einhvern hátt. Ég veit, að jafnvel óttinn við það, gæti ekki freistað þín til að ljá okkur hjálparhönd, en okkur langar til, að þú komir með okkur til betra lands, þar sem fólkið þekkir ást, samúð og þakklæti. Segðu, að þú ætlir að koma með okkur.“

„Skurðurinn sem liggur til Helium er fimmtíu mílur í suður héðan,“ tautaði Sóla eins og hún væri að tala við sjálfa sig. „Á fljótum hesti væri hægt að komast þangað á þremur klukkustundum. Þaðan

eru fimm hundruð mílur til Helium, og mest af leiðinni liggur um strjálbyggt land. Tharkarnir mundu vita, hvaða leið við hefðum farið, og elta okkur. Við gætum ef til vill falið okkur í skóginum, en það eru lítil líkindi til að við mundum komast undan. Þeir mundu elta okkur alla leið að borgarhliðum Helium og það mundi kosta mörg mannslíf. Þið þekkið þá ekki.“

„Gætum við ekki komizt neina aðra leið til Helium?“ spurði ég. „Getur þú ekki dregið upp í fáum dráttum mynd af svæði því, sem við þurfum að fara um, Dejah Thoris?“

„Jú,“ svaraði hún, tók stóran demant, sem hún bar í hárinu og krotaði með honum á marmaragólfið fyrsta landsuppdráttinn, sem ég hafði séð af landsvæði á Barsoom. Fyrst dró hún margar beinar línur, sem lágu þvert og endilangt, aðrar aftur samhliða og sumar mættust í stórum hringjum. Hún sagði, að línurnar væru skurðir, en hringirnir borgir. Hún benti á einn hringinn langt í norðvestur frá okkur, og sagði, að það væri Helium. Nokkrar borgir voru nær, en hún sagðist varla þora að fara um þær, því að íbúarnir væru flestir óvinveittir Heliumbúum.

Þegar ég var búinn að athuga landsuppdráttinn gaumgæfilega í tunglsljósinu, sem nú lýsti upp herbergið, benti ég að lokum á einn skurðinn, sem einnig virtist liggja til Helium.

„Liggur þessi skurður að landamærum afa þíns?“ spurði ég.

„Já, en hann er tvö hundruð mílur hér fyrir norð-

an," svaraði hún. „Það er annar skurðurinn, sem við fórum yfir á leiðinni hingað."

„Þá mundi aldrei gruna, að okkur dytti í hug að fara þá leið," sagði ég. „Þess vegna held ég, að við ættum einmitt að reyna að komast að þeim skurði."

Sóla var mér sammála, og við ákváðum að fara af stað strax um kvöldið, undir eins og ég væri búinn að ná í hestana mína og leggja á þá. Sóla átti að ríða öðrum þeirra, en við Dejah Thoris hinum. Okkur kom saman um að hafa með okkur mat og drykk, sem nægði okkur í tvo daga.

Ég sagði Sólu að fara með Dejah Thoris eftir fáförnum götum út að suðurhliði borgarinnar, en þar mundi ég svo hitta þær, þegar ég væri búinn að ná í hestana. Síðan skildi ég við þær og læddist niður stigann. Ég fór út um bakdyrnar og kom þá út í húsagarðinn, þar sem reiðskjótar okkar voru hafðir í haldi. Það var ekki hættulaust að fara einn inn til þeirra að nóttu til, því að þeir gátu haft það til að ráðast á menn. Ég læddist í skugganum meðfram húsunum, reiðubúinn að stökkva inn um dyr eða glugga, ef eitthvað kæmi fyrir. Þannig komst ég alla leið út að stóra hliðinu út að götunni og þegar ég var kominn þangað, kallaði ég lágt á hestana mína. Ég þakkaði hamingjunni fyrir, að mér skyldi hafa tekizt að temja þá svona vel, því að rétt á eftir voru þeir komnir til mín.

Þeir nugguðu sér upp að mér og þefuðu, því að ég var vanur að stinga að þeim matarbita, þegar þeir hlýddu mér. Ég opnaði hliðið og skipaði þeim að

fara út um það, læddist síðan út á eftir þeim og lokaði hliðinu.

Ég lagði ekki á hestana þarna, heldur lét þá elta mig í skugganum eftir fáfarinni götu þangað, sem ég hafði mælt mér mót við Dejah Thoris og Sóla. Mér létti stórum, þegar ég var kominn í úthverfi borgarinnar og eygði sléttuna fyrir utan hana. Ég var viss um, að Dejah Thoris og Sóla mundu komast þangað tálmunarlaust, en ég var ekki viss um mig sjálfan og hestana, því að það var mjög óvenjulegt að sjá hermann svo seint á ferli á leiðinni út úr borginni.

Samt komst ég klaklaust á stefnustaðinn, en þar sem stúlkurnar voru ekki komnar, rak ég hestana inn í forsalinn á stóru, mannlausu húsi og beið svo rólegur Mér datt fyrst í hug, að einhver mundi hafa tafið þær, svo að ég fór ekki að verða neitt órólegur, fyrr en klukkustund var liðin og ekki bólaði á þeim ennþá, fór mér ekki að lítast á blikuna. Einhverjir komu í þessum svifum eftir götunni, og eftir hávaðanum að dæma, var tæplega um flóttafólk að ræða. Brátt komu í ljós tuttugu vopnaðir reiðmenn, og brá mér heldur en ekki í brún, þegar ég heyrði nokkur orð, sem einn þeirra sagði, um leið og þeir riðu fram hjá.

„Það eru mjög mikil líkindi til þess, að hann hafi ætlað að hitta þær rétt fyrir utan borgina og þess vegna —“ Meira heyrði ég ekki. Þeir voru komnir fram hjá mér. En þetta var líka nægilegt. Ég vissi, að allt var komið upp um fyrirætlanir okkar, og að

héðan af var lítil von til þess að við mundum komast burtu. Nú var ekki um annað að ræða en að snúa við og reyna að finna Dejah Thoris, en hvernig mér mætti takast það með þessar stóru skepnur í eftirdragi, var mér hulin ráðgáta.

Allt í einu datt mér snjallræði í hug. Ég þreifaði mig áfram eftir dimmum göngum í húsinu og kallaði á hestana mína. Þeir eltu mig alla leið út í húsagarðinn, og þar spretti ég af þeim og skildi þá svo eftir. Ég var viss um, að þeir mundu ekki reyna að strjúka þaðan, og það var ólíklegt, að nokkur fyndi þá þarna, þar sem grænu mönnunum er meinilla við að fara inn í mannlaus hús í úthverfum borgarinnar vegna stóru, hvítu apanna, er héldu sig þar, en þeir voru það eina, sem grænu mennirnir á Barsoom hræddust.

Í stað þess að fara sömu leið til baka, gekk ég yfir húsagarðinn og komst gegnum bygginguna hinum megin við hann út á aðra götu. Þar litaðist ég um, til að vita, hvort nokkur væri þar á gangi, en ég sá engan, svo að ég hélt áfram og fór ýmsar krókaleiðir þar til ég var kominn í húsagarðinn að baki hússins, sem Dejah Thoris bjó í. Ég þorði ekki að fara beina leið upp á loft og inn í herbergið hennar, sem sneri út að götunni. Nú kom það sér vel, að ég var góður að stökkva og þar að auki sterkur. Ég tók undir mig stökk og gat náð handfestu á gluggakistunni á glugga á annarri hæð. Eftir það var hægðarleikur að komast inn í herbergið, sem ég bjóst við, að væri ekki langt frá herbergi Dejah Thoris. Ég fór

hægt og hljóðlaust fram á ganginn og þegar ég var kominn að herbergisdyrunum hennar, heyrði ég raddir inni fyrir.

Ég lagði við hlustirnar, því að ég þorði ekki að hætta mér inn, fyrr en ég væri genginn úr skugga um, að það væri Dejah Thoris, sem væri að tala. Það var gott, að ég gætti þessarar varúðar, því að ég heyrði strax, að þetta voru karlmenn að tala saman, og þegar ég heyrði orðaskil, sá ég, að ekki hefði mátt tæpara standa. Maðurinn, sem var að tala, var höfðingi, sem var að gefa mönnum sínum fyrirskipanir.

„Og þegar hann kemur hingað," sagði hann, „því að það gerir hann áreiðanlega, þegar hann sér, að hún kemur ekki á stefnumótið, þá skuluð þið fjórir stökkva á hann og afvopna hann. Það veitir víst ekki af kröftum ykkar allra, ef sögurnar, sem ég heyrði um hann frá Korad eru sannar. Þegar þið eruð búnir að binda hann rammlega, skuluð þið bera hann ofan í neðanjarðarhvelfinguna undir höll jeddaksins, setja hann í hlekki og skilja hann þar eftir, þangað til Tal Hajus þóknast að sjá hann. Leyfið honum ekki að tala við nokkurn mann og látið engan komast hingað inn, áður en hann kemur. Það er engin hætta á því, að stúlkan komi, því að Tal Hajus er búinn að láta taka hana fasta. Sarkoja hefir unnið þarft verk í kvöld. Ég fer núna, og ef ykkur tekst ekki að handsama hann, þegar hann kemur, skal ég sjá svo um, að þið fáið allir að fljóta niður eftir ánni Iss."

XVII. KAFLI

Frammi fyrir Tal Hajus

Um leið og maðurinn hafði lokið máli sínu, labbaði hann fram að dyrunum, þar sem ég stóð, en ég þurfti ekki að bíða lengur. Ég var búinn að heyra nóg og ég læddist hljóðlega til baka sömu leið, sem ég hafði komið. Ég var undir eins búinn að ráða það með sjálfum mér, hvað gera skyldi, og ég gekk yfir torgið og stóð skömmu seinna í húsagarði Tal Hajus.

Neðsta hæð hússins var öll uppljómuð, svo að ég fór og gægðist inn um gluggana. Það var ekki álitlegt að fara þangað inn, því að alls staðar var fullt af fólki, konum og körlum. Ég leit þá upp eftir hlið hússins og sá, að hvergi var ljós á þriðju hæðinni, svo að ég ákvað að komast þar inn. Eftir andartak var ég kominn inn um glugga á þriðju hæð og stóð þar í dimmu herbergi.

Ég læddist fram á ganginn og sá þá ljósglætu í myrkrinu framundan. Ég gekk á ljósið, sem virtist skína inn um dyragætt, og komst ég brátt að raun um að þessi hurð opnaðist inn í geysistóran sal, sem náði alla leið frá gólfi á neðstu hæðinni upp í hvolfþakið, hátt yfir höfði mér. Niðri á gólfinu var mikil þröng af höfðingjum, hermönnum og konum, en úti við einn vegginn var nokkurs konar hásæti, og á því sat sú ógeðslegasta skepna, sem ég hafði nokkurn

tíma augum litið. Reyndar sá ég, að þetta var einn af grænu mönnunum, en auðséð var af svip hans, að hann lét algerlega stjórnast af dýrslegum hvötum.

Frammi fyrir honum stóðu Dejah Thoris og Sóla. Dejah Thoris var að tala, en ég heyrði hvorki, hvað hún sagði né hverju hann svaraði. Hún stóð þarna hnarreist fyrir framan hann, og jafnvel í þessari fjarlægð gat ég lesið fyrirlitninguna og viðbjóðinn í svip hennar, er hún horfði allsendis óhrædd á hann. Hún var sannarlega göfugust allra þeirra, er þarna voru saman komnir, og ég held, að þeim hafi verið það ljóst.

Tal Hajus gaf nú merki um, að allir skyldu fara út úr salnum nema fangarnir. Höfðingjarnir, hermennirnir og konurnar hurfu hvert af öðru inn í nærliggjandi herbergi, og brátt stóðu þær Dejah Thoris og Sóla einar eftir frammi fyrir Tal Hajus, jeddak Tharkanna.

Það var aðeins einn höfðinginn, sem dokaði við, áður en hann fór út úr salnum. Hann stóð einn eftir í skugganum af stórri súlu, hélt um meðalkaflann á sverðinu sínu, og hatrið brann úr augum hans, er hann horfði á Tal Hajus. Þetta var Tars Tarkas, og ég gat lesið hugsanir hans. Hann var að hugsa um aðra konu, sem fyrir fjörutíu árum hafði staðið frammi fyrir þessum sama manni. Hefði ég getað hvíslað orði í eyra hans á þessari stundu, mundi stjórn Tal Hajus hafa verið lokið. En að lokum gekk hann einnig út úr salnum án þess að vita, að

hann skildi dóttur sína eftir í klónum á þeim manni, sem hann hataði mest af öllum.

Tal Hajus reis á fætur, og þar sem ég bjóst ekki við neinu góðu af honum, flýtti ég mér niður vindustigann, sem lá alla leið niður á gólf. Enginn hefti för mína og ég komst óáreittur niður í salinn og tók mér stöðu í skugganum af súlunni þar sem Tars Tarkas hafði staðið andartaki áður. Í sama bili tók Tal Hajus til máls.

„Konungsdóttir frá Helium, ég gæti fengið ógrynni fjár í lausnargjald fyrir þig, ef ég vildi skila þér heilli á húfi heim til þjóðar þinnar, en ég vil þúsund sinnum heldur fá að sjá andlit þitt afmyndast af kvölum, þegar þú verður pínd, og því skal ég lofa þér, að þú skalt ekki sleppa við það. Þú skalt verða pynduð í tíu daga. Hinn hræðilegi dauðdagi þinn skal raska svefnfriði rauðu mannanna um aldaraðir. Það mun fara hrollur um þá, þegar feður þeirra segja þeim frá hinni ógurlegu hefnd grænu mannanna og um vald og mátt, hatur og grimmd Tal Hajus. Á morgun byrja pyndingarnar."

Hann stökk niður úr hásætinu og þreif hranalega utan um annan handlegginn á Dejah Thoris, en hann var varla búinn að snerta hana, fyrr en ég var kominn að honum. Það glampaði á hárbeitt sverðið í hægri hendi minni. Ég hefði hæglega getað rekið hann í gegn, áður en hann hefði orðið mín var, en um leið og ég reiddi sverðið til höggs, varð mér hugsað til Tars Tarkas ,og þrátt fyrir ofsalega reiði og hatur, sem hafði gagntekið mig, gat ég ekki feng-

ið af mér að svipta Tars Tarkas því, sem hann hafði beðið eftir í öll þessi ár, svo að ég henti frá mér sverðinu og sló Tal Hajus af alefli á kjálkann. Hann hneig samstundis niður á gólfið og lá þar meðvitundarlaus.

Í salnum ríkti djúp þögn. Ég tók steinþegjandi í höndina á Dejah Thoris og benti Sólu að koma á eftir okkur. Við fórum upp stigann upp á aðra hæð hússins og komumst út um glugga á bakhliðinni. Við flýttum okkur sem mest við máttum, reyndum að halda okkur í skugganum og komumst óhindruð í úthverfi borgarinnar, þar sem ég hafði skilið hestana mína eftir.

Ég var handfljótur þegar ég var að leggja á hestana. Síðan fór ég með þá í gegnum húsið út á götuna. Ég lét Sólu fara á bak á annan þeirra, en Dejah Thoris fyrir aftan mig á hinn, og svo þeystum við af stað út úr borginni í áttina til hæðanna í suðri.

Í stað þess að snúa til norð-vesturs og komast þannig að næsta skurði, héldum við brátt í norð-austur og áttum þá tvö hundruð og fimmtíu mílna leið fyrir höndum til annars skurðar, sem einnig lá til Helium.

Við mæltum ekki orð frá munni, fyrr en við vorum komin töluverðan spöl frá borginni. Þá sagði Dejah Thoris:

„Ef okkur lánast þetta, munu Heliumbúar standa í mikilli þakkarskuld við þig — stærri en svo, að þeir geti nokkurn tíma endurgoldið þér hana. Og ef okkur misheppnast, verður skuldin ekki minni,

þótt þjóð mín aldrei fái vitneskju um það, því að þú hefir bjargað mér frá því, sem er verra en dauðinn.“

Ég svaraði engu en þrýsti hönd hennar, sem hún hélt utan um mig sér til stuðnings. Síðan riðum við þögul áfram yfir tungllýstar mosaþembur, niðursokkin, hver í sínar hugsanir.

Fyrri ráðagerðir okkur höfðu farið algerlega út um þúfur, svo að við vorum nú alveg matarlaus, og stúlkurnar voru vopnlausar. Þess vegna knúðum við hestana áfram þótt við vissum, að þeir mundu tæplega þola slíka meðferð á svo langri og strangri leið.

Við riðum alla nóttina og allan næsta dag með fáum og stuttum hvíldum. Nóttina eftir voru hestarnir orðnir svo þreyttir, að við sáum okkur ekki fært að halda áfram ferðinni án þess að hvíla þá, svo að við lögðumst niður á mjúkan mosann og sváfum í fimm til sex klukkustundir. Við héldum aftur af stað, um leið og tók að birta af degi. Við riðum þann dag allan og um kvöldið höfðum við ennþá ekki séð eitt einasta tré, en þau eru meðfram öllum skurðum á Barsoom, til að hægt sé að átta sig betur á láglendinu — þá varð okkur það ljóst, að við vorum að villast.

Við höfðum auðsjáanlega sveigt út af leið, en til hvorrar hliðar, var erfitt að skera úr, og það var þar að auki ótrúlegt, þar sem við höfðum tekið stefnuna eftir sólinni á daginn, en tungli og stjörnunum á nóttunni. Að minnsta kosti sáum við engan skurð og við vorum öll aðframkomin af hungri, þorsta og

þreytu. Langt framundan og eilítið til hægri, eygðum við hæðir. Við ákváðum að reyna að komast þangað, ef ske kynni að við sæjum þaðan skurðinn, sem við vorum að leita að. Myrkrið skall á, áður en við vorum komin að hæðunum, svo að við fórum af baki og lögðumst til svefns, örmagna af þreytu.

Í bíti um morguninn hrökk eg upp með andfælum við það, að einhver stór skepna var að velta sér upp að mér. Þegar ég opnaði augun, sá ég blessaða skepnuna hann Woola, sem hafði elt okkur um vegalausar auðnir til þess að eiga hlutdeild í kjörum okkar, hver sem þau yrðu. Ég lagði hendurnar um hálsinn á honum og ég skammast mín ekki fyrir að segja frá því, að tárin komu fram í augun á mér, er ég hugsaði um tryggglyndi hans við mig. Skömmu seinna vöknuðu Dejah Thoris og Sóla, og okkur kom saman um, að halda áfram ferðinni að hæðunum.

Við höfðum varla riðið mílu vegar, þegar ég veitti því eftirtekt, að hesturinn minn var farinn að dragast aftur úr, svo fór hann að hnjóta og skjögra til og að lokum riðaði hann og datt á hliðina. Við Dejah Thoris hentumst af honum, en við komum niður á mjúkan mosann og meiddum okkur ekki svo teljandi sé. En aumingja skepnan var svo máttfarin, að hún gat ekki einu sinni risið á fætur, þótt hún væri laus við þunga okkar. Sóla sagði, að hann mundi líklega ná sér í kvöldkulinu eftir að vera búinn að hvíla sig allan daginn, svo að ég hætti við þann ásetning minn að skjóta hann, því að mér

hafði fundizt það illa gert að skilja hann eftir og láta hann deyja úr hungri og þorsta. Síðan héldum við áfram ferðinni með hinn hestinn. Við Sóla gengum, en létum Dejah Thoris sitja á hestinum, þótt henni væri það þvert um geð. Þótt ferðin gengi seint, miðaði okkur samt áfram, en þegar við áttum aðeins eina mílu ófarna yfir að hæðunum, hrópaði Dejah Thoris upp yfir sig, að hún sæi stóra sveit manna á leið niður hæðina í nokkurra mílna fjarlægð. Við Sóla litum bæði þangað, sem hún benti okkur, og þar sáum við greinilega mörg hundruð hermenn á hestbaki. Þeir virtust stefna í suð-vestlæga átt, svo að þeir fjarlægðust okkur.

Þetta voru eflaust Tharkar, er sendir höfðu verið til þess að leita að okkur, og okkur létti stórum, þegar við sáum, að þeir fóru í aðra átt. Ég flýtti mér að hjálpa Dejah Thoris af baki, skipaði hestinum að leggjast niður, og svo lögðumst við öll við hlið hans og létum fara eins lítið fyrir okkur og hægt var, svo að hermennirnir yrðu okkar síður varir.

Við sáum þá, hvern af öðrum ,er þeir komu ríðandi yfir heiðarbrúnina og hurfu niður í stórt gil. Síðasti hermaðurinn nam staðar á brúninni. Okkur til mikillar skelfingar, sáum við, að hann tók sjónaukann sinn, bar hann upp að augunum og litaðist um í allar áttir. Sjónaukinn færðist hægt og hægt í þá átt, sem við vorum, og mér fannst hjartað hætta að slá í brjósti mínu.

Nú beindist sjónaukinn að okkur og hreyfðist ekki nokkra stund. Hermaðurinn tók síðan sjón-

aukann frá augunum, og við sáum, að hann kallaði til hermannanna, sem voru horfnir niður í gilið. Hann beið samt ekki eftir þeim, heldur þeysti af stað og kom í sprettinum í áttina til okkar.

Það var lítil von fyrir okkur. Ég lyfti byssunni minni og miðaði gaumgæfilega. Hár hvellur heyrðist, er skotið hitti hermanninn ,og hann féll samstundis dauður af baki.

Ég stökk á fætur, skipaði reiðskjóta mínum að rísa á fætur og sagði stúlkunum að fara á bak á hann og reyna að komast yfir að hæðunum áður en grænu hermennirnir kæmu. Ég var viss um, að þær mundu geta fundið þar góðan felustað í bráðina, og jafnvel þótt þær yrðu hungurmorða, mundi það vera betra en að lenda í klónum á Thörkum. Ég neyddi þær til að taka við báðum skammbyssunum mínum, ef þær gætu orðið þeim að einhverju gagni. Síðan tók ég Dejah Thoris í fang mér og lyfti henni á bak fyrir aftan Sólu.

„Vertu sæl, Dejah Thoris," hvíslaði ég að henni. „Ef til vill eigum við ennþá eftir að hittast í Helium. Ég hefi komizt í meiri hættur en þessa." Og ég reyndi að brosa framan í hana.

„Hvað, ætlar þú ekki að koma með okkur?" hrópaði hún.

„Hvernig ætti ég að geta það? Einhver verður að halda herflokknum í skefjum, og ég á hægara með að komast undan einn, en ef við værum öll saman."

Hún henti sér samstundis af baki, lagði hendurnar um háls mér ,og sagði rólega við Sólu: „Farðu

af stað, Sóla! Ég verð eftir og dey með manninum, sem ég elska."

Þessi orð eru mér ógleymanleg. Ég mundi glaður leggja líf mitt í sölurnar til að fá að heyra þau aftur af munni hennar. En þá hafði ég engan tíma til að sinna henni. Ég gaf mér aðeins tíma til að þrýsta kossi á varir hennar áður en ég henti henni aftur á bak fyrir aftan Sólu. Síðan skipaði ég Sólu að halda henni með valdi, sló svo í hestinn og horfði á eftir þeim, er hann bar þær burtu frá mér. Meðan ég horfði á þær, barðist Dejah Thoris um á hæl og hnakka til að losna úr greipum Sólu.

Ég sneri mér við og sá þá grænu hermennina vera að koma upp úr gilinu og litast um eftir félaga þeirra .Þeir komu brátt auga á hann og svo á mig, og um leið hóf ég skothríð á þá Ég hafði tvö hundruð skot og ég hélt áfram að skjóta, þangað til allir þeir, sem komnir voru upp á brúnina voru fallnir eða höfðu forðað sér á bak við kletta.

Fresturinn var samt sem áður ekki langur, því að von bráðar kom öll hersingin í ljós, um þúsund manns, og þeystu í áttina til mín. Ég hætti ekki að skjóta fyrr en ég var búinn með síðasta skotið mitt, og þá voru þeir aðeins stuttan spöl frá mér, og þegar ég hafði litið um öxl og séð, að Dejah Thoris og Sóla voru horfnar, stökk ég á fætur, henti frá mér byssunni og lagði af stað í gagnstæða átt þeirri, er stúlkurnar höfðu farið.

Ef Marsbúar hafa nokkurn tíma séð langstökk, þá fengu þeir það í ríkum mæli þenna dag, en þótt

mér tækist að teyma þá burtu frá Dejah Thoris, tókst mér ekki að leiða athygli þeirra frá sjálfum mér.

Þeir riðu í loftinu á eftir mér, þangað til ég var svo óheppinn að reka tærnar í steinnibbu, er stóð upp úr mosanum og datt endilangur á jörðina. Þeir voru búnir að umkringja mig, áður en ég gat staðið á fætur og þótt ég drægi sverð mitt úr slíðrum, ákveðinn í því, að selja líf mitt dýru verði, var bardaganum brátt lokið. Höggin dundu á mér frá öllum hliðum. Mér sortnaði fyrir augum og svo hneig ég meðvitundarlaus til jarðar.

XVIII. KAFLI

Fjötraður í Warhoon

Ég hlýt að hafa legið meðvitundarlaus í margar klukkustundir, og ég minnist þess, hversu forviða ég varð, er ég raknaði við, að ég var ennþá á lífi.

Ég lá úti í horni á litlu herbergi. Þar inni voru nokkrir grænir hermenn og gömul og ljót kona, sem var að beygja sig niður að mér.

Um leið og ég opnaði augun, sneri hún sér að einum hermanninum og sagði:

„Hann mun lifa, jed."

„Það er ágætt," svaraði maðurinn, sem hún ávarp-

aði þannig, „hann ætti að geta orðið okkur til mikillar skemmtunar við leikana."

Mér varð það ljóst um leið og ég leit á hann, að hann var ekki Tharki, því að vopn hans og skartgripir voru öðruvísi en þeirra. Hann var mjög hár vexti, og andlit hans og brjóst var alsett örum. Önnur skögultönnin var brotin, og hann vantaði annað eyrað.

Skírskotun hans til hinna miklu leika, er ég svo oft heyrði rætt um meðal Tharka, fullvissaði mig um það, að ég væri kominn úr öskunni í eldinn.

Gamla konan sagði, að ég mundi nú vera ferðafær, og höfðinginn skipaði svo fyrir, að haldið yrði af stað á eftir aðalfylkingunni.

Ég var rammlega bundinn niður á þá trylltustu ótemju, sem ég nokkurn tíma hafði komizt í kynni við. Sín hvorum megin við mig riðu vopnaðir hermenn, sem áttu að gæta þess, að reiðskjóti minn hlypi ekki með mig eitthvað út í buskann. Sár mín höfðu verið grædd á undursamlegan hátt, svo að ég hafði lítil óþægindi af þeim.

Í rökkurbyrjun náðum við fylkingunni, er hafði farið á undan og skömmu seinna var numið staðar. Ég var undir eins leiddur fyrir hershöfðingjann, er var jeddak yfir Warhoonmönnum.

Hann hafði mörg ör, eins og jedinn, sem hafði komið með mig, en hann hét Dak Kova. Jeddakinn hét Bar Komas og var fremur ungur maður, og Dak Kova, sem var orðinn gamall, bar óslökkvandi hatur og öfund í brjósti til yfirmanns síns.

Hann sleppti alveg hinni venjulegu kveðju, er við komum fram fyrir höfðingjann, heldur hratt mér áfram og sagði hátt og hranalega:

„Ég kem hér með furðulega skepnu, er ber vopn og skartgripi Tharka, og ég ætla að láta hann skemmta okkur við hina miklu leika. Hann skal fá að berjast við villihest.“

„Hann mun deyja á þann hátt, sem mér þóknast, ef hann deyr á annað borð,“ svaraði Bar Comas.

„Ef hann deyr?“ öskraði Dak Kova. „Þér skal ekki verða kápan úr því klæðinu, Bar Comas. Kveifarháttur þinn getur ekki bjargað lífi hans. Ég vildi óska, að Warhoonmönnum væri stjórnað af hraustum og djörfum jeddak, en ekki af huglausum ræfli, sem jafnvel ég, gamall maðurinn, gæti vopnlaus lagt að velli.“

Bar Comas horfði andartak með fyrirlitningarsvip á þenna þrjózkufulla höfðingja. Hann greip ekki til vopna sinna, en réðst steinþegjandi á Dak Kova.

Aldrei hafði ég séð græna Marsbúa berjast vopnlausa, og við þetta tækifæri kom hin dýrslega grimmd þeirra skýrt í ljós. Þeir rifu í augun og eyrun hvor á öðrum og tættu og stungu með skögultönnunum þangað til báðir voru flakandi í sárum frá hvirfli til ilja.

Bar Comas veitti betur í bardaganum í fyrstu, þar sem hann var sterkari, fljótari til og skynsamari en mótstöðumaður hans. Ég bjóst þá og þegar við, að bardaganum yrði lokið með sigri Bar Comas, en

þá skrikaði honum fótur, og Dak Kova notaði tækifærið og stakk mótstöðumann sinn á hol með þessari einu skögultönn, sem hann hafði. Sigurvegarinn og hinn sigraði lágu báðir, að því er virtist, lífvana á jörðinni.

Bar Comas var dauður, en lífi Dak Kova varð með naumindum bjargað. Að þremur dögum liðnum gat hann gengið einn og óstuddur. Nú var hann orðinn jeddak í Warhoon.

Meiðsli Dak Kova töfðu för okkar svo lengi, að ekki þótti ráðlegt að halda áfram ferðinni, en henni var heitið þangað sem lítið þjóðarbrot Tharka bjó, til þess að hefna eyðileggingar klakstöðvarinnar. Var því ákveðið að snúa við, og öll herdeildin, tíu þúsund manns að tölu, hélt aftur áleiðis til Warhoon.

Ég átti eftir að kynnast þessari blóðþyrstu þjóð nánar. Hún var fámennari en Tharkar, en miklu grimmari. Varla leið sá dagur, að þeir ekki berðust innbyrðis. Ég hefi séð háð átta einvígi á einum degi, og engu þeirra lauk fyrri en annar hvor aðilinn lá dauður.

Við vorum þrjá daga á leiðinni til Warhoonborgar. Er þangað var komið, var mér samstundis varpað í dýflissu og hlekkjaður rammlega við gólf og veggi. Mér var færður matur við og við, en þar sem ég lá þarna í niðmyrkri, hafði ég ekki hugmynd um, hvort ég var í fangelsinu í vikur eða mánuði. Þetta er sú hræðilegasta þrekraun, sem ég hefi komizt í á ævi minni, og mér hefir alltaf síðan verið það hulin ráðgáta, að ég skyldi ekki missa vitið af ógn-

um þeim, er að mér steðjuðu í kolsvörtu myrkrinu. Klefinn var fullur af kvikindum, sem skriðu og læddust um allt. Ef ég lagðist niður, hafði ég ekki nokkurn frið. Þessi kvikindi skriðu yfir mig, og stundum sá ég glytta í augu í myrkrinu. Ekkert hljóð heyrðist frá umheiminum, og fangavörðurinn, sem færði mér matinn, anzaði mér aldrei, þótt ég reyndi að spyrja hann spjörunum úr.

Að lokum var ég farinn að hata mennina, sem höfðu fjötrað mig á þessum hræðilega stað, einkum var mér illa við manninn sem færði mér matinn, enda var hann sá eini, sem ég sá af þessu illþýði.

Ég hafði veitt því eftirtekt, að þegar hann kom með matinn, hafði hann með sér lítinn kyndil til að lýsa sér og lét matarílátið á gólfið, þar sem ég gat náð því. Mér fannst ég vera að brjálast, og næst þegar ég heyrði hann koma, færði ég mig eins langt frá dyrunum og ég gat og beið svo komu hans. Um leið og hann beygði sig niður, lyfti ég höndunum upp fyrir höfuðið og lét svo hlekkina falla niður á hnakkann á honum. Hauskúpan brotnaði og hann datt steindauður á gólfið.

Ég hló í brjálæðiskenndu æði, laut niður og þreifaði á hálsinum á óvini mínum. Þar fann ég mjóa festi, og við hana hékk lyklakippa. Um leið og fingur mínir snertu lyklana, rann af mér æðið. Mér var það ljóst, að með snarræði ætti mér að takast að komast burtu.

Á meðan ég var að þreifa fyrir mér og reyna að ná

lyklunum, varð mér litið upp og sá þá í myrkrinu tólf glampandi augu, er horfðu á mig. Þau nálguðust hægt og hægt, og ég hopaði undan. Ég hörfaði undan eins langt og ég gat, og alltaf færðust augun nær, þangað til þau voru komin að dauða manninum við fætur mér. Síðan færðust þau hægt til baka, og nú heyrðist undarlegt, urgandi hljóð, og loksins hurfu þau út í kolsvart skúmaskot í klefanum mínum.

XIX. KAFLI

Bardaginn á vígsviðinu

Eftir nokkra stund ákvað ég að reyna aftur að ná lyklakippunni af fyrrverandi fangaverði mínum. Ég þreifaði fyrir mér í myrkrinu, en mér til mikillar skelfingar uppgötvaði ég, að hann var horfinn. Þá fyrst skildi ég, hvað fram hafði farið í klefanum mínum. Dýrin, sem ég hafði séð glytta á augun í, höfðu dregið hann inn í bæli sitt, sem var einhvers staðar í grendinni.

Mér var ekki færður neinn matur í tvo daga, en svo kom annar fangavörður, og í nokkurn tíma gekk allt sinn vanagang.

Skömmu eftir þenna atburð, var öðrum fanga varpað inn í klefann, og hann var fjötraður rétt við hliðina á mér. Í daufri birtunni af kyndlinum, sá ég, að þetta var rauður Marsbúi, og ég var svo óþolin-

móður, að ég gat varla beðið eftir því að verðirnir færu sína leið. Um leið og fótatak þeirra var hljóðnað, heilsaði ég honum á máli Marsbúa.

„Hver ert þú, sem talar í myrkrinu?“ spurði hann.

„John Carter, vinur rauðu mannanna í Helium.“

„Ég er frá Helium,“ sagði hann, „en ég minnist ekki að hafa heyrt þín getið.“

Ég sagði honum þá allt, sem á daga mína hafði drifið síðan ég kom til Mars. Hann var ákaflega ánægður yfir að fá fréttir af konungsdótturinni frá Helium og hann virtist vera sannfærður um, að hún og Sóla mundu hafa komizt undan, er ég hafði lýst staðnum, þar sem ég skildi við þær. Hann sagðist þekkja staðinn, því að Warhoonmenn færu aldrei aðra leið en þá, sem lægi um þetta skarð, er þeir væru á leið suður á bóginn.

„Dejah Thoris og Sóla komust upp að hæðunum, á að gizka fimm mílur frá stórum skurði, og nú eru þær að öllum líkindum úr allri hættu,“ sagði hann.

Sambandingi minn hét Kantos Kan og var hann foringi í flugflota Helium. Hann hafði verið með í leiðangrinum, er Tharkar tóku Dejah Thoris höndum, og skýrði hann mér nú í stuttu máli frá því, sem gerzt hafði eftir ófarir flugflotans.

Flugbátarnir sem undan komust, lentu í annarri orustu á heimleiðinni. Er þeir flugu fram hjá Zodanga, höfuðborg örgustu fjandmanna rauðu mannanna á Barsoom, réðst öflugur flugfloti á þá, og Kantos Kan var sá eini, er komst heill á húfi heim

til Heliumborgar með sinn flugbát. Í marga daga eltu hann þrír flugbátar frá Zodanga, en að lokum komst hann undan þeim í myrkri.

Af hinum sjö hundruð liðsforingjum og óbreyttum liðsmönnum, er sendir höfðu verið í þenna leiðangur, komu aðeins tíu til baka til Helium. Samstundis var gerður út mikill flugfloti, sjö hundruð stórir flugbátar, til þess að leita Dejah Thoris, og frá þessum flugbátum voru svo sendar tvö þúsund litlar flugvélar, er höfðu haldið uppi árangurslausri leit að konungsdótturinni horfnu.

Tveimur þjóðarbrotum grænu mannanna hafði algerlega verið útrýmt af yfirborði Barsoom, en allt kom fyrir ekki. Hvergi hafði spurzt til Dejah Thoris. Fyrst höfðu þeir leitað norðarlega, en höfðu nú fært sig lengra suður á bóginn.

Kantos Kan hafði verið sendur út á eins manns flugvél, en hann varð fyrir því óhappi, að verða tekinn fastur af Warhoonum, er hann var að leita í Zodanga. Hreysti og fífldirfska þessa manns var svo mikil, að ég gat ekki annað en borið virðingu fyrir honum. Hann hafði lent aleinn rétt fyrir utan borgina og síðan haldið fótgangandi inn í hana. Í tvo daga hafði hann leitað um alla borgina og er hann hafði fullvissað sig um, að Dejah Thoris væri þar ekki, hélt hann aftur af stað út úr borginni, en þá var hann tekinn fastur.

Við Kantos Kan urðum góðir vinir á þessum tíma, sem við vorum saman þarna í myrkraklefanum. Eftir nokkra daga byrjuðu leikarnir. Snemma morguns

vorum við Kantos Kan sóttir og farið með okkur út í hringleikhúsið. Það var svo stórt, að allir Warhoonar, tuttugu þúsund manns, gat horft á leikana í einu.

Vígsviðið sjálft var geysimikið. Í kringum það höfðu Warhoonar hlaðið grjótvegg, svo að dýrin og fangarnir gætu ekki sloppið út á meðal áhorfendanna, og við grjótveggina stóðu búrin, þar sem hinir dauðadæmdu voru geymdir, þar til röðin væri komin að þeim.

Við Kantos Kan vorum báðir lokaðir inni í sama búrinu. Í hinum búrunum voru villtir hundar, hestar, zitidarar, grænir hermenn og konur af öðrum þjóðflokkum, auk fjölda blóðþyrstra villidýra, sem ég hafði aldrei áður séð. Öskrið, urrið og ýlfrið í þessum dýrum var nóg til að skjóta hverjum fullhraustum manni skelk í bringu.

Kantos Kan sagði mér, að um kvöldið mundi einn fanginn standa einn uppi og mundi honum þá verða gefið frelsi, en hinir mundu allir liggja dauðir á vígsviðinu. Sigurvegararnir úr hverjum bardaga væru látnir berjast, þangað til aðeins tveir væru eftir og hvorum þeirra, sem legði hinn að velli, yrði gefið frelsi, hvort sem það væri maður eða dýr. Næsta morgun yrðu búrin aftur fyllt nýjum föngum og þetta yrði endurtekið í þá tíu daga, sem leikarnir stóðu yfir.

Skömmu eftir að við höfðum verið leiddir inn í búrið, byrjaði fólkið að streyma inn í hringleikhúsið, og innan klukkustundar var hvert sæti skipað.

Dak Kova gaf merki um að leikarnir skyldu hefjast. Tvö búrin voru opnuð og tólf grænar konur voru reknar út á vígsviðið. Hver þeirra fékk rýting að vopni, og síðan var hleypt út til þeirra tólf villtum hundum.

Um leið og hundarnir þustu urrandi að hinum næstum því varnarlausu konum, sneri ég mér undan, því að ég vildi ekki horfa á þenna ójafna leik. Öskrum og gleðilátum áhorfendanna ætlaði aldrei að linna, en ég leit ekki við, fyrr en Kantos Kan sagði mér, að allt væri um garð gengið. Þá sá ég þrjá hunda standa urrandi yfir bráð sinni. Konurnar höfðu varizt vasklega.

Næst var trylltum zitidar hleypt út til hundanna, og þannig gekk það koll af kolli allan liðlangan daginn.

Ég var látinn berjast bæði við menn og dýr, en mér veitti alltaf betur. Fagnaðarlætin gullu við hvað eftir annað, og ég heyrði meira segja hrópað, að það ætti að láta mig hætta að berjast og veita mér upptöku í her Warhoona.

Að lokum vorum við aðeins þrír eftir á vígsviðinu — hávaxinn, grænn hermaður úr norðlægu héraði, Kantos Kan og ég. Þeir áttu að berjast til þrautar, og síðan átti ég að berjast við sigurvegarann.

Kantos Kan hafði einnig háð mörg einvígi þenna dag og alltaf borið sigur úr býtum, en stundum var hann samt hætt kominn, einkum er hann átti í höggi við grænu hermennina. Mér datt ekki í hug, að hann

mundi sigra þenna risavaxna mótstöðumann sinn. Græni hermaðurinn var sextán fet á hæð, en Kantos Kan var ekki nema tæp sex fet. Þegar þeir gengu hvor á móti öðrum, sá ég í fyrsta sinn notað herbragð, sem getur kostað þann sem notar það lífið. Þegar Kantos Kan var tæplega tuttugu fet frá mótstöðumanni sínum, sveiflaði hann sverði sínu og henti því af öllu afli í græna hermanninn. Sverðið flaug þráðbeint eins og ör og hitti hermanninn í hjartastað, en hann datt samstundis steindauður til jarðar.

Nú áttum við Kantos Kan að berjast, en þegar við nálguðumst hvorn annan, hvíslaði ég að honum að við skyldum reyna að draga bardagann á langinn fram í rökkur, ef ske kynni að við gætum komizt undan. Áhorfendur voru ekki ánægðir með bardagaaðferð okkar og þeir öskruðu af bræði þegar þeir sáu, að hvorugur ætlaði að yfirvinna hinn. Er birtu tók að bregða, hvíslaði ég að Kantos Kan, að hann skyldi stinga sverðinu í vinstri handarkrika minn. Um leið og hann gerði það, hélt ég sverðinu föstu með upphandleggnum, skjögraði til og lét mig svo falla endilangan til jarðar. Þar lá ég svo hreyfingarlaus á bakinu, og sverðið virtist standa fast í brjósti mínu. Kantos Kan skildi strax, hvað ég var að fara. Hann gekk að mér og kippti sverðinu úr handarkrika mínum. Það var nú farið að dimma, og enginn gat séð annað en að ég væri dauður. Ég hvíslaði að Kantos Kan, að hann skyldi fara og krefjast frelsisins, er heitið hafði verið sigurvegaranum, og leita

svo að mér í hæðunum austan við borgina. Síðan gekk hann burtu frá mér.

Þegar allir voru farnir út úr hringleikhúsinu, læddist ég út úr því, og þar sem það lá í úthverfi borgarinnar, komst ég klaklaust út úr henni og austur að hæðunum.

XX. KAFLI

Andrúmsloftsstöðin

Ég beið eftir Kantos Kan fyrir utan borgina í tvo sólarhringa, en hann kom ekki, svo að ég lagði af stað fótgangandi í norð-austurátt, en þar hafði hann sagt mér, að ég mundi finna næsta skurð. Ég hafði ekki annað að nærast á en jurtamjólk, en það nægði mér nokkurn veginn.

Í tvær vikur ráfaði ég um, gekk á nóttunni í myrkrinu en hélt kyrru fyrir á daginn. Faldi ég mig þá í klettum eða hæðum. Nokkrum sinnum réðust á mig villidýr – undarleg kvikindi, sem stukku á mig í myrkrinu, svo að ég þorði ekki annað en að ganga stöðugt með sverðið í hendinni til að vera til taks. Venjulega varð ég þeirra var, áður en þau stukku á mig, en einu sinni lá ég marflatur á jörðinni án þess að hafa haft grun um, að nokkur hætta steðjaði að mér. Hvofturinn á einhverri skepnu var

kominn að hálsinum á mér og ég fann loðið trýnið strjúkast við andlitið á mér.

Hvers konar skepna þetta var, vissi ég ekki, en ég fann, að hún var stór og þung og margfætt. Áður en hún náði að bíta mig, greip ég með báðum höndum utan um hálsinn á henni og reyndi að ýta henni frá mér.

Brátt fann ég samt, að ég átti þar við ofurefli að etja, og að kraftar mínir voru á þrotum. Í sama bili kom önnur skepna þjótandi utan úr myrkrinu og réðst umsvifalaust á villidýrið, sem lá ofan á mér. Það sleppti mér strax, og bæði dýrin veltust hvort um annað, urrandi og bítandi, en það leið ekki á löngu, fyrr en bjargvættur mín stóð yfir villidýrinu steindauðu.

Tunglið var að koma upp, og í birtu þess sá ég, að sá sem ég átti líf mitt að launa, var enginn annar en Woola, en hvaðan hann kom eða hvernig hann hafði fundið mig, var mér óskiljanlegt. Ég var auðvitað himinlifandi yfir að sjá hann, en þó dró það nokkuð úr ánægjunni, að vita ekki, hvers vegna hann hefði yfirgefið Dejah Thoris.

Woola var ekki nema svipur af sjón, svo horaður var hann orðinn. Hann gaf sér varla tíma til að flaðra upp um mig ,en fór strax að rífa í sig hræið af mestu græðgi. Ég var sjálfur glorhungraður, en ég gat ekki fengið af mér að leggja mér hrátt kjöt til munns. Þegar Woola hafði etið sig saddan, lagði ég aftur af stað til að leita að skurðinum, sem ég var farinn að halda, að ég mundi aldrei finna.

Að morgni fimmtánda dagsins kom ég loksins auga á hin langþráðu tré, sem sýndu, að ég var á réttri leið. Um hádegisbilið dragnaðist ég örmagna af þreytu að dyrunum á afar stórri byggingu. Hún var áreiðanlega fjórar fermílur að ummáli og gnæfði tvö hundruð fet yfir jörðu. Ég sá engar dyr á þessu stóra húsi, og engan mann sá ég heldur.

Ég fann enga dyrabjöllu og vissi ekki, hvernig ég ætti að gera vart við mig, en þá sá ég lítið gat á veggnum rétt hjá dyrunum. Ég ætlaði að fara að kalla inn um gatið, en í sama bili heyrði ég rödd, sem spurði, hver ég væri, hvaðan ég kæmi, og hvert erindi mitt væri.

Ég skýrði frá því, að ég hefði sloppið frá Warhoonum, og væri aðframkominn af þreytu og hungri.

„Þú berð vopn grænu mannanna, ert með hund í eftirdragi, en samt hefir þú vaxtarlag rauðu mannanna. Hörundslitur þinn er hvorki rauður né grænn. Hvers konar maður ertu?“

„Ég er vinur rauðu mannanna á Barsoom og er örmagna af hungri. Í öllum bænum, hleypið okkur inn.“ svaraði ég.

Ég hafði varla sleppt orðunum, fyrr en hurðin opnaðist, og ég gekk inn í stuttan, mjóan gang, og við endann á honum var önnur hurð, nákvæmlega eins og sú, sem ég var rétt kominn inn um. Hurðin lokaðist að baki mér. Hin hurðin opnaðist, en ekki sá ég nokkurn mann. Ég gekk inn um dyrnar og þær þriðju og kom þá inn í stóran sal.

Þar stóð matur og drykkur á stóru borði úr steini. Ég heyrði rödd, sem sagði mér að seðja hungur mitt og að gefa hundinum mínum, og á meðan ég mataðist, spurði hinn ósýnilegi húsráðandi mig spjörunum úr.

„Ég sé, að þú munt segja rétt frá málavöxtum," sagði röddin, „og þú ert auðsjáanlega ekki ættaður af Barsoom. Ég get séð það á heilalögun þinni, innyflunum, stærð og lögun hjarta þíns."

„Getur þú séð í gegnum mig?" spurði ég.

„Já, ég sé allt nema hugsanir þínar og þær mundi ég líka geta lesið, ef þú værir borinn og barnfæddur á Barsoom."

Þá opnaðist hurð í öðrum enda salarins, og inn kom einkennilegur, lítill, hrukkóttur og skorpinn gamall maður. Um háls honum var gullspöng, og niður úr henni hékk stór skjöldur, alsettur stórum demöntum, en í miðju var stór, einkennilegur steinn, sem kastaði frá sér geislum í níu litum, sjö litum glerstrendings okkar Jarðarbúa, og svo tveim fögrum geislum, sem ég kann ekki að nefna, og orð fá ekki lýst. Ég veit aðeins, að þeir voru ákaflega fagrir.

Gamli maðurinn sat lengi hjá mér og talaði við mig, en það einkennilegasta við samtal okkar var, að ég gat lesið hverja hugsun hans, en hann gat ekki skynjað mínar.

Ég lét hann ekki vita neitt um þessa hæfileika mína og þannig komst ég að ýmsu, sem varð mér til ómetanlegs gagns seinna og sem ég hefði aldrei feng-

ið að vita, hefði hann grunað mig um það, því að Marsbúar hafa slíkt vald yfir hugsunum sínum að þeir geta beint þeim að hverju, sem þeir vilja.

Í þessari stóru byggingu, sem ég var nú kominn inn í, voru vélarnar, er framleiða andrúmsloftið, sem heldur við öllu lífi á Mars. Leyndardómur framleiðslunnar liggur í notkun níunda geislans, sem tindraði í stóra steininum í skartgrip gestgjafa míns.

Þessi geisli er skilinn frá öðrum geislum sólarinnar með tækjum, sem er komið fyrir uppi á þaki þessarar stóru byggingar, sem að mestu er notuð til að geyma geislana. Síðan er unnið með rafmagni efni úr geislunum og þessu efni er svo dælt til fimm aðalloftstöðva reikistjörnunnar. Þar er því hleypt út og er það blandast ljósvakanum, myndast andrúmsloftið.

Alltaf er séð um, að nægilegt magn níunda geislans sé geymt þarna til að sjá Mars fyrir andrúmslofti í þúsund ár, og gamli maðurinn sagði mér, að það eina ,sem þeir óttuðust, væri að eitthvað kæmi fyrir dælurnar.

Hann fór með mig inn í annað herbergi, þar sem ég sá tuttugu radiumdælur, og var hver þeirra fær um að vinna nægilegt geislamagn til að búa til loftið á Mars. Hann sagðist hafa litið eftir þessum dælum í átta hundruð ár. Dælurnar eru notaðar til skiptis. Hann hafði einn aðstoðarmann, og skiptust þeir á um að vera þarna hálft ár í einu.

Sérhverjum rauðum Marsbúa er frá barnæsku

kenndar aðferðirnar við framleiðslu andrúmsloftsins, en aðeins tveir menn í einu vita, hvernig hægt er að komast inn í þessa stóru byggingu, sem er óvinnandi, því að veggirnir eru hundrað og fimmtíu fet á þykkt, og jafnvel þakið er varið loftárásum með fimm feta þykku glerhvolfi.

Það eina, sem rauðu Marsbúarnir óttast, eru árásir grænu mannanna, eða ef einhverjum brjáluðum rauðum manni dytti í hug að eyðileggja stöðina, því að öllum er það ljóst, að allt líf mundi slokkna á Mars, ef stöðin yrði ekki starfrækt.

Ég uppgötvaði það, er ég las hugsanir gamla mannsins, að dyrnar inn í þetta rammbyggða hús væru opnaðar og lokaðar með fjarskynjun. Læsingarnar opnast við sérstakt hugsanasamband. Mig langaði til að leika á karlinn og reyna að fá hann til að ljósta upp leyndarmálinu, svo að ég spurði hann upp úr þurru, hvernig hann hefði farið að opna þessar þungu dyr, og vera samt sjálfur langt inni í húsinu. Eins og elding flaug honum í hug níu tónar, sem hurfu strax aftur, um leið og hann svaraði, að það væri leyndarmál, sem hann mætti ekki segja nokkrum manni.

En upp frá þessu breyttist framkoma hans við mig, og hann óttaðist að hann mundi ljósta upp þessu mikla leyndarmáli, og ég las tortryggni og hræðslu í svip hans og huga, þótt hann væri jafn vingjarnlegur við mig sem áður.

Áður en ég gekk til hvílu um kvöldið, lofaði gamli maðurinn að skrifa með mér til embættis-

manns nokkurs, er ætti heima nálægt stöðinni, og mundi hann þá hjálpa mér að komast til Zodanga, sem væri næsta borg.

„En þú skalt halda því vandlega leyndu, að þú sért á leiðinni til Helium, því að Zodangabúar eiga í stríði við Heliummenn. Ég og aðstoðarmaður minn eigum hvergi heima, og þessi verndargripur sem við berum, verndar okkur í öllum löndum, jafnvel meðal grænu mannanna – þótt við reyndar ekki hættum okkur inn í lönd þeirra ef hjá því verður komizt," sagði hann.

„Nú ætla ég að bjóða þér góða nótt, vinur minn," bætti hann við, „og ég vona, að þú sofir bæði vel og lengi – já, sofir lengi."

Þótt hann brosti vingjarnlega, sá ég, að hann óskaði þess, að hann hefði aldrei hleypt mér inn, svo sá ég í huga hans skýra mynd af honum, þar sem hann stóð yfir mér í myrkrinu með rýting í hendinni, og svo þessi orð: „Mér þykir mikið fyrir því, en heill Barsoom er meira virði."

Um leið og hann lokaði herbergisdyrunum mínum, og ég sá hann ekki lengur, gat ég ekki heldur skynjað hugsanir hans.

Hvað átti ég til bragðs að taka? Hvernig gat ég komizt út? Ég gat auðveldlega komið karlinum fyrir kattarnef, en ef hann væri úr sögunni, mundi ég heldur ekki komast út, vélarnar mundu stöðvast, og ég mundi deyja ásamt öllum íbúum reikistjörnunnar – öllum, Dejah Thoris líka, ef hún væri þá ekki þegar dáin.

Hljóðlega opnaði ég hurðina á herberginu mínu, og við Woola læddumst fram til að leita að innstu útgöngudyrunum. Ég var ákveðinn í því að reyna að opna allar dyrnar með tónasambandinu, sem ég hafði lesið í huga gamla mannsins.

Ég læddist laumulega eftir mörgum göngum, niður krókótta vindustiga, og loksins komst ég niður í stóra salinn, þar sem ég hafði matazt um morguninn. Hvergi hafði ég orðið var við gamla manninn.

Ég ætlaði að ganga þvert yfir salinn, en þá heyrði ég þrusk, svo að ég flýtti mér inn í göngin, sem ég hafði komið eftir, og fól mig þar í skugganum. Woola húkti við hlið mér.

Í þessum svifum gekk gamli maðurinn fram hjá mér. Í daufri birtunni í salnum, sá ég, að hann hélt á löngum og beittum rýting. Ég skynjaði, að hann var að hugsa um það, að fyrst ætlaði hann niður í kjallarann til að líta eftir radiumdælunum — hann yrði nálægt því hálfa klukkustund að því, en síðan ætlaði hann að fara upp í svefnherbergið mitt og ráða mig af dögum.

Þegar hann var horfinn niður í kjallarann, læddist ég úr felustað mínum yfir að innstu hurðinni af þessum þremur, er voru á milli mín og frelsisins.

Ég beindi nú hugsunum mínum að læsingunni og endurtók í huganum hinar níu hugsanabylgjur. Svo beið ég milli vonar og ótta, en eftir andartak opnaðist hurðin. Ég fór eins að við hinar tvær, og brátt stóðum við Woola úti undir beru lofti, frjálsir, en samt lítið betur stæðir en um morguninn, að

öðru leyti en því, að við höfðum fengið nægju okkar að borða.

Ég flýtti mér sem mest ég mátti af stað eftir veginum, sem lá frá loftstöðinni, því að ég ætlaði að komast sem fyrst til byggða. Snemma um morguninn kom ég að nokkrum húsum úr steini. Þau voru lág og fornfáleg, en hurðirnar voru sterklegar, og hvernig sem ég barði og hrópaði, kom enginn til dyra. Þar sem ég var alveg svefnlaus og þreyttur eftir gönguna, lagðist ég til svefns og skipaði Woola að standa vörð yfir mér.

Nokkru seinna vaknaði ég við það, að Woola urraði grimmdarlega, og er ég leit upp, sá ég þrjá rauða Marsbúa, sem stóðu spölkorn frá mér og miðuðu byssum sínum á mig.

„Ég er vopnlaus," sagði ég í flýti. „Ég var fangi hjá grænu mönnunum og er nú á leiðinni til Zodanga. Ég bið ekki um annað en mat handa mér og hundinum mínum og að mér verði vísað á rétta leið."

Þeir komu nú til mín og heilsuðu mér með mestu virktum og spurðu mig um ferðir mínar. Síðan fylgdu þeir mér heim til eins þeirra, sem bjó skammt þaðan.

Húsin, sem ég hafði verið að berja utan um morguninn, voru peningshús og hlöður, en sjálfan búgarðinn, sem var inni í stórum trjálundi, hafði ég ekki komið auga á.

Hermennirnir þrír voru bræður og bjuggu hver í sínu húsi ásamt konum sínum og börnum. Þeir

unnu ekkert sjálfir. Þeir voru embættismenn stjórnarinnar og höfðu umsjón með þessum stóra búgarði. Verkamennirnir voru herfangar og sakamenn.

Ég dvaldi þarna í nokkra daga í góðu yfirlæti og hvíldi mig. Þegar bræðurnir höfðu heyrt sögu mína, ráðlögðu þeir mér að lita húð mína, svo að ég líktist þeim sem mest, og reyna svo að fá mér atvinnu í Zodanga, annað hvort í landhernum eða flughernum.

„Það eru lítil líkindi til, að orð þín verði tekin trúanleg, fyrr en raun er komin á það, hvort hægt er að treysta þér, og þú hefir eignazt vini við hirðina," sagði einn þeirra. „Það mun þér takast bezt með því að ganga vel fram í hernum, því að við erum herskáir hérna á Barsoom, og góðum bardagamönnum er mikill sómi sýndur."

Bræðurnir fengu mér rauðleita olíu til að bera á hörund mitt og klipptu hár mitt að þeirra sið, og var ég eftir það fljótt á að líta ekki ólíkur rauðum Marsbúa. Þeir fengu mér líka vopn og skartgripi, er sýndu, að ég væri háttsettur maður af ætt Ptor, en það var ættarnafn þeirra bræðranna.

Áður en ég fór, gáfu þeir mér reiðskjóta og úttroðna pyngju af peningum. Þegar ég minntist á það, að mér mundi veitast erfitt að launa þeim móttökurnar, fullvissuðu þeir mig um, að ég mundi fá tækifæri til þess, ef mér entist aldur til. Síðan kvaddi ég þá, og þeir horfðu á eftir mér, er ég reið úr hlaði.

XXI. KAFLI

Flugmaður í Zodanga

Ég hélt nú leiðar minnar til Zodanga og margt merkilegt bar fyrir augu mín á þeirri ferð. Kom ég við á mörgum búgörðum og kynntist mörgu, sem ég ekki hafði þekkt áður.

Í þessari ferð bragðaði ég kjöt, í fyrsta sinn síðan ég fór frá Jörðinni — bragðgóða steik og alls konar rétti úr kjöti af vel öldum dýrum á búgörðunum. Þar fékk ég líka gómsæta ávexti og grænmeti, en ekkert var það líkt neinu, sem ég hafði borðað á Jörðinni.

Á einum bænum hitti ég vel menntað fólk, og meðan ég var að tala við það, barst talið að Helium. Gamall maður, sem þarna bjó, hafði fyrir nokkrum árum verið sendur til Helium í erindagjörðum stjórnarinnar, og sagðist hann harma það mjög, að aldrei skyldi geta ríkt friður til lengdar milli þessara tveggja þjóða.

„Fegursta kona á Barsoom á heima í Helium," sagði hann. „Engin getur jafnazt á við hina glæsilegu konungsdóttur, Dejah Thoris. Fólkið tilbiður hana, og síðan hún hvarf, hafa allir í Helium syrgt hana. Það var mesta vitleysa af höfðingja okkar að láta ráðast á flugflota Heliummanna á heimleiðinni. Fólkið í Zodanga er farið að láta óánægju sína í ljós, jafnvel nú, þegar her okkar er kominn alla

leið að múrum Heliumborgar, því að það sér, að þetta stríð er ekki réttlátt. Þegar Heliumbúar sendu út mestallan herinn til þess að leita að konungsdótturinni, varð minna um varnir heima fyrir, og her okkar komst alla leið að borginni. Það er álitið, að þeir verði að gefast upp, áður en langt líður."

„En hvað heldur þú, að hafi orðið af Dejah Thoris?" spurði ég.

„Hún er dáin," svaraði hann. „Það fengum við að vita hjá grænum hermanni sem nýlega var tekinn til fanga fyrir sunnan Zodanga. Hún komst undan á flótta með einhverri undarlegri veru úr öðrum heimi, en Warhoonar náðu þeim. Reiðskjótar þeirra fundust rásandi uppi í óbyggðum, og þess sáust merki þar nálægt, að háður hefði verið blóðugur bardagi."

Ég var engu nær um afdrif Dejah Thoris, þótt ég fengi þessar upplýsingar og ég ákvað að reyna komast sem fyrst til Helium og flytja Tardos Mors allar þær fréttir af dóttur hans, sem í mínu valdi stæði.

Tíu dögum eftir að ég kvaddi þá Ptorbræðurna reið ég inn í Zodanga. Frá því að ég var kominn inn á umráðasvæði rauðu mannanna, hafði ég orðið var við, að Woola vakti mikla eftirtekt, hvar sem ég fór, því að rauðu mennirnir hafa enga hunda af þessu tagi. Hefði ég labbað niður Laugaveginn með ljón á hælunum, mundi það líklega hafa haft sömu áhrif og það, að fara inn í Zodanga með Woola á eftir mér.

Mér þótti mikið fyrir því, að þurfa að reka þessa tryggglyndu skepnu frá mér, og ég dró það í lengstu lög. En þegar ég kom að borgarhliðinu, varð ég að láta Woola fara frá mér. Ég talaði vinalega til hans og sagði honum, að ég mundi hafa einhver ráð með að finna hann aftur, ef ég kæmist lifandi burtu aftur.

Hann virtist skilja, hvað ég átti við, og þegar ég benti honum í áttina til Thark, hlýddi hann umsvifalaust, þótt hann auðsjáanlega tæki það nærri sér, að skilja við mig.

Mér var undir eins hleypt inn um borgarhliðið, þegar ég var búinn að sýna meðmælabréfið, sem ég hafði frá bræðrunum. Þeir höfðu sagt mér, hvar ég mundi geta fengið inni í þessari stóru borg, og ég lagði strax af stað þangað. Þetta var snemma morguns, og fáir voru á götunum. Leið mín lá um aðaltorgið, sem var í miðri borginni, eins og í öllum öðrum borgum á Mars.

Torgið í Zodanga er afar stórt og við það standa hallir höfðingjanna og göfugustu manna þjóðarinnar. Er ég var á leiðinni yfir torgið, sá ég mann, sem kom rösklega gangandi á móti mér. Hann leit ekki á mig, en þegar hann var nærri því kominn að mér, þekkti ég hann, svo að ég nam staðar, lagði höndina á öxl honum og sagði:

„Sæll, Kantos Kan!“

En hann tók ekki kveðju minni, heldur dró sverð sitt úr sliðrum, og mér fór ekki að lítast á blikuna.

„Hver ert þú?“ spurði hann, en ég svaraði engu,

heldur stökk fimmtíu fet aftur á bak. Hann fór að skellihlæja.

„Ég þarf ekki annað svar, Það er ekki nema einn maður á Barsoom, sem getur stokkið svona. Hvernig ertu hingað kominn, John Carter, og getur þú skipt lit eftir vild? Þú gerðir mér bilt við, vinur minn. Mér mundi ekki verða langra lífdaga auðið ef það kæmist upp, hver ég væri. Ég er hér í erindagerðum Tardos Mors, Jeddak í Helium. Ég er að leita að Dejah Thoris, konungsdóttirinni fögru. Sab Than, sonur konungsins í Zodanga hefir hana á sínu valdi og hann kvað vera orðinn ákaflega ástfanginn af henni .Faðir hans, Than Kosis, Jeddak í Zodanga, hefir gert það að skilyrði fyrir því að friður verði milli hinna tveggja þjóða, að Dejah Thoris gangi að eiga son hans af frjálsum vilja. En Tardos Mors vill ekki ganga að kröfum hans, og hann hefir gert Than Kosis boð um, að hann kjósi heldur, að hann og öll þjóðin tortímist, en að þeir geri nokkurn tíma bandalag við Zodangabúa. Ég er búinn að leita hérna í borginni í þrjá daga, en mér hefir ennþá ekki tekizt að komast að því, hvar Dejah Thoris er höfð í haldi. Í dag ætla ég að ganga í flugher Zodanga til að vita, hvort ég get ekki komið mér í mjúkinn hjá Sab Than, sem er yfirmaður flugflotans, ef ske kynni, að ég gæti haft upp úr honum, hvar Dejah Thoris er niður komin. Mér þykir vænt um, að þú ert hingað kominn, John Carter, því að ég veit, að þú ert vinveittur þjóð minni, og við ætt-

að getað afrekað meira báðir saman en sinn í hvoru lagi.“

Fólki var nú farið að fjölga á torginu. Búðirnar voru opnaðar, og Kantos Kan fór með mig inn á matsölustað, og við fengum okkur góðan morgunverð.

Eftir morgunverðinn fór Kantos Kan með mig til bækistöðva flughersins, og við vorum báðir teknir í herinn, því að Kantos Kan hafði komizt í kunningsskap við háttsettan flugforingja, sem mælti með okkur, svo að okkur var sleppt við nákvæma skoðun og yfirheyrslu.

Næstu dagana á eftir kenndi Kantos Kan mér að stjórna eins manns flugvél. Þessar flugvélar eru um það bil sextán feta langar, tvö fet á breidd, og mjóar í báða enda. Flugmaðurinn situr ofan á flugvélinni, beint uppi yfir lítilli, hljóðlausri radíumvél, sem knýr hana áfram. Orkan, sem notuð er í þessar vélar, er áttundi geisli sólarinnar, sem Marsbúar hafa beizlað og hafa mikil not af.

Á fjórða degi eftir komu mína til Zodanga flaug ég í fyrsta sinn, og þetta fyrsta flug mitt varð til þess, að ég fékk tignarmerki og íbúð í höll Than Kosis.

Þegar ég var kominn á loft, flaug ég nokkra hringi yfir borginni, eins og ég hafði séð Kantos Kan gera, síðan sneri ég suður á bóginn og flaug af eins miklum hraða og ég gat.

Ég var búinn að fljúga á að gizka tvö hundruð mílur á tæpum klukkutíma, þegar ég sá græna hermenn, sem riðu á harðastökki í áttina til fótgang-

andi manns, sem auðsjáanlega var að reyna að komast undan þeim.

Ég lækkaði flugið og flaug nokkra hringi, og sá ég þá fljótt, að maðurinn, sem þeir voru að elta, var rauður Marsbúi úr sömu flugsveit og ég var í. Spölkorn frá honum var flugvélin hans, og í kringum hana lágu ýms verkfæri. Hann hafði verið að gera við hana, þegar grænu hermennirnir komu honum að óvörum.

Þeir voru næstum því búnir að ná honum. Þeir höfðu allir spjótin á lofti og virtust vera að keppast hver við annan að verða fyrstur að ná rauða flugmanninum.

Ég flaug nú aftur fyrir grænu hermennina, sneri síðan við og lækkaði flugið. Síðan setti ég fullan hraða á vélina, stefndi beint á einn hermanninn og eftir andartak hitti ég hann milli herðablaðanna. Hann þurfti ekki meira. Hann steyptist steindauður af baki. Hesturinn hans datt líka, en hinir tveir urðu trylltir af hræðslu og stukku sinn í hvora áttina.

Ég hægði nú á mér, flaug nokkra hringi og lenti síðan rétt fyrir framan Zodangaflugmanninn. Hann þakkaði mér innilega fyrir hjálpina og hét því, að mér skyldi verða launað þetta að verðleikum, enda var honum óhætt að lofa því, þar sem þetta var hvorki meira né minna en náfrændi konungsins í Zodanga.

Við eyddum ekki tímanum í óþarfamas, því að okkur var ljóst, að grænu hermennirnir mundu koma aftur, jafnskjótt og þeir réðu nokkuð við

reiðskjóta sína. Við flýttum okkur sem mest við máttum til flugvélarinnar hans, og þegar við vorum langt komnir að gera við hana, sáum við, hvar óvinir okkar komu á harðaspretti, sinn úr hvorri áttinni. Þegar þeir áttu á að gizka hundrað metra ófarna til okkar, gátu þeir ekki komið reiðskjótum sínum lengra, því að þeir voru ennþá lafhræddir við flugvélina mína.

Hermennirnir stigu loksins af baki, heftu hestana, drógu sverð sín úr sliðrum og komu gangandi í áttina til okkar. Ég lagði af stað á móti stærri hermanninum, en sagði félaga mínum að taka á móti hinum. Mér veittist létt að ráða niðurlögum mótstöðumanns míns, því að ég var búinn að fá töluverða æfingu í því, að berjast við þessa risa. Ég leit nú við til þess að gæta að, hvað þessum nýja kunningja mínum liði.

Hann var í miklum vanda staddur. Mótstöðumaður hans hafði sært hann, og nú lá hann á jörðinni, og óvinur hans var þegar búinn að reiða sverð sitt til höggs. Í einu stökki var ég kominn til þeirra. Ég rak græna hermanninn í gegn, og sverð hans datt úr hendi hans, en hann hneig ofan á Zodangamanninn.

Ég athugaði sár Zodangamannsins, en þau voru ekki hættuleg, og eftir stutta hvíld, sagðist hann treysta sér til að reyna að komast heim. Hann varð að fljúga sinni eigin flugvél, því að þær geta ekki borið nema einn mann.

Við flýttum okkur nú að ljúka við að gera við

flugvélina og flugum svo samhliða heim á leið og komumst slysalaust til Zodanga.

Þegar við nálguðumst borgina, sáum við mikinn fjölda af borgarbúum og herlið á sléttunni fyrir utan múrana. Það sást varla til sólar fyrir ógrynni af flugvélum, sem voru skreyttar blaktandi silkifánum alla vega litum.

Félagi minn gaf mér merki um að hægja á mér, síðan flaug hann alveg upp að hliðinni á minni flugvél og stakk upp á því, að við yrðum viðstaddir athöfn þá, sem fram átti að fara. Það ætti að sæma ýmsa liðsforingja og óbreytta hermenn heiðursmerkjum fyrir dirfsku og vasklega framgöngu í hernaði. Hann tók síðan upp lítinn fána og hengdi hann utan á flugvélina. Á fánanum var merki, sem sýndi, að flugmaðurinn væri af konungsættinni. Við flugum síðan gegnum flugvélaþvöguna, þangað til við vorum rétt fyrir ofan konunginn í Zodanga og fylgdarlið hans.

Einhver beindi athygli konungsins að flugvél frænda hans, og konungurinn benti honum að lenda. Kunningi minn gekk til konungsins, og þeir töluðu nokkra stund saman. Konungurinn leit við og við til mín. Nú byrjaði athöfnin. Fyrst var kallað nafn liðsforingja nokkurs, og honum var skipað að ganga fram fyrir konunginn. Konungurinn gekk síðan að liðsforingjanum og sæmdi hann heiðursmerkinu.

Þannig var búið að sæma tíu menn heiðursmerkjum, þegar ég heyrði kallað:

„John Carter, flugmaður!“

Aldrei á ævi minni hefi ég orðið jafn hissa, en ég hugsaði, að mér væri ráðlegast að hlýða, svo að ég lenti skammt frá konunginum og gekk til hans, eins og ég hafði séð hina gera. Um leið og ég nam staðar, ávarpaði einn liðsforinginn í fylgdarliði konungsins mig hárri röddu, svo að mál hans heyrðist yzt í mannþrönginni.

„John Carter. Í viðurkenningarskyni fyrir hreystiverk það, að sigrast á þremur grænum hermönnum og bjarga með því lífi frænda konungsins, ætlar Than Kosis að sæma þig heiðursmerki.“

Than Kosis gekk til mín, festi á mig merkið og sagði:

„Frændi minn hefir sagt frá hinni frækilegu framgöngu þinni, og fyrst þú gengur svo djarflega fram til að verja frænda konungsins, mundir þú líklega ekki síður leggja þig í framkróka við að verja konunginn sjálfan. Þess vegna mun ég veita þér stöðu í varðliði mínu, og þú átt að búa í höllinni.“

Ég þakkaði honum, og mér var sagt að standa hjá varðliðsflokknum. Eftir athöfnina flaug ég til flugstöðvarinnar og skildi flugvélina mína eftir uppi á þakinu á flugvélaskýli. Síðan hélt ég til hallarinnar og gaf mig fram við varðliðsforingjann.

XXII. KAFLI

Ég finn Dejah Thoris

Varðliðsforinginn, sem ég hafði tilkynnt komu mína, hafði fengið skipun um að láta mig alltaf vera í nálægð konungsins, því að á stríðstímum var hann í stöðugri lífshættu.

Þess vegna fór hann samstundis með mig inn til konungsins. Than Kosis var inni í stórum sal og sat þar á tali við son sinn, Sab Than og nokkra hirðmenn. Hann varð mín ekki var, þegar ég kom inn.

Salurinn var allur tjaldaður dýrindis veggtjöldum, er huldu allar dyr og glugga. Birtu bar um salinn af beizluðum sólargeislum, er voru í glergeymi uppi undir loftinu.

Fylgdarmaður minn dró mig með sér inn á bak við veggtjöldin, en þar voru göng hringinn í kring um salinn milli veggtjaldanna og þilja. Hann sagði mér að vera þarna kyrr, á meðan Than Kosis væri inni í salnum. Þegar hann færi út, ætti ég að fara á eftir honum. Ég hefði ekki öðrum skyldum að gegna en að gæta konungsins og láta eins lítið á mér bera og unnt væri. Ég mundi verða leystur af verði að fjórum klukkustundum liðnum. Síðan fór varðliðsforinginn.

Veggtjöldin voru svo einkennilega ofin, að á réttunni virtust þau vera þykk, en úr felustað mínum

gat ég séð í gegnum þau allt, sem gerðist í salnum, eins greinilega, og ég væri inni á miðju gólfi.

Ég var ekki fyrr kominn á minn stað, en tjöld í hinum enda salarins voru dregin til hliðar, og fjórir varðliðsmenn komu inn, en á milli þeirra gekk ung stúlka. Þeir námu staðar frammi fyrir konunginum og færðu sig svo til hliðar, og þá sá ég, að stúlkan var engin önnur en Dejah Thoris. Hún stóð þarna brosandi, varla meira en tíu skref frá mér.

Sab Than gekk til hennar, tók í hönd henni og leiddi hana alveg að sæti konungsins. Than Kosis leit upp og virtist verða forviða, en svo reis hann á fætur og heilsaði henni.

„Hvernig stendur á þessari óvæntu heimsókn konungsdótturinnar frá Helium, sem fyrir tveim dögum fullvissaði mig um, að af tvennu illu, mundi hún heldur kjósa Tal Hajus, græna Tharkann, en son minn sér fyrir eiginmann?“

Dejah Thoris brosti og svaraði:

„Það hefir nú komið fyrir áður hér á Barsoom, að konur skipti um skoðun. Sonur þinn hefir fyrirgefið mér, og ég vona, að þú gerir það líka. Fyrir tveimur dögum var ég ekki alveg viss um, að hann bæri einlæga ást í brjósti til mín, en nú er ég viss um það, og ég er komin til að biðja þig að gleyma hvatvísi minni. Ég er nú reiðubúin til að ganga að eiga Sab Than, konungsson í Zodanga.“

„Mér þykir vænt um, að þú hefir tekið þessa ákvörðun,“ svaraði Than Kosis. „Við eigum nú eftir

að sjá, hvernig landsmenn þínir taka þessu. Ég mun nú bjóða þeim frið.“

Eftir stuttar viðræður, fór Dejah Thoris aftur út úr salnum, og varðliðsmennirnir á eftir henni.

Í einu vetfangi var hamingjudraumur minn að engu orðinn. Stúlkan, sem ég hafði lagt líf mitt í sölurnar fyrir, og sem ekki fyrir alls löngu hafði sagt, að hún elskaði mig, var þegar búin að gleyma mér og hafði með brosi á vörum boðizt til að giftast manni af óvinaþjóð.

Þótt ég hefði heyrt þetta með mínum eigin eyrum, gat ég ekki trúað því. Ég varð að leita hana uppi og fá hana til að endurtaka þetta fyrir mér einum, áður en ég sannfærðist um það, svo að ég flýtti mér eftir göngunum á bak við veggtjöldin og út um dyrnar, sem Dejah Thoris hafði farið út um. Þegar ég kom út um dyrnar, urðu fyrir mér mörg göng, sem lágu í ýmsar áttir.

Fyrst hljóp ég eftir einum göngunum og svo eftir öðrum, og brátt var ég orðinn svo ruglaður í rím-inu, að ég vissi loksins ekkert, hvar ég var. Ég hall-aði mér móður og másandi upp að vegg og heyrði raddir hinum megin við vegginn. Ég gat greint rödd Dejah Thoris. Ég heyrði ekki orðaskil, en ég var viss um, að mér hafði ekki skjátlazt.

Ég gekk nokkur skref áfram og kom þá að öðrum göngum og fyrir enda þeirra voru dyr. Ég gekk hik-laust að dyrunum og opnaði þær. Var ég þá kom-inn inn í lítinn forsal, og þar voru varðmennirnir

fjórir, sem höfðu gætt Dejah Thoris. Einn þeirra stóð strax á fætur og spurði, hvað ég vildi.

„Ég kem frá Than Kosis," svaraði ég, „og ég þarf að tala einslega við Dejah Thoris, konungsdótturina frá Helium."

„Og hvað er inngangsorðið?" spurði varðmaðurinn.

Ég vissi það auðvitað ekki, svo að ég svaraði, að ég væri í varðliðinu og gekk án þess að bíða eftir svari að innri dyrunum.

En það ætlaði ekki að ganga greiðlega að komast inn til Dejah Thoris. Varðmaðurinn gekk í veg fyrir mig.

„Enginn kemur hingað frá Than Kosis án þess að hafa inngangsorð," sagði hann. „Þú verður að koma með það, áður en ég hleypi þér inn."

„Það eina, sem ég þarf til að komast hvert sem ég vil, er hérna," sagði ég og klappaði á sverðið við hlið mér. „Ætlar þú að lofa mér að komast inn á friðsamlegan hátt eða ekki?"

Hann svaraði með því að draga sverð sitt úr slíðrum og kallaði til félaga sinna, að gera slíkt hið sama. Ég stóð nú andspænis þeim fjórum.

„Þú ert hér ekki eftir skipun Than Kosis," sagði sá, sem ég hafði talað við. „Þú skalt aldrei komast inn til konungsdótturinnar frá Helium. Við förum með þig til konungsins, og þar skaltu fá að bera ábyrgð gerða þinna. Hentu frá þér sverðinu. Þú hefir ekkert að gera í hendurnar á okkur fjórum," bætti hann við og brosti illkvittnislega.

Ég svaraði með því að reka hann í gegn, og voru nú ekki eftir nema þrír varðliðsmenn og ekki vantaði það, að þeir kynnu að berjast. Mér tókst að komast út í horn og líklega varð það mér til lífs, því að þá gat ekki nema einn þeirra sótt að mér í einu. Það tók undir í veggjunum af vopnaglamrinu. Þannig börðumst við að minnsta kosti í tuttugu mínútur.

Hávaðinn hafði gert Dejah Thoris forvitna og hún og Sóla voru nú komnar fram í gættina og horfðu á viðureign mína og varðliðsmannanna. Ég sá, að hvorug þeirra þekkti mig.

Að lokum tókst mér að fella annan varðliðsmanninn og nú, þegar ekki voru nema tveir eftir, breytti ég um bardagaaðferð og réðst af miklu kappi á annan þeirra og svo hinn. Þeir lágu báðir dauðir. Þeir voru allir hraustir og djarfir menn, og mér þótti leiðinlegt að neyðast til að verða þeim að bana. En ég vildi allt til vinna að geta náð tali af Dejah Thoris.

Ég gekk til konungsdótturinnar, sem stóð þegjandi og horfði á mig.

„Hver ert þú, Zodangamaður?“ spurði hún að lokum. „Ertu kannske ennþá einn óvinurinn, kominn til að kvelja mig í eymd minni?“

„Ég var einu sinni góður vinur þinn,“ svaraði ég.

„Enginn vinur konungsdótturinnar frá Helium ber sömu vopn og merki og þú,“ sagði hún. „En samt finnst mér ég kannast við rödd þína – nei, það er óhugsanlegt – hann er dáinn.“

„Það er nú samt enginn annar en John Carter,

vinur þinn, sem stendur fyrir framan þig," sagði ég. „Þekkir þú mig ekki þrátt fyrir hörundslitinn og vopnin?"

Ég gekk fast að henni og ætlaði að vefja hana örmum, en hún hopaði aftur á bak og stundi þungan.

„Of seint, of seint," sagði hún. „Ég hélt, að þú værir dáinn. Hefðir þú aðeins komið klukkustundu fyrr — en nú er það um seinan."

„Hvað áttu við, Dejah Thoris?" spurði ég. „Að þú mundir ekki hafa heitið konungssyninum eiginorði, hefðir þú vitað, að ég væri á lífi?"

„Heldur þú að ég sé svo hverflynd? Ég hélt, að þú hefðir fallið í Warhoon, og þess vegna hefi ég í dag lofað að giftast Sab Than til þess að forða þjóð minni frá hörmungum stríðsins."

„En ég er ekki dáinn. Ég er kominn til að sækja þig, hvað sem allir Zodangabúar hafa við það að athuga."

„Það er of seint , John Carter . Ég hefi gefið loforð mitt, og það verður ekki aftur tekið hér á Barsoom. Athöfnin, sem á eftir fer, hefir ekkert að segja, Ég er sama sem gift."

„Ég veit lítið um siði og venjur ykkar hérna á Barsoom, Dejah Thoris, en ég veit, að ég elska þig, og ef alvara fylgdi orðum þínum, þegar við skildum í Warhoon, þá skal enginn annar en ég eignast þig fyrir konu. Var þér ekki alvara?"

„Jú, mér var alvara," hvíslaði hún. „En nú get ég ekki staðið við orð mín, þegar ég er heitin öðrum

manni. Hefðir þú bara beðið mín fyrr, mundi ég hafa tekið þér, þótt það kostaði eyðileggingu Heliumríkis."

„Ég vildi ekki eiga á hættu að móðga þig. Ég vildi láta þig kynnast mér betur áður. En nú spyr ég þig, Dejah Thoris, viltu verða konan mín?"

„Nei, John Carter, það getur aldrei orðið," svaraði hún vonleysislega. „Ég get ekki orðið konan þín, á meðan Sab Than er á lífi."

„Þú hefir með þessu skrifað undir dauðadóm hans – Sab Than mun deyja."

„Það gagnar okkur ekkert," sagði hún. „Ég má ekki giftast manni, sem hefir drepið eiginmann minn, jafnvel þótt það væri í sjálfsvörn. Við verðum að fara eftir settum reglum hér á Barsoom. Við verðum að bera það með þolinmæði, vinur minn. Við verðum að láta minningarnar nægja okkur. Nú verður þú að fara, og þú mátt aldrei aftur sjá mig Vertu sæll."

Mér var þungt í skapi, þegar ég fór út úr herberginu, en samt vildi ég ekki kannast við það fyrir sjálfum mér, að öll sund væru lokuð, og að ég væri búinn að missa Dejah Thoris, fyrr en giftingarathöfnin væri um garð gengin.

Frammi á göngunum var ég alveg jafn villtur og áður og vissi ekkert, hvert ég átti að snúa mér í þessu völundarhúsi.

Ég vissi, að ég átti einskis annars úrkosti en að hafa mig sem skjótast á brott úr Zodangaborg, því að mér mundi áreiðanlega ekki verða vært í höll-

inni, eftir að varðliðsmennirnir fjórir væru fundnir dauðir í forsalnum.

Nú kom ég auga á vindustiga, sem lá niður á næstu hæð fyrir neðan. Ég fór niður þenna stiga, og svo annan og hélt þannig áfram niður nokkrar hæðir hallarinnar, þangað til ég kom að dyrunum á stórum sal. Þar inni voru margir varðliðsmenn. Veggirnir á þessum sal voru þaktir veggtjöldum er voru gagnsæ. Ég laumaðist á bak við veggtjöldin og beið átekta.

Varðliðsmennirnir töluðu um hitt og þetta, sem mér kom ekkert við. En allt í einu kom foringi nokkur inn í salinn og skipaði fjórum hermönnum að fara og leysa félaga sína, er gættu konungsdótturinnar frá Helium, af verði. Ég vissi, að nú var mér ekki lengur til setunnar boðið. Eftir skamma stund komu varðliðsmennirnir aftur og sögðust hafa fundið félaga sína alla dauða.

Á einu andartaki varð uppi fótur og fit í höllinni. Varðliðsmenn, liðsforingjar, hirðmenn, þjónar og þrælar hlupu hver um annan þveran um alla höllina með orðsendingar og skipanir og leituðu jafnframt að ódæðismanninum.

Ég greip tækifærið, þegar hópur varðliðsmanna kom hlaupandi fram hjá felustað mínum. Ég laumaðist inn í hópinn og fór með þeim hingað og þangað um höllina, þangað til við komum inn í stóran sal ,og ég sá blessað dagsljósið skína inn um marga stóra glugga.

Hér skildi ég við varðliðsmennina. Þeir héldu á-

fram, en ég gekk út að einum glugganum til að vita, hvort nokkur tiltök væru að komast þar út. Gluggarnir sneru út að einni af aðalgötunum og fyrir utan þá voru stórar svalir. Að minnsta kosti þrjátíu fet voru til jarðar, og hinum megin við götuna var tuttugu feta hár veggur úr fægðu gleri. Marsbúi hefði aldrei getað flúið þessa leið, en það var hægðarleikur fyrir mig. Ég óttaðist aðeins, að einhver yrði mín var, áður en dimmt væri orðið, því að ég gat ekki stokkið yfir á vegginn á meðan bjart var, því að mikil mannþröng var á götunni.

Af tilviljun fann ég ágætan felustað. Niður úr loftinu hékk feikilega stór skrautskál, svo sem tíu fet frá gólfi. Mér veittist auðvelt að stökkva upp í skálina, og þar gat enginn séð mig. Ég var varla búinn að koma mér þar vel fyrir, þegar fjöldi fólks kom inn í salinn. Ég heyrði hvert einasta orð, sem talað var.

„Þarna hafa Heliummenn verið að verki," sagði einn.

„Já, konungur, en hvernig hafa þeir komizt inn í höllina? Það er hugsanlegt, þrátt fyrir öflugan vörð, að einn óvinur gæti komizt inn, en hvernig sex til átta hermenn hafa komizt óséðir inn í höllina, það er ofvaxið mínum skilningi. Við munum samt brátt komast á snoðir um það, því að þarna kemur hinn konunglegi sálarfræðingur."

Ennþá einn maður bættist í hópinn, og er hann heilsað hafði konunginum virðulega, tók hann til máls á þessa leið:

„Voldugi konungur, ég hefi furðulegar fréttir að færa. Hinir trúu varðmenn þínir féllu ekki fyrir mörgum óvinum, heldur aðeins einum manni."

Hann lagði mikla áherzlu á orð sín, enda varð nú mikill kliður, því að enginn lagði trúnað á þessa sögu.

„Hvaða vitleysa er þetta, Notan?" sagði konungurinn.

„Það er heilagur sannleikur, konungur góður," svaraði sálarfræðingurinn. „Áhrif þau, er varðliðsmennirnir hafa orðið fyrir áður en þeir féllu, eru greinilega mörkuð á heila þeirra. Mótstöðumaður þeirra var hávaxinn maður, er bar vopn og merki varðliðsmanns, og baráttuþrek hans var aðdáunarvert. Hann barðist heiðarlega og sigraði þá alla fjóra með vopnfimi sinni og yfirnáttúrlegu afli og þoli. Þótt hann bæri vopn okkar Zodangabúa, höfum við aldrei haft kynni af slíkum manni, hvorki hér eða í nokkru landi á Barsoom. Ég hefi yfirheyrt konungsdótturina frá Helium og skoðað huga hennar, en hún hefir fullkomlega vald yfir hugsunum sínum, svo að á því var ekkert að græða. Hún sagðist hafa verið sjónarvottur að viðureigninni og að hún hefði aðeins séð einn mann berjast við varðliðsmennina — mann, sem hún ekki minnist að hafa séð áður."

„Hvar er maðurinn ,sem bjargaði lífi mínu í dag?" sagði nú annar maður, og þekkti ég rödd frænda konungsins ,sem ég hafði bjargað úr klónum á grænu hermönnunum. „Þetta er einmitt lýs-

ing á honum, sérstaklega hvað viðvíkur vopnfimi hans.“

„Hvar er þessi maður?“ spurði Than Kosis. „Komið tafarlaust hingað með hann. Hvað veiztu um hann, frændi? Þegar ég fer að íhuga það, þá finnst mér það undarlegt, að við skulum hafa haft annan eins mann hér meðal okkar í Zodanga, og ekki heyrt hann nefndan á nafn fyrr en í dag. Og nafnið, John Carter! Hver hefir nokkurn tíma heyrt annað eins nafn á Barsoom?“

Brátt kom það í ljós, að ég fannst hvergi, þótt leitað væri um alla höllina, í herbúðunum og á flugstöðinni. Kantos Kan var færður fram fyrir konunginn og yfirheyrður, en hann vissi ekkert um, hvar ég væri, og hann sagðist lítið þekkja mig, annað en að við hefðum verið nokkra daga í sama fangaklefa í Warhoon.

„Hafið gætur á þessum manni,“ sagði Than Kosis. „Hann er líka öllum ókunnur hér, og það er alveg eins líklegt, að þeir séu báðir frá Helium. Fjórfaldið eftirlitsflugliðið og hafið strangar gætur á öllum þeim mönnum, er fara út úr borginni, hvort sem er í lofti eða á landi.“

Nú kom inn sendiboði, sem sagði, að enginn vafi væri á því, að ég væri ennþá inni í höllinni.

„Þá náum við honum áður en langt um líður,“ sagði Than Kosis og virtist vera hinn ánægðasti. „Á meðan skulum við ganga á fund konungsdótturinnar frá Helium og spyrja hana nánar um þenna atburð. Hún kann að vita meira en hún hefir kært

sig um að láta uppskátt við þig, Notan. Komið með mér.“

Allir fóru nú út úr salnum, en ég stökk niður úr skálinni. Myrkrið var skollið á, og ég fór því út á svalirnar, beið þangað til enginn var sjáanlegur á götunni, stökk síðan yfir á glervegginn og komst þaðan niður á aðra götu.

XXIII. KAFLI

Ég villist

Ég skundaði nú til herbúðanna, þar sem við Kantos Kan höfðum búið saman. Þegar ég nálgaðist húsið, fór ég varlega, því að mér datt í hug, að gætur mundu verða hafðar á húsinu. Það reyndist líka rétt. Ég sá marga hermenn allt í kringum húsið. Ég þurfti að komast upp á loft, þar sem herbergi okkar var og það gat ég ekki nema með því að komast fyrst upp á annað hús, svo að ég klifraði fyrst upp á hús skammt þaðan.

Stökk ég síðan þak af þaki og komst loksins inn um opinn glugga inn til vinar míns, Kantos Kan. Hann var þar aleinn og virtist ekkert verða hissa á því að sjá mig. Sagðist hann hafa búizt við mér miklu fyrr.

Ég skildi, að hann vissi ekkert, hvað komið hafði fyrir í höllinni um daginn og þegar ég sagði honum það, varð hann allur á lofti. En hann varð óttasleg-

inn, er hann heyrði, að Dejah Thoris hefði heitið Sab Than eiginorði.

„Það getur ekki átt sér stað," sagði hann. „Hver einasti maður í Helium mundi heldur kjósa dauðann en að selja hina ástsælu konungsdóttur í hendur Zodangabúa. Hún hlýtur að vera gengin af vitinu. Hvað er hægt að gera, John Carter? Þú ert svo úrræðagóður. Getur þú ekki fundið neina leið til að forða Helium frá þessari vanvirðu?"

„Ef ég stæði augliti til auglitis við Sab Than, væri það hægur vandi," svaraði ég. „En af sérstökum ástæðum þætti mér betra ,að einhver annar legði hann að velli."

Kantos Kan hvessti á mig augun.

„Þú ert ástfanginn af henni!" sagði hann. „Veit hún það?"

,Hún veit það, Kantos Kan ,og hún hryggbraut mig aðeins af því að hún hafði þegar gefið Sab Than jáyrði sitt."

Hann stökk á fætur, greip um axlir mér og sagði:

„Ef ég ætti að velja mann handa fegurstu konungsdótturinni á Barsoom, þá mundi ég velja þig. Vegna ættjarðarástar minnar og vináttu við þig, skal Sab Than deyja fyrir sverði mínu. Ég mun reyna að komast til herbergja hans strax í kvöld."

„Hvernig ætlar þú að fara að því?" spurði ég. „Það er hafður strangur vörður um húsið og ferfalt fleiri flugvélar á lofti."

Hann sat nokkra stund hugsandi. Svo leit hann upp.

„Ef ég aðeins kæmist fram hjá vörðunum hérna fyrir utan, þá treysti ég mér til þess," sagði hann að lokum. „Ég veit um leynidyr á hæstu turnspíru hallarinnar. Ég rakst á þær af hendingu um daginn, þegar ég var að fljúga yfir höllinni. Ég var á eftirlitsflugi og hafði fengið skipun um að gefa gaum öllu óvenjulegu. Þá sá ég einhvern vera að gægjast út um glugga á hæsta turninum, svo að ég flaug nær og sá ég þá, að þetta var Sab Than. Hann var ekki sérlega ánægður yfir að sjá mig og skipaði mér að þegja yfir því, að ég hefði séð hann þarna, því að úr þessum turni lægi gangur til íbúðar hans, sem enginn vissi um nema hann sjálfur. Ef ég gæti komizt út að flugvélaskýlinu og náð í flugvélina mína, gæti ég á nokkrum mínútum verið kominn inn til hans. En hvernig á ég að sleppa út úr húsinu?"

„Er haldinn strangur vörður um flugvélaskýlið?" spurði ég.

„Venjulega er aðeins einn maður uppi á þakinu eftir að dimmt er orðið."

„Farðu hérna upp á þakið, Kantos Kan, og bíddu mín þar."

Ég útskýrði þetta ekki nánar, en flýtti mér af stað út að flugvélaskýlinu. Ekki þorði ég að fara inn í það, því að þar var mikill fjöldi flugmanna, og ég vissi, að allir Zodangabúar voru að leita að mér.

Flugvélaskýlið var ákaflega stórt, nálega þúsund fet á hæð, og fáar byggingar í borginni voru hærri en það. Orustuflugvélarnar stóðu á pöllum um það bil

fimmtán hundruð fet frá jörðu, en flutninga- og farþegaflugvélar voru á heldur lægri pöllum.

Það var löng leið og erfið að klifra upp byggingarnar að utanverðu, en það var ekki um annað að ræða. Það hjálpaði mér mikið, að öll hús á Barsoom eru skreytt miklu útflúri, svo að þetta fór betur en á horfðist. Mér tókst að komast alla leið upp undir þakbrún. En þá kom babb í bátinn.

Þakskeggið slútti svo langt fram, að ég gat með engu móti komizt upp. Ég var nokkra stund að hugsa mig um. Ég vildi allt til vinna til að geta orðið Dejah Thoris að liði. Þá datt mér snjallræði í hug.

Með annarri hendinni losaði ég um langa leðuról, sem ég hafði vafið utan um mig. Á endanum á ólinni var stór krókur, sem allir flugmenn hafa með sér og er notaður við lendingu.

Ég sveiflaði ólinni varlega upp fyrir þakbrúnina. Ég varð að endurtaka þetta nokkrum sinnum, áður en krókurinn festist í einhverju. Síðan togaði ég nokkrum sinnum í festina til að vita, hvort þetta væri öruggt, en hvort hún mundi halda mér, gat ég ekki verið viss um. Ef festin bilaði, var mér bráður bani búinn.

Ég hikaði andartak, en svo sveiflaði ég mér út frá veggnum. Langt fyrir neðan mig sá ég uppljómaðar götur, steinlagðar, þar sem dauðinn beið mín.

Þetta tókst nú samt. Ég klifraði upp eftir festinni og var rétt á eftir kominn upp á þakið. Um leið og ég stóð á fætur, stóð vörðurinn beint fyrir framan mig og miðaði á mig skammbyssu sinni.

„Hver ert þú og hvaðan kemur þú?“ spurði hann.

„Ég er flugmaður, kunningi, og það munaði minnstu að ég hrapaði alla leið ofan á götuna hérna fyrir neðan,“ svaraði ég.

„En hvernig tókst þér að komast hingað upp, maður? Það hefir enginn lent hérna á þakinu í meira en klukkutíma. Vertu fljótur að gera grein fyrir þessu, annars kalla ég á fleiri verði.“

„Þú getur séð það sjálfur, hvað ég var hætt kominn,“ svaraði ég og gekk fram að þakbrúninni, þar sem ólin mín hékk fram af.

Forvitni hans varð honum að falli, því að um leið og hann leit út fyrir brúnina, kom ég aftan að honum og skellti honum niður á þakið. Skotvopnið hrökk út hendi hans, og ég hélt fyrir munninn á honum, svo að hann gat ekki kallað á hjálp. Ég keflaði hann og reyrði hendur hans og fætur, batt utan um hann leðurólinni minni og ýtti honum svo fram af þakbrúninni. Hékk hann nú á sama stað og ég hafði hangið rétt áður. Ég vissi vel, að hann mundi ekki finnast fyrr en um morguninn, en mér veitti heldur ekki af tímanum.

Ég flýtti mér nú þangað, sem flugvélar okkar Kantos Kan voru geymdar. Ég festi flugvélinni hans aftan í mína, settist síðan upp í mína flugvél og setti vélina í gang. Eftir tvær mínútur lenti ég á þakinu á húsinu, þar sem við bjuggum. Þar stóð Kantos Kan og horfði steinhissa á mig.

Það var enginn tími til neinna útskýringa, og við fórum strax að ráðgast um, hvað gera skyldi.

Okkur kom saman um, að ég legði strax af stað og reyndi að komast til Helium, en Kantos Kan færi til að ráða Sab Than af dögum. Ef honum heppnaðist það, átti hann að koma á eftir mér til Helium. Hann sýndi mér nú, hvernig ég ætti að stýra eftir áttavitanum. Síðan kvaddi ég hann, og við flugum báðir jafnt af stað, sinn í hvora áttina.

Kantos Kan var brátt horfinn út í myrkrið. Er ég nálgaðist háan varðturn, var varpað að mér sterku kastljósi, og varðmaðurinn hrópaði, að ég ætti að nema staðar. Hann skaut á eftir mér, er ég ekki hlýddi skipuninni.

Það leið ekki á löngu, áður en tólf litlar flugvélar og ein hraðfleyg orustuflugvél með hundrað manna áhöfn, voru á hælunum á mér. Með því að fljúga í krókum, hækka flugið og lækka til skiptis, tókst mér oftast að forðast leitarljós þeirra, en ég sá, að þetta gat ekki gengið til lengdar, svo að ég ákvað að fljúga beint af augum og láta örlögin ráða.

Kantos Kan hafði kennt mér, hvernig ég ætti að auka hraðann ennþá meira, og þetta bragð kunnu ekki aðrir en Heliumbúar, svo að ég gerði mér vonir um, að ég gæti komizt undan óvinunum.

Kúlnahríðin dundi allt í kringum mig, og það var alveg undravert, að engin þeirra skildi hitta litlu flugvélina mína. Smám saman fór að verða lengra og lengra á milli mín og eltingamannanna, og ég var farinn að hrósa happi yfir þessari heppni, en í sama bili hitti fallbyssukúla flugvélina og hún hrapaði.

Hversu langt ég hrapaði, áður en ég náði aftur stjórn á vélinni, er mér ekki vel ljóst, en ég hlýt að hafa verið kominn mjög nærri jörðinni, því að ég heyrði greinilega dýrsöskur fyrir neðan mig. Ég flaug nú aftur upp á við og litaðist um til að vita, hvort ég kæmi auga á óvinina. Loksins sá ég ljósin á flugvélum þeirra, langt að baki mér. Þeir voru auðsjáanlega að lenda og ætluðu að leita að mér þar.

Ég þorði ekki að bregða upp ljósi til að líta á áttavitann minn, fyrr en ég var kominn langt í burtu frá leitarmönnunum. Mér til mikillar skelfingar sá ég, að kúlubrot hafði eyðilagt bæði áttavitann og hraðamælinn. Ég gat auðvitað stýrt eftir stjörnunum, en þar sem ég hafði hvorki áttavita né hraðamæli, voru litlar líkur til, að ég mundi finna Heliumborg.

Helium liggur þúsund mílur í suð-vestur frá Zodanga, og þá vegalengd hefði ég hæglega átt að geta flogið á fjórum til fimm klukkustundum. Þegar birta tók um morguninn var ég uppi yfir fornum sjávarbotni eftir nærri því sex klukkustunda flug. Stuttu seinna sá ég stóra borg fyrir neðan mig, en það var ekki Helium, því að hún ein af öllum stórborgum á Barsoom er reist sem tvær hringmyndaðar borgir, með múrum í kringum þær, og eru sjötíu og fimm mílur á milli þeirra.

Mér datt nú í hug, að ég væri kominn of langt norður á bóginn, svo að ég sneri aftur í suð-vestur-átt. Fyrir hádegi var ég kominn fram hjá mörgum stórborgum, en engar þeirra voru líkar Helium,

eftir því sem Kantos Kan hafði lýst henni fyrir mér. Það var líka annað, sem auðkenndi Helium, en það voru tveir turnar, sem teygðu sig upp undir það mílu upp í loftið, hvor úr sinni borg. Var annar þeirra hárauður, en hinn gulur.

XXIV. KAFLI

Tars Tarkas eignast vin

Rétt eftir hádegið flaug ég lágt yfir stórri og auðri borg og er ég var kominn út fyrir hana, sá ég þúsundir grænna hermanna á sléttunni fyrir neðan mig. Þeir háðu grimmilega orustu. Ég var ekki fyrr búinn að koma auga á þá, er þeir hófu á mig skothríð. Á einu andartaki var flugvélin mín gersamlega eyðilögð, og hún hrapaði til jarðar.

Ég kom einmitt niður, þar sem bardaginn var sem snarpastur, meðal hermanna, sem ekki höfðu orðið mín varir, því að þeir börðust þarna af mikilli harðneskju og grimmd. Þeir börðust með sverðunum, enda var ekki gott að koma öðrum vopnum við í þessari þvögu.

Um leið og flugvélin hrapaði, vissi ég, að ég varð að berjast, því að annars var mér dauðinn vís. Ég dró sverð mitt úr slíðrum og var við öllu búinn, er flugvélin skall niður á jörðina.

Ég kom niður rétt fyrir aftan mann, sem mér

fannst ég kannast við, og er ég sá framan í hann, sá ég, að mér hafði ekki skjátlazt. Þetta var Tars Tarkas. Hann varð mín ekki var, og rétt í þessu réðust þrír Warhoonar á hann í einu. Tars Tarkas lagði strax einn þeirra að velli ,en er hann gekk eitt skref aftur á bak, datt hann um fallinn hermann fyrir aftan hann. Eins og elding voru mótstöðumenn hans komnir að honum, og Tars Tarkas hefði ekki orðið lengri lífdaga auðið, ef ég hefði ekki stokkið yfir hann og tekið á móti óvinunum. Ég rak annan þeirra í gegn, en þá var Tars Tarkas risinn á fætur, og féll hinn Warhooninn fyrir sverði hans.

Tars Tarkas leit á mig, lagði aðra höndina á öxl mér og sagði:

„Ég ætlaði varla að þekkja þig. John Carter, en þú ert eini maðurinn á Barsoom, sem mundi hafa gert þetta fyrir mig. Ég held, að ég viti nú, hvað vinátta er."

Hann sagði ekki meira ,enda var ekki tími til þess, því að Warhoonar gerðu nú snarpa árás. Við Tars Tarkas börðumst hlið við hlið fram undir kvöld, en þá var farið að halla á Warhoona, og er rökkva tók, stigu þeir á bak reiðskjótum sínum og flýðu út í myrkrið.

Þarna á vígvellinum höfðu tíu þúsund manns háð orustu um daginn og um kvöldið lágu þrjú þúsund dauðir. Hvorugur stríðsaðili hafði beðið um eða veitt grið, og ekki voru heldur teknir neinir fangar.

Eftir orustuna héldum við inn í borgina ,og ég

fór með Tars Tarkas heim til hans. Um kvöldið var hann kvaddur á fund, en ég varð einn eftir þar heima.

Á meðan ég beið eftir Tars Tarkas, heyrði ég allt í einu þrusk inni í næsta herbergi, og er ég leit upp, stökk allt í einu á mig stórt og hræðilegt dýr og setti mig um koll. Þetta var Woola, tryggi hundurinn minn, sem varð svona feginn að sjá mig aftur. Tars Tarkas sagði mér seinna, að Woola hefði komizt heim til Thark, farið beina leið þangað, sem ég hafði búið, og varla hreyft sig þaðan síðan.

„Tal Hajus veit, að þú ert hérna," sagði Tars Tarkas, er hann kom aftur af fundinum. „Sarkoja sá þig og þekkti þig, þegar þú komst inn í borgina. Tal Hajus skipaði mér að koma með þig til sín í kvöld. Ég á tíu reiðskjóta, John Carter. Þú mátt velja hvern þeirra, sem þú vilt, og ég skal fylgja þér að næsta skurði, er liggur til Helium. Ég get verið harður í horn að taka, en ég get líka verið vinfastur. Komdu, við skulum leggja af stað."

„Og hvað verður um þig eftir heimkomuna, Tars Tarkas?" spurði ég.

„Ætli það verði ekki villihundarnir, eða þá eitthvað verra," svaraði hann. „Kannske ég fái líka tækifæri til að berjast við Tal Hajus sjálfan, en því hefi ég lengi beðið eftir."

„Við förum ekki fet, Tars Tarkas, heldur göngum á fund Tal Hajus í kvöld. Þú skalt ekki þurfa að fórna sjálfum þér mín vegna, og ef til vill er ekki svo langt að bíða eftir tækifærinu."

Í fyrstu mótmælti hann þessu eindregið og sagði, að Tal Hajus væri ekki búinn að gleyma högginu, er ég hafði greitt honum, og hann mundi áreiðanlega láta pynda mig hræðilega, ef hann næði í mig.

Á meðan við vorum að borða, sagði ég Tars Tarkas söguna, sem Sóla hafði sagt mér, þegar við vorum á leiðinni til Thark.

Hann sagði fátt, en honum varð auðsjáanlega mikið um þetta, og hann mælti ekki lengur á móti því, að við færum að finna Tal Hajus. Hann sagðist aðeins þurfa að hitta Sarkoju fyrst. Hann bað mig að koma með sér til hennar. Hún var heima og leit illilega til mín, er hún sá mig.

„Sarkoja," sagði Tars Tarkas. „Fyrir fjörutíu árum síðan varst þú völd að pyndingum og dauða konu, sem hét Gozava. Mér er kunnugt um það, að hermaður sá, sem elskaði hana, hefir nú komizt að því, að þú ert sökudólgurinn. Hann ætlar ekki að drepa þig, Sarkoja, því að það er ekki venja hjá okkur, en hann getur hæglega bundið ól um hálsinn á þér og bundið hinn endann aftan í villihest, til þess að vita, hvað þú þolir. Ég heyrði því fleygt, að hann ætli að framkvæma þetta á morgun, og þar sem ég er réttlátur maður, fannst mér það sanngjarnt að vara þig við. Það er skammt til fljótsins Iss, Sarkoja. Komdu, John Carter."

Um morguninn var Sarkoja horfin, og síðan hefir ekkert til hennar spurzt.

Við flýttum okkur nú til hallarinnar, og okkur var undir eins vísað inn til Tal Hajus.

„Bindið hann við súluna þarna," hrópaði hann í bræði sinni, um leið og hann sá mig. „Við skulum nú sjá, hvernig fer fyrir þeim manni, sem dirfist að slá hinn volduga Tal Hajus. Hitið járnin. Ég ætla sjálfur að brenna úr honum augun, svo að hann saurgi mig ekki með því að horfa á mig."

„Höfðingjar Tharka," hrópaði ég og sneri mér að herráðinu, en lét sem ég sæi ekki Tal Hajus. „Ég hefi verið höfðingi meðal yðar og í dag hefi ég barizt við hlið mesta bardagamanns þjóðarinnar í liði Tharka. Ég á það að minnsta kosti skilið, að þið hlustið á mál mitt. Þið eruð taldir réttlátir—"

„Þögn!" öskraði Tal Hajus. „Keflið þið hann og bindið, eins og ég er búinn að skipa fyrir."

„Réttlæti, Tal Hajus," sagði Lorquas Ptomel. „Heldur þú, að þú getir í einu vetfangi breytt ævagömlum venjum okkar Tharka?"

„Já, réttlæti!" endurtóku margar raddir, og Tal Hajus varð að láta í minni pokann.

„Þjóð ykkar er bæði hraust og djörf, en hvar var hinn voldugi jeddak ykkar í dag? Ég sá honum hvergi bregða fyrir á orustuvellinum. Hann var þar ekki. Hafið þið nokkurn tíma séð hann berjast? Ég, sem er ekki nema dvergur í samanburði við hann, get slegið hann niður í einu höggi. Veljið þið svona menn í æðstu tignarstöðu landsins. Við hlið mína stendur nú djarfur og göfugur maður. Höfðingjar, hvernig hljómar þetta í eyrum, Tars Tarkas, Jeddak í Thark?

Þeir létu óspart ánægju sína í ljós yfir þessari uppástungu.

„Tal Hajus verður að sanna, að hann sé maður til að halda stöðu sinni. Ef hann væri hugaður maður, mundi hann óðara skora Tars Tarkas á hólm. En Tal Hajus er smeykur við það. Tal Hajus, jeddak ykkar, er huglaus.“

Þegar ég hafði lokið máli mínu, ríkti djúp þögn í salnum, og allir horfðu á Tal Hajus. Hann stóð grafkyrr og mælti ekki orð frá munni, en hann froðufelldi af bræði.

„Tal Hajus, aldrei á minni lífsfæddri ævi hefi ég séð jeddak Tharka auðmýktan svona,“ sagði Lorquas Ptomel kuldalega. „Það er ekki til nema eitt svar við þessari ákæru. Við bíðum eftir því.“

Tal Hajus stóð ennþá sem steini lostinn.

„Höfðingjar,“ hrópaði Lorquas Ptomel. „Á jeddak okkar, Tal Hajus að sanna það, að hann sé hæfari til að stjórna en Tars Tarkas?“

Samstundis voru tuttugu sverð á lofti því til samþykkis.

Tal Hajus átti einskis annars úrkosti, svo að hann dró sverð sitt úr slíðrum og gekk á móti Tars Tarkas.

Bardaginn var ekki langur og endaði með því, að Tars Tarkas gekk að Tal Hajus dauðum. Nú var Tars Tarkas orðinn jeddak Tharka.

Ég notaði nú tækifærið til að segja Tars Tarkas frá ævintýrum mínum í Zodanga, því að mér lék hugur á, að fá Tharka í lið með mér.

Tars Tarkas ávarpaði nú herráðið.

„John Carter hefir komið með uppástungu, sem mér lízt vel á. Ég mun segja ykkur frá því í stuttu máli. Dejah Thoris, konungsdóttirin frá Helium, sem einu sinni var í haldi hjá okkur, er nú fangi konungsins í Zodanga. John Carter stingur upp á því, að við frelsum hana og flytjum hana til Helium. Herfang það, er við getum fengið í Zodanga, er geysimikið, og mér hefir oft dottið það í hug, að við mundum hafa mikinn hagnað af því, að semja frið við Heliumbúa. Við mundum verða voldugastir allra grænna þjóða á Barsoom. Hvernig lízt ykkur á það?“

Þessu játuðu höfðingjarnir í einu hljóði, því að tækifæri til að berjast létu þeir sjaldan ganga sér úr greipum. Hálftíma seinna voru tuttugu sendiboðar komnir á hestbak og þeystu síðan af stað í allar áttir til þess að kalla saman öll þjóðarbrotin.

Eftir þrjá daga lögðum við af stað til Zodanga, hundrað þúsund manna her. Allir vildu fylgja Tars Tarkas, því að hann hafði lofað þeim miklu herfangi í Zodanga.

Við Tars Tarkas riðum í broddi fylkingar. Við riðum aðeins á nóttunni, og höguðum ferð okkar þannig, að við gátum haldið kyrru fyrir í auðum borgum á daginn. Á leiðinni bættust fimmtíu þúsund hermenn við liðið, og tíu dögum eftir að við lögðum af stað í þenna leiðangur, námum við staðar á miðnætti fyrir utan múra Zodangaborgar.

Mér var falið það verk að komast inn í borgina og

opna hliðin fyrir hina. Ég tók með mér tuttugu hermenn og við fórum fótgangandi upp að einu af litlu hliðunum, sem eru á múrnum með stuttu millibili. Við þessi hlið er enginn vörður, en nokkurs konar lögreglumenn, sem eiga að halda uppi röð og reglu á götunum innan við hliðin, eiga einnig að gæta þeirra.

Borgarmúrarnir voru sjötíu og fimm feta háir og fimmtíu feta breiðir, og fylgdarmönnum mínum leizt ekki meir en svo á það, að gerlegt væri að komast inn í borgina. En þetta voru menn, sem ekki þekktu mig.

Ég skipaði þremur þeirra að standa uppi við múrinn og snúa andlitinu að veggnum. Síðan lét ég tvo hermenn klifra upp á axlir þeirra og þeim sjötta sagði ég að fara upp og standa á öxlum þeirra tveggja. Höfuðið á þeim efsta náði meira en fjörutíu fet frá jörðu.

Á þenna hátt bjó ég til nokkurs konar þrep af tíu hermönnum, sem náðu upp á axlir á efsta manninum. Síðan hljóp ég upp á axlir þess efsta og þaðan gat ég stokkið upp og náði handfestu á veggjarbrúninni. Eftir það var hægðarleikur að komast upp á múrinn.

Ég hafði með mér langa festi og henti ég nú öðrum endanum niður til hermannanna, en lét hinn síga varlega inn fyrir múrinn. Ég sá engan á ferli, svo að ég renndi mér niður á götu.

Kantos Kan hafði kennt mér, hvernig ætti að opna borgarhliðin, og eftir örstutta stund stóðu

bardagamennirnir mínir tuttugu inni í Zodangaborg, sem nú var dauðadæmd.

Ég sá, mér til mikillar ánægju, að við höfðum einmitt komið inn á götu, sem lá að hallargarðinum. Uppljómuð höllin blasti við í nokkurri fjarlægð, og ég ákvað strax að ráðast inn í höllina með fáum mönnum, en láta aðalherinn fara til herbúðanna og berjast við lið konungsins.

Ég sendi einn af mönnum mínum til Tars Tarkas, með orðsendingu um það, hvernig bezt yrði hagað árásinni, og beiðni um að mér yrðu sendir fimmtíu valdir hermenn. Síðan skipaði ég tíu hermönnunum að fara og opna annað stóra borgarhliðið, en sjálfur fór ég með hinum níu til þess að opna hitt hliðið.

Nauðsynlegt var að hafa hljótt um sig, skjóta ekki og gera ekki árás, fyrr en ég væri kominn til hallarinnar með Tharkana mína fimmtíu. Allt gekk að óskum. Okkur tókst að koma vörðunum við hliðið að óvörum, svo að þeir gátu ekki komið upp um okkur.

XXV. KAFLI

Zodanga fellur

Um leið og stóra hliðið opnaðist, riðu Tharkarnir mínir fimmtíu inn um það, og var Tars Tarkas sjálfur í broddi fylkingar. Ég fór á undan þeim að

hallargarðinum og komst ég hjálparlaust yfir múrvegginn. Mér ætlaði að ganga illa að opna hliðið, en að lokum tókst það, og andartaki seinna riðu Tharkarnir inn í garð konungsins í Zodanga.

Þegar við nálguðumst höllina, gat ég séð inn um gluggana á neðstu hæð, uppljómaðan móttökusal Than Kosis. Þessi geysistóri salur var troðfullur af æðstu kölrum og konum þjóðarinnar, eins og einhver þýðingarmikil athöfn væri í aðsigi. Ekki sást einn einasti vörður umhverfis höllina, svo að ég læddist að einum glugganum og gægðist inn.

Í öðrum enda salarins sat Than Kosis í hásæti úr skíru gulli, skreyttu demöntum, og í kringum hann stóðu háttsettir liðsforingjar og tignir menn. Eftir salnum endilöngum stóðu tvær raðir af hermönnum með nokkru bili á milli raðanna. Nú sá ég að einhverjir komu inn í hinum enda salarins og gengu á milli hermannanna upp að hásætinu.

Er þeir komu nær, sá ég að fremstir gengu fjórir varðliðsforingjar, er báru stóran gulldisk. Á diskinum var veigamikil festi úr gulli, og á hvorum enda festarinnar var stór hringur, lokaður með lás. Á eftir þeim komu aðrir fjórir liðsforingjar, sem báru annan disk, og á honum lágu dýrmætir skartgripir.

Liðsforingjarnir tóku sér stöðu fjórir og fjórir, sín hvorum megin framan við hásætið. Síðan komu fleiri liðsforingjar úr hallarverðinum, og að lokum maður og kona, sem voru sveipuð hárauðu silki frá hvirfli til ilja, svo að ekki sást einu sinni framan í

þau. Þau námu staðar rétt fyrir framan hásætið. Than Kosis ávarpaði manninn og konuna, sem stóðu fyrir framan hann. Ég heyrði ekki, hvað hann sagði, en nú gengu tveir liðsforingjar fram og afhjúpuðu manninn, og sá ég þá að Kantos Kan hafði misheppnazt ætlunarverk sitt, því að þarna stóð Sab Than, konungssonurinn í Zodanga.

Than Kosis tók nú helminginn af skartgripunum og hengdi á son sinn, síðan tók hann annan gullhringinn á festinni ,setti hann um háls sonar síns og læsti lásnum. Síðan sneri hann sér að konunni. Liðsforingjarnir afhjúpuðu nú konuna. Þetta var Dejah Thoris, konungsdóttirin frá Helium.

Ég skildi nú, hvað fram átti að fara. Ég átti þá að fá að verða sjónarvottur að giftingarathöfn Dejah Thoris og konungssonarins. Þetta var sjálfsagt mikilfengleg athöfn, en mér fannst ekki mikið til um hana. Than Kosis setti á hana skartgripina, og tók síðan upp gullhringinn og ætlaði að fara að leggja hann um háls henni. Þá var eins og ég vaknaði af vondum draumi. Í einu höggi mölbraut ég gluggann með meðalkaflanum á sverði mínu og stökk inn í mannþröngina. Fólkið vissi ekki, hvaðan á sig stóð veðrið, og áður en nokkur var búinn að átta sig, var ég kominn upp að hásætinu. Than Kosis stóð sem steini lostinn með hringinn í hendinni. Ég reiddi sverð mitt til höggs og hjó á festina, er átti að tengja Dejah Thoris öðrum manni.

Allt komst á ringulreið í salnum. Zodangamenn sóttu að mér úr öllum áttum. Sab Than stökk að

mér með rýting á lofti. Ég hefði getað drepið hann, en hinar ævagömlu venjur á Barsoom héldu aftur af mér. Ég greip utan um úlnliðinn á honum, svo að rýtingurinn hrökk úr hendi hans. Ég hélt honum föstum en með hinni hendinni, sem ég hélt á sverðinu í, benti ég fram að dyrunum í hinum enda salarins.

„Zodanga er fallin," hrópaði ég. „Sjáið þið!"

Allir sneru sér nú við og litu fram að dyrunum. Í sama bili riðu þeir Tars Tarkas og hermennirnir fimmtíu inn í salinn.

Nú gullu við undrunaróp í salnum, en ekkert æðruorð heyrðist, og allir snerust nú á móti Tars Tarkas og fylgdarliði hans.

Ég hratt Sab Than frá mér, tók svo í hönd Dejah Thoris og dró hana til mín. Á bak við hásætið voru dyr, og þar stóð Than Kosis með sverð í hendi. Ég réðst umsvifalaust á hann.

Leikurinn barst fram og aftur um pallinn, þar sem hásætið stóð. Sab Than var risinn á fætur og kom þjótandi upp á pallinn, föður sínum til aðstoðar. En er hann reiddi sverð sitt til höggs, hljóp Dejah Thoris fram fyrir hann og hélt honum, en í sama bili féll Than Kosis fyrir sverði mínu. Sab Than sleit sig lausan og réðst aftur á mig. Brátt komu fjórir liðsforingjar honum til hjálpar. Ég sneri baki við hásætinu og barðist nú einu sinni enn vegna Dejah Thoris. Ég átti fullt í fangi með að verjast og reyna að komast hjá því að hitta Sab Than. Mér tókst að afvopna tvo af mótstöðumönn-

um mínum og fella einn, en þá komu fleiri til þess að hjálpa konungi sínum og hefna föður hans.

Ég heyrði hróp og köll, svo sem: „Konan! Konan! Þetta er henni að kenna. Drepið hana!“

Ég sagði Dejah Thoris að færa sig aftur fyrir mig, og ætlaði ég að reyna að komast með hana að dyrunum á bak við hásætið. En liðsforingjarnir sáu, hvað ég ætlaði mér, og þrír þeirra komust á undan mér og vörnuðu mér að komast í gættina, þar sem ég hefði getað varizt heilum hér.

Tharkarnir höfðu nóg að gera niðri í salnum, og mér fór nú að skiljast, að það mundi vera kraftaverk, ef við Dejah Thoris kæmumst lifandi út. En þá sá ég, hvar Tars Tarkas var á leiðinni inn eftir salnum. Hann var eins og risi í samanburði við Zodangamennina. Hann hjó sér braut gegnum mannþröngina og andartaki seinna stóð hann við hlið mér og hjó til beggja handa.

Kjarkur Zodangamanna var óbilandi. Enginn þeirra reyndi að komast undan, heldur börðust til síðasta manns. Eftir nokkra stund, stóðu ekki aðrir uppi í salnum, en Tharkarnir, Dejah Thoris og ég.

Þegar bardaganum var lokið, ákvað ég að leita að Kantos Kan, svo að ég skildi Dejah Thoris eftir hjá Tars Tarkas, tók nokkra hermenn með mér og flýtti mér niður í dýflissuna undir höllinni. Fangaverðirnir höfðu allir farið upp í salinn og barizt með hinum, svo að við gátum leitað um allt mótstöðulaust.

Ég kallaði á Kantos Kan með nafni við hverjar

klefadyr, og loksins heyrði ég svarað veikum rómi inni í einum klefanum. Við brutumst inn, og Kantos Kan var allshugar feginn að sjá mig.

Við leystum hann og tókum hann með okkur upp í móttökusalinn.

Utan úr borginni heyrðist mikil skothríð og vopnagnýr, og Tars Tarkas flýtti sér nú út til þess að stjórna mönnum sínum. Kantos Kan fór með honum, því að hann var kunnugur í borginni. Hinir Tharkarnir fóru að leita um alla höllina og smala saman herfangi. Við Dejah Thoris vorum ein eftir.

Hún sat í hásætinu og brosti til mín.

„Aldrei hefir annar eins maður og þú verið uppi á Barsoom," sagði hún. „Getur það átt sér stað, að allir menn á Jörðinni séu eins og þú? Aleinn, ókunnugur, hundeltur og ofsóttur hefir þú á nokkrum mánuðum framkvæmt það, sem um aldaraðir hefir verið ógerlegt hér á Barsoom. Þú hefir sameinað öll þjóðabrot grænu mannanna og fengið þá til að berjast sem bandamenn rauðu Marsbúanna."

„Það er auðvelt að skýra það, Dejah Thoris," svaraði ég brosandi. „Það var ekki ég sem gerði það, heldur ástin — ástin til þín — orka, sem gæti gert stærri kraftaverk en þetta, sem þú hefir séð."

Hún roðnaði og svo svaraði hún: „Nú máttu segja það, sem þér býr í brjósti, John Carter, og nú má ég hlusta á þig, því að nú er ég frjáls."

„Ég hefi líka margt að segja þér, áður en það verður aftur um seinan," sagði ég. „Ég hefi hætt á margt um ævina, sem forsjálli menn hefðu látið

ógert, en aldrei hefði mig dreymt um að vinna ást þína – því að mig hafði aldrei dreymt um, að slík kona væri til, sem prinsessan í Helium. Ég kæri mig kollóttan, hvort þú ert prinsessa eða ekki, en nú spyr ég þig, Dejah Thoris, hvort þú viljir verða konan mín."

„Þú veizt, hverju ég muni svara," sagði hún, stóð á fætur og lagði hendurnar á axlir mér, en ég vafði hana örmum og kyssti hana.

XXVI. KAFLI

Gleðidagar

Skömmu seinna komu þeir Tars Tarkas og Kantos Kan aftur og sögðu okkur þau tíðindi, að Zodanga væri nú alveg á valdi grænu hermannanna. Herinn var allur fallinn eða tekinn til fanga og öll mótstaða brotin á bak aftur. Nokkrar flugvélar höfðu komizt undan, en þúsundir hernaðar og flutningaflugvéla voru á valdi Tharka.

Við ákváðum að ná saman hernum eftir því sem hægt væri, því að hermennirnir æddu nú rænandi um borgina, taka með okkur eins marga fanga og mögulegt væri og halda tafarlaust af stað til Helium.

Fimm klukkustundum síðar hófu tvö hundruð og fimmtíu flugvélar sig á loft af þakinu á flugvéla-

skýlinu. Í flugvélunum voru hundrað þúsund manns, en á eftir kom annar flugfloti með reiðskjóta okkar.

En í borginni, sem við yfirgáfum, ríkti dauði og eyðilegging .Þar urðu eftir fjörutíu þúsund grænir hermenn, sem gengu rænandi og brennandi um allt og börðust svo innbyrðis um herfangið.

Seinni hluta dagsins komum við auga á turna Heliumborgar. Er við nálguðumst borgina, hóf mikill flugfloti Zodangamanna sig á loft úr herbúðum þeirra utan við borgina, og kom á móti okkur.

Fánar Helium blöktu á öllum okkar flugvélum, en Zodangamenn þurftu ekki að sjá þá til að vita, að þar voru óvinir á ferð, því að grænu hermennirnir byrjuðu að skjóta um leið og flugvélar þeirra slepptu jörðinni.

Borgarbúar sáu strax, að við vorum ekki óvinir þeirra og sendu hundrað flugvélar okkur til hjálpar, og svo byrjaði fyrsta loftorusta, sem ég hafði séð. Hún stóð í rúman klukkutíma og endaði með fullkomnum sigri okkar. Aðeins örfáar af flugvélum Zodangamanna komust undan, og flugvélar frá Helium veittu þeim eftirför.

Við gáfum nú einni af flugvélum Heliummanna merki með fánum, að hún skyldi koma nær, og er hægt var að kallast á, hrópaði ég til þeirra og sagði, að Dejah Thoris væri með okkur og það væri bezt, að þeir sæktu hana, svo að hún kæmist sem fyrst heim til sín.

Þegar þeir heyrðu orð mín, gall við fagnaðaróp í flugvélinni, og hún flaug að hliðinni á okkar flugvél, og tólf liðsforingjar stukku yfir til okkar. Þeim brá heldur en ekki í brún ,er þeir sáu hundruð grænna hermanna koma út úr skotbyrgjunum ,og þeir námu staðar, skelfdir á svip. En er þeir komu auga á Kantos Kan, sem gekk á móti þeim, urðu þeir rólegri og þyrptust í kringum hann.

Við Dejah Thoris gengum nú til þeirra, og þeir urðu ákaflega glaðir við að sjá hana. Hún heilsaði þeim öllum með nafni, því að hún þekkti þá vel, þar sem þeir allir höfðu virðingarstöður hjá afa hennar.

„Ég ætla að kynna ykkur fyrir John Carter," sagði hún við þá og sneri sér að mér. „Þetta er maðurinn, sem Helium á sigurinn að þakka, og það er einnig honum að þakka, að ég er komin heim."

Þeir voru mjög kurteisir og hrósuðu mér mikið, en það sem þeim fannst mest um vert var, að mér skyldi takast að fá Tharka í lið mér, og bjarga þannig konungsdótturinni frá Helium og landinu sjálfu.

„Þið eigið samt öðrum manni meira að þakka en mér," sagði ég. „Hérna er hann. Þetta er einn af mestu herforingjum og stjórnmálamönnunum á Barsoom, Tars Tarkas, Jeddak í Thark."

Þeir heilsuðu honum með sömu kurteisinni og þeir höfðu sýnt mér, og mér til mikillar undrunar, stóð Tars Tarkas þeim ekki að baki í góðum siðum.

Dejah Thoris fór með löndum sínum yfir á flugbátinn og henni líkaði það illa, að ég skyldi ekki

koma með henni, en ég leiddi henni fyrir sjónir, að orustunni væri ekki nema að nokkru leyti lokið. Enn var eftir að ráða niðurlögum landhers Zodangamanna, og ég vildi ekki skilja við Tars Tarkas, fyrr en það væri um garð gengið.

Flugforinginn hét okkur liðveizlu og sagðist skyldu sjá um það, að her Heliumborgar gerði árás innan úr borginni samtímis og við réðumst á Zodangamenn utan frá. Síðan flugu þeir með Dejah Thoris heim til hirðar afa hennar Tardos Mors, Jeddaks í Helium.

Flutningafloti okkar beið stöðugt góðan spöl í burtu með reiðskjóta grænu hermannanna. Það var erfitt að lenda með þá úti á sléttunni án nokkurra lendingartækja, en það var ekki um annað að ræða, svo að við flugum nálægt því tíu mílur út fyrir borgina og byrjuðum á verkinu.

Við urðum að láta hestana síga til jarðar í gjörðum, og að þessu vorum við það sem eftir var dagsins og langt fram á nótt. Riddaralið Zodangamanna gerði tvisvar sinnum árás á okkur, en gerðu lítið tjón, og er dimma tók, hurfu þeir aftur.

Um leið og síðasti hesturinn var kominn niður á jörðina, gaf Tars Tarkas skipun um að gera árás. Liðinu var skipt í þrennt, og við sóttum að borginni úr suðri, norðri og vestri.

Zodangamenn höfðu búizt við okkur og tóku hraustlega á móti. Aftur og aftur hrundu þeir árásum okkar, og er komið var fram á hádegi, fór mér ekki að lítast á blikuna.

Zodangamenn höfðu þarna heila miljón manna, er þeir höfðu safnað saman heimskautanna á milli, en við höfðum aðeins hundrað þúsund manna her til að tefla á móti þeim. Lið Heliummanna var enn ekki komið á vettvang, og við gátum heldur ekki fengið neinar fréttir af þeim.

Rétt eftir hádegi heyrðum við mikla stórskotahríð milli borgarinnar og Zodangamanna ,og vissum við þá, að Heliummenn mundu hafa sótt út úr borginni.

Tars Tarkas skipaði þá, að gerð skyldi árás að nýju, og nú hófst ógurleg orusta þarna á sléttunni. Zodangamenn voru á milli tveggja elda, og þótt þeir berðust eins og ljón, voru þeir samt sigraðir. Ógrynni liðs féll þarna, en margir voru teknir höndum. Síðan héldu sigurvegararnir inn í borgina og tóku fangana með sér.

Borgarbúar tóku okkur með kostum og kynjum og hentu til okkar dýrgripum úr gulli, silfri, platínu og gimsteinum. Fagnaðarlátunum ætlaði aldrei að linna.

Tharkarnir vöktu mikla eftirtekt. Aldrei áður hafði her grænna hermanna riðið inn í Heliumborg, en þar sem þeir komu sem vinir og bandamenn borgarbúa, skorti ekkert á, að þeim væri vel tekið.

Er við nálguðumst höllina, komu nokkrir liðsforingjar á móti okkur. Þeir báðu Tars Tarkas, alla höfðingjana og mig að stíga af baki og ganga á fund

Tardos Mors, sem langaði til að láta í ljós þakklæti sitt.

Á efstu þrepunum við aðaldyr hallarinnar, stóð Tardos Mors og fjölskylda hans. Hann gekk niður þrepin á móti okkur. Höfðinglegri menn hafði ég ekki séð. Fyrst heilsaði hann Tars Tarkas, og fyrstu orð hans tengdu þessar tvær þjóðir varanlegum vináttuböndum.

„Það er mikill heiður fyrir mig, að fá að hitta mesta núlifandi herforingja á Barsoom, en samt þykir mér mest um vert, að mega leggja hönd mína á öxl vinar og bandamanns."

„Jeddak í Helium," sagði Tars Tarkas. „Það varð hlutskipti manns úr öðrum heimi, að kenna grænu mönnunum á Barsoom, hvað vinátta er. Það er honum að þakka, að við erum hér í vinsamlegum erindagerðum."

Tardos Mors heilsaði höfðingjunum hverjum af öðrum og þakkaði þeim góða framgöngu.

Seinast gekk hann til mín og lagði báðar hendurnar á axlir mér.

„Vertu velkominn, sonur minn," sagði hann. „Ég get ekki þakkað þér starf þitt betur en að fela þér að gæta dýrmætasta gimsteinsins á Barsoom."

Við vorum nú kynntir fyrir Mors Kajak, jed í minni Helium, föður Dejah Thoris. Hann virtist vera ennþá hrærðari en faðir hans, er hann heilsaði mér. Hann ætlaði ekki að geta komið upp nokkru orði til að þakka mér, svo feginn var hann því, að dóttir hans var komin heil á húfi heim til hans.

XXVII. KAFLI

Hamingja og dauði

Hófust nú mikil veizluhöld, er stóðu í tíu daga, og var margt þar til skemmtunar. Að veizlunni lokinni, lögðu Tharkar aftur af stað heim til lands síns, hlaðnir dýrindis gjöfum. Tíu þúsund hermenn frá Helium undir forustu Mors Kajak fylgdu þeim alla leið til Thark til þess að sýna þeim, hversu mikils þeir mátu vináttu Tharka.

Sóla fór heim með föður sínum, og lét Tars Tarkas það uppskátt, að hún væri dóttir hans.

Þremur vikum seinna sneri Mors Kajak og liðsforingjar hans heim loftleiðis. Tars Tarkas og Sóla komu líka á orustuflugvél, er hafði verið send eftir þeim. Þau komu í tæka tíð til að vera viðstödd giftingarathöfnina, er við Dejah Thoris vorum gefin saman.

Í níu ár starfaði ég í herráðinu og barðist í her Heliummanna. Ég var nú prins að nafnbót. Fólk virtist aldrei þreytast á að sýna mér hvers konar heiður, og varla leið sá dagur, að Dejah Thoris væri ekki sýndur einhver virðingarvottur.

Uppi á þakinu á höllinni okkar lá mjallhvítt egg í lítilli klakstöð úr gulli. Í næstum því fimm ár höfðu tíu hermenn úr varðliði jeddaksins staðið þar á verði. Við Dejah Thoris fórum daglega upp á þakið og stóðum um stund hjá litla helgiskríninu okkar.

Við töluðum um framtíðina og biðum þess með óþreyju, að skurnin brotnaði.

Mér stendur síðasta kvöldið, sem við stóðum þar, lifandi fyrir hugskotssjónum. Við stóðum þar lengi og töluðum um hin undarlegu örlög, er höfðu tengt okkur saman.

Í fjarlægð sáum við skært ljós á flugvél, en við veittum því enga sérstaka eftirtekt, því að það var ósköp venjuleg sjón. Flugvélin flaug með geysilegum hraða í áttina til borgarinnar. Nú vissum, við að eitthvað óvenjulegt var á seyði, því að flugmaðurinn gaf ljósmerki um, að hann yrði að lenda undir eins.

Tíu mínútum eftir að flugvélin lenti, var sent eftir mér frá höll jeddaksins, og er ég kom inn í þingstofuna, voru þar margir höfðingjar saman komnir.

Tardos Mors gekk fram og aftur um pallinn fyrir framan hásæti sitt. Hann virtist vera æstur í skapi. Er allir höfðu tekið sér sæti, sneri hann sér að okkur.

„Í morgun barst sú fregn flestum ríkisstjórnum á Barsoom, að vörður loftstöðvarinnar hefði ekki sent neitt loftskeyti í tvo daga, og að ekki hefði tekizt að ná sambandi við hann þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Sendiherrar hinna ríkjanna hafa beðið okkur að taka þetta mál að okkur og flytja aðstoðarmann loftstöðvarvarðarins til stöðvarinnar. Í allan dag hafa þúsund flugvélar leitað að aðstoðarmanninum, og nú fyrst kom ein þeirra aftur með hann

dauðan. Hann fannst myrtur í gryfju undir húsinu sínu. Þess gerist engin þörf að skýra fyrir ykkur, hvaða afleiðingar þetta hefir fyrir Barsoom. Það mundi taka mánuði að brjótast í gegnum múrana. Það er þegar byrjað á því verki, og það mundi vera lítil ástæða til að óttast nokkuð, ef dælurnar héldu áfram að ganga, eins og þær hafa gert um aldaraðir. En við erum hræddir um, að mikil ógæfa hafi komið fyrir. Loftmælarnir sýna mjög hraða lækkun á loftþrýstingnum alls staðar á Barsoom — vélin er hætt að ganga. Herrar mínir, við eigum eftir að lifa í þrjá daga í mesta lagi."

Algerð þögn ríkti í þingstofunni í nokkrar mínútur. Þá reis ungur aðalsmaður úr sæti sínu og ávarpaði Tardos Mors.

„Heliumbúar hafa ávallt verið hreyknir af því, að geta sýnt öðrum þjóðum hvernig þjóð rauðra manna ætti að lifa. Nú höfum við tækifæri til að sýna þeim, hvernig við búumst við dauðanum. Við skulum halda áfram að gegna skyldustörfum okkar, eins og ekkert hafi í skorizt."

Allir tóku vel í þetta, og við gengum brosandi út úr þingsalnum, þótt við bærum sorg í hjarta.

Þegar ég kom heim til hallar okkar Dejah Thoris, hafði orðrómurinn borizt þangað, svo að ég sagði henni frá öllu, sem ég hafði heyrt.

„Við höfum verið mjög hamingjusöm, John Carter," sagði hún, „og ég þakka hamingjunni fyrir það, að við fáum að ganga saman út í dauðann."

Næstu tvo dagana varð lítil breyting á andrúms-

loftinu, en að morgni þriðja dagsins fór fólki að verða erfitt um andardráttinn ef það var uppi á húsþökunum. Á götum og torgum Heliumborgar hafði safnazt saman mikill fjöldi fólks. Öll vinna var stöðvuð. Flestir virtust taka þessu með þolinmæði. Hér og þar sáust samt konur og karlar, sem gátu ekki dulið sorg sína.

Um miðjan daginn fóru hinir veikbyggðustu að missa máttinn, og klukkustundu síðar hneig fólk á Barsoom niður í þúsundatali og lá í yfirliði, sem alltaf er fyrirboði köfnunar.

Við Dejah Thoris og fjölskylda hennar sátum saman í hallargarði afa hennar. Við töluðum saman í lágum hljóðum, og skuggi dauðans lagðist helkaldur á hugi okkar. Jafnvel Woola virtist hafa hugboð um það, sem beið okkar, því að hann þrýsti sér upp að okkur og ýlfraði aumkunarlega.

Dejah Thoris hafði látið sækja gullskrínið ofan af hallarþakinu okkar og nú sat hún og horfði sorgbitin á það, því að nú voru framtíðarvonir hennar að engu orðnar.

Okkur fór að verða mjög erfitt um andardráttinn. Þá stóð Tardos Mors á fætur og sagði:

„Nú skulum við kveðjast. Hinu stórfenglega lífi á Barsoom er lokið. Á morgun mun sólin renna upp yfir dauðan heim og ekkert verður eftir, ekki einu sinni minningarnar. Þetta er endirinn."

Hann gekk fyrir hvern mann og kvaddi hann innilega.

Ég leit á Dejah Thoris. Höfuð hennar var hnigið

niður á bringu. Hún virtist vera meðvitundarlaus. Ég rak upp óp, flýtti mér til hennar og tók hana í fang mér.

Augu hennar opnuðust, og hún leit framan í mig.

„Kysstu mig, John Carter," hvíslaði hún. „Ég elska þig! Það er sárt að verða að skilja, einmitt þegar hamingjan brosir við okkur."

Um leið og ég kyssti hana, fannst mér fara um mig nýr máttur.

„Það skal aldrei verða," sagði ég. „Það hlýtur að vera einhver leið, og ég skal finna hana."

Og um leið og ég sagði þetta, flugu mér í hug níu löngu gleymdir tónar. Eins og elding í myrkri rann upp fyrir mér, hvað þetta þýddi — það var lykillinn að hinum rammbyggilegu hurðum loftstöðvarinnar.

Ég sneri mér strax að Tardos Mors og hrópaði:

„Flugvél, Jeddak! Fljótt! Láttu hraðfleygustu flugvélina koma hingað á hallarþakið. Ég get bjargað Barsoom."

Hann spurði einskis, og eftir andartak var einn vörðurinn kominn af stað til næstu flugstöðvar, og eftir stundarkorn var bezta eins manns flugvél, sem smíðuð hafði verið á Mars, komin upp á hallarþakið.

Ég kvaddi Dejah Thoris með kossi og skipaði Woola, sem ætlaði að elta mig, að verða eftir og gæta hennar. Síðan flýtti ég mér upp á þakið og eftir litla stund var ég kominn af stað.

Ég varð að fljúga mjög lágt, aðeins nokkur fet

frá jörðu, svo að ég gæti náð andanum. Ég flaug af ótrúlegum hraða, en ég var líka í kapphlaupi við dauðann.

Andlit Dejah Thoris stóð mér fyrir hugskotssjónum. Um leið og ég leit um öxl áður en ég fór út úr hallargarðinum, hafði ég séð hana riða og hníga síðan niður við hliðina á gullskríninu. Ég vissi að hún var nú sofnuð þeim svefni, er hún mundi aldrei framar vakna af, ef loftþrýstingurinn hækkaði ekki aftur. Ég henti öllu lauslegu útbyrðis, lagðist flatur ofan á flugvélinni og setti fullan gang á vélina. Hraðinn var ógurlegur.

Skömmu fyrir myrkur var ég kominn að loftstöðinni. Ég lenti rétt fyrir utan dyrnar.

Þarna var fjöldi manns saman safnaður. Þeir höfðu verið að byrja að brjóta múrvegginn, en þeir höfðu litlu fengið áorkað, og nú voru margir þeirra sofnaðir svefninum langa, og ekkert hefði getað vakið þá.

Ástandið virtist vera miklu verra þarna en í Helium, og ég gat varla náð andanum. Ég sneri mér að einum manninum, sem ennþá gat staðið á fótunum.

„Er nokkur maður hér, sem getur komið vélunum af stað, ef mér tekst að opna dyrnar?“ spurði ég.

„Ég get það,“ sagði hann, „ef þú gerir það fljótt. Ég á ekki langt eftir. En það er þýðingarlaust, verðirnir eru báðir dauðir, og engir aðrir á Barsoom þekkja hið hræðilega leyndarmál. Í þrjá daga hafa menn, örvita af hræðslu reynt árangurslaust að leysa þessa gátu.“

Ég hafði ekki tíma til að svara honum, því að það var að draga úr mér allan mátt, og ég átti erfitt með að hafa vald á hugsunum mínum.

Ég neytti síðustu orku minni til að beina hinum níu hugsanabylgjum að hurðinni fyrir framan mig. Svo hneig ég niður. Marsbúinn hafði skriðið til mín, og við biðum þegjandi.

Hurðin opnaðist hægt og hægt. Ég reyndi að rísa á fætur, en ég var of máttfarinn til þess.

„Farðu inn," sagði ég við Marsbúann, „og ef þú kemst inn í dæluklefann, þá verður þú að setja þær allar af stað. Það er undir því komið, hvort nokkuð líf verður á Barsoom á morgun!"

Ég lá þarna og opnaði aðra hurðina, og þegar ég sá Marsbúann skríða á fjórum fótum inn um síðustu dyrnar, hneig ég í ómegin.

XXVIII. KAFLI

Í hellinum í Arizona

Það var dimmt, þegar ég opnaði augun aftur. Undarleg, óþjál klæði huldu nekt mína – föt, sem molnuðu og duttu af mér, þegar ég settist upp.

Ég þreifaði á mér frá hvirfli til ilja, og ég var alklæddur, þótt ég hefði verið allsnakinn, er ég missti meðvitundina fyrir utan dyrnar á loftstöðinni. Gegnum dálítið op, sá ég skína í stjörnubjartan himininn.

Um leið og ég þreifaði á fötunum, rakst ég á vasa, og í honum voru eldspýtur, vafðar innan í vatnsheldan dúk. Ég kveikti á einni eldspýtu og sá ég þá, að ég var staddur í stórum helli. Innst í hellinum sá ég einhvern, sem húkti hreyfingarlaus yfir litlum skemli. Ég stóð á fætur og gekk lengra inn í hellinn, til þess að rannsaka þetta nánar. Sá ég þá, að þetta var múmía af gamalli konu, lítilli vexti, með hrafnsvart, sítt hár. Hún hallaði sér áfram yfir lítið viðarkolaker, en á því stóð koparskál. Í skálinni var ofurlítið af grænleitu dufti.

Á bak við gömlu konuna héngu margar beinagrindur í leðuról, sem náði þvert yfir hellinn. Úr leðurólinni hékk önnur taug, og var hinn endi hennar í hendi gömlu konunnar. Þegar ég snerti taugina, sveifluðust beinagrindurnar til með skrjáfandi hljóði eins og í sölnuðum laufblöðum.

Þetta var hræðileg sjón, og ég varð þeirri stundu fegnastur, er ég komst út undir bert loft.

Það, sem ég sá, þegar ég kom út á klettasylluna fyrir framan hellismunnann, skelfdi mig mikið.

Nýr himinn og ný jörð. Tunglið skein skært á fjöllin í fjarska og kaktusgróna sléttuna fyrir neðan mig. Þetta var ekki á Mars. Ég gat tæplega trúað mínum eigin augum en eftir nokkra stund rann sannleikurinn upp fyrir mér. Ég var að horfa niður yfir sléttuna í Arizona, af sömu klettasyllunni, sem ég hafði staðið á fyrir tíu árum síðan og horft á Mars.

Harmþrunginn hélt ég af stað niður eftir götu-

slóðanum, sem lá niður frá hellinum. Yfir mér tindraði Mars í fjörutíu og átta miljóna mílna fjarlægð.

Komst Marsbúinn inn í dæluklefann? Streymdi hið lífgandi loft í tæka tíð út yfir hnöttinn, til að bjarga fólkinu? Var Dejah Thoris lifandi, eða lá líkami hennar kaldur og stirðnaður við hliðina á gullskríninu í hallargarði Tardos Mors, Jeddak í Helium?

Í tíu ár hefi ég beðið og vonazt eftir svari við spurningum mínum. Í tíu ár hefi ég beðið og vonað, að ég fengi að hverfa aftur til heimsins ,þar sem ástin mín býr. Heldur vildi ég liggja dauður við hlið hennar, en að lifa á Jörðinni í þessari órafjarlægð frá henni.

Gamla gullnáman mín var óhreyfð. Hún gerði mig vellríkan. En hvað hefi ég með auðæfi að gera?

Þegar ég sit hér í kvöld í litlu skrifstofunni minni, sem snýr út að Hudsonfljótinu, eru liðin rétt tuttugu ár, síðan ég fyrst opnaði augun á Mars.

Ég sé stjörnuna mína tindra á himninum, er ég lít út um gluggann við skrifborðið mitt, og í kvöld er eins og hún kalli á mig aftur, og mér finnst ég sjái handan við þenna hyldýpisgeim, svarthærða konu, sem stendur í hallargarði og bendir út í geiminn í áttina til Jarðarinnar. Við hlið hennar stendur lítill drengur, en við fætur þeirra liggur stór og ljót skepna, sem er trygglynd og góð.

Ég held, að þau bíði mín þarna, og einhvern veginn hefi ég hugboð um, að ég muni brátt fá að vita það.